





Class PT7312

Book .J6











EDDA

382

SNORRA STURLUSONAR.

---

ÞORLEIFR JÓNSSON

GAF ÚT.



KAUPMANNAHÖFN.

GYLDENDALS BÓKVERZLUN (FR. HEGEL).

1875.

T. J.

PT 7312  
J6

D2028  
'01

V A N N  
D E N N

HANS HÁTIGN

**KRISTJÁNI HINUM NÍUNDA**

DANAKONUNGI

er bók þessi tileinkuð

með lotningarfyllstri þakklátssemi

allraundirgefnað

**Þorleifr Jónsson.**





## FORMÁLI ÚTGEFANDA.

---

SÍÐAN Sveinbjörn Egilsson leið, hefir enginn maðr orðið til þess, að gefa SNORRA-EDDU út, er væri handhæg og ódýr og við alþýðu hæfi. Hin ágæta text-útgáfa hans (Rvík, 1848) er útseld, og hefir verið næstum ófáanleg nú um mörg ár.

Skáldskaprinn eða vísurnar í Skáldskaparmálum eru sjálf-sagt eitthvað hið flóknasta og erviðasta, sem til er að fornu. Svo er um frumrit Snorra-Eddu sem flest eðr öll önnur fornrit vor, að það er glatað. Öll handrit hennar, svo gömul sem þau kunna að vera, bera þess ljósan vott. Ritendr þeirra hafa skilið lítið eða ekki í vísunum. Hér í Höfn eru til tvö aðalskinnhandrit Eddu, auk nokkurra brota, og ber þeim mjög saman. Enn oft er svo á hinum flóknu stöðum, að eitt handritið bætir hitt upp, þótt það sé eigi ávalt.

Þessar eru útgáfur Snorra-Eddu: fyrst gaf hana út Pétur Jóh. Resen (o: Laufás-Edda); Kh. 1665. 4. bl. br. Öðru sinni var hún gefin út af Jóh. Göranson; Uppsölum 1746. 4 bl. br. Þriðja skifti af Rasmus Kr. Rask; Stokkhólmi 1818. 8 bl. br. Fjórða skifti af Sveinbirni Egilssyni; Rvík 1848 og 1849 (rit-gjörðirnar). 8. bl. br. Og í fimta sinn gaf Árna-Magnússonar-nefndin hana út; Khöfn 1848 og 1852. 8. bl. br.

Hinar tvær fyrstu útgáfur (eftir Resen og Göranson) eru eigi mikils virði, að öðru enn því, hve gamlar þær eru. Hinn mesti málsnillingr Dana og sá maðr, er svo mikið hefir stuðlað að endrreisn íslenzkrar tungu, Rasmus Kristján Rask, hefir gefið Eddu út svo vel í alla staði, sem unnt var á þeim tíma, einsog hans var von og vísa. Útgáfa Sveinbjarnar Egilssonar er ágæt og að textanum til einsog útgáfa Árna-Magnússonar-nefndarinnar, enda hefir Sveinbjörn sál. þýtt allan texta Árna-

Magnússonar-nefndar-útgáfunnar á latínu og skýrt vísurnar sér á parti; enn að eins tvö bindi eru komin út. Hið þriðja (síðasta) bindi vantar enn. Auk þessa er Edda þýdd á mörg aðalmálanna.

Þessi eru handrit til af Snorra-Eddu á skinni, að því er mér eru kunn, og nokkuð kveðr að:

1. Konungsbók Snorra-Eddu (codex regius: »gamle kgl. samling, nr. 2367, í stóru 8. blaða broti, kallað 4. bl. br. í bókaskrá bókhöðunnar), á hinu stóra konunglegu bókasafni hér í Höfn. Það handrit er talið frá mótum 13. og 14. aldar, eða ritað nær hálfri öld eftir dauða Snorra Sturlusonar. Á því er hin eiginlega Snorra-Edda, enn svo er alment kallað það, er eg hefi gefið út að þessu sinni. Konungsbók er heil að öðru enn því, að framan við hana vantar tvö blöð. Hún byrjar á orðunum: »er vér köllum Skjöld« o. s. frv. (10<sub>12</sub>). Í alt er bókin 55 blöð = 110 bls. Þar af er Edda tæplega 105 bls. að frátöldu því, sem vantar. Þar sem Edda endar, (105<sub>28</sub> í handritinu) hefst Jómsvíkinga-drápa Bjarna byskups (105<sub>29</sub> í hdr.) prentuð í Fornmannasögum 11. bindi 163—174. bls., enn eigi allkostar rétt lesin, og nær hún aftr á 108. bls. neðst. Efst hinumegin (109. bls.) byrjar Máls-háttakvæði, ágætlega vel gefið út af Dr. Theódór Möbius, prófessori við háskólann í Kiel: »Málsháttakvæði, herausgeg. von Th. Möbius. Halle 1873« í st. 8. bl. br. og nær það aftr á síðustu blaðsíðu ofarlega (110<sub>3</sub> í hdr.); enn enda kvæðisins vantar. Öll er Konungsbók með sömu skýrri hönd, enn nokkuð smátt skrifuð. Hún er fyrisagnalaus, enn stórir upphafsstafir við kapítulabyrjanir. Bókin er komin þannig hingað til Kaupmannahafnar, að Brynjólfur biskup Sveinsson sendi hana árið 1640 Danakonungi að gjöf.

2. Ormsbók (codex wormianus, á háskólabókasafninu hér í safni Árna Magnússonar, nr. 242, 2. bl. br.). Bók þessi er talin rituð nær miðri 14. öld. Í hana vantar á sumum stöðum, og hafa þar verið sett inn eyðublöð úr pappír og síðan ritað á, eftir öðrum bókum. Hún er á sumum stöðum orðfleiri enn Konungsbók, enda þótt það sé eigi ávallt til batnaðar. Bókin er rangt bundin inn, eins og þegar mun sýnt. Skinnblöðin í bók þessari eru alls 63 = 126 bls. Hún er hin eina af skinnbókunum og skinnbókabrotunum, er hefir upphaf formálans (3—10<sub>12</sub>). Neðarlega á 73. bls. hleypr Ormsbók yfir

41—49. kap. Skm. (117<sub>7</sub>—132<sub>12</sub>), án þess að hafa nokkra eyðu, og eru þar sett inn 5 pappírsblöð. Enn neðst á 82. bls. endar 62. kap. (156<sub>17</sub>) og byrja þá Málfræðisritgjörðirnar (SnE. Sveinb. Egilssonar útgáfa bls. 159—212; SnE. ÁM. útg. II. 2—248) og ná þær yfir 18½ blað. Þar næst koma 9 blöð skrifuð á pappír og byrja með 63. kap. (156<sub>18</sub>) og ná til Háttatals 7. kap. Þar byrjar skinnið með orðunum: »hams hans; þar heldr til ormsins náttúra« o. s. frv. (198<sub>17</sub>); eru það 6 blöð í samfellu og enda með vísuorðinu: »drekkur gramr glaða« (231<sub>3</sub>). Er þá bætt við einu skrifuðu pappírsblaði með enda Háttatals á. Þarnæst koma eyðublöð af pappír, og þar á milli er eitt skinnblað úr Sæmundar-Eddu með Rígsþulu á, eða því, sem til er af henni. Þá koma enn 2 skinnblöð. Eru þau auðsjánlega úr enda Skáldskaparmála, (prentuð í SnE. Svb. Egilssonar útg. bls. 213—217; SnE. ÁM. útg. II. 495—500.). Fyrri blaðið (brotið) byrjar með orðunum: »Bragnar hétu þeir menn, er fylgðu Braga konungi hinum gamla« o. s. frv. (sbr. 177<sub>8</sub>), og enda þar ókend heiti og byrja fornöfn, enn þá fer að lengjast og koma vísur, einsog annarsstaðar í Skáldskaparmálum, enn nú vantar að líkindum eitt blað í milli, því að kvenkenningar vanta (77. kap.). Síðara brotið, sem nær yfir eina blaðsíðu byrjar með orðunum: »svarðar ok heyrnar, augna ok munns« o. s. frv. (179<sub>24</sub>); er það sama efnis og 78. kap., enn er lengra og hefir vísur og þrýtr í miðju vísuorði. Síðari blaðsíða þessa brots er máð út og skrifað eða réttara krotað á eitthvað úr kvæði um Maríu mey; á síðustu blaðsíðu Málfræðisritgjörðanna er og brot úr sama kvæði með sama krotinu. Hvort þessir 2 blöð hafi heyrt Snorra-Eddu upprunalega til, mun eg eigi að svo stöddu ákveða, jafnvel þó mér þyki mjög líklegt, að 75.—83. kap. Skáldskaparmála hafi verið jafnlangorðr og haft vísur, eins og hinn hlutinn. Svo mikið er víst, að þau heyra Skáldskaparmálum í Ormsbók til, og eru hér bundin inn á rangan stað. Ormsbók er eins og Konungsbók fyrir-sagnalaus, enn hefir og stóra upphafsstafi. Ormsbók er öll með sömu hendi, skýru og stóru settletri. Arngrímur lærði Jónsson sendi hana Óla Worm (d. 1654), prófessóri, og er hún kend við hann. Enn síðan fékk Árni Magnússon hana árið 1706 hjá sonarsyni Óla Worms, Kristjáni Worm, síðar Sjálandsbyskupi (d. 1737).

3. Uppsalaabók (codex uppsalensis) á bókasafni háskólans í Uppsölum (prentuð í SnE. ÁM. útg. II. 250—396). Jón Rúgmann frá Rúgsstöðum í Skagafirði fékk skinnbók þessa heima á Íslandi og komst hún síðan í eigu greifa Magnúsar Gabriels de la Gardie, enn hann gaf hana aftr háskólanum í Uppsölum 1669. Hún er 56 blöð = 112 bls., og er í breiðu og stuttu 8. bl. broti eða minsta 4 bl. br. Uppsalaabók er talin rituð nær 1300. Hún er töluvert frábrugðin Konungsbók og Ormsbók, einkum að því, hve skamt hún fer yfir. Fyrsta blaðið er autt, enn þá er stuttur formáli og þar eftir Gylfaginning og Bragaræður, þar til á 42. bls., þarsem sagt er frá ferð Þórs til Geirröðargarða, og er þar vitnað til Þórsdrápu Eilífs. Enn þá koma 4 blöð og er þar á: 1. Skáldatal, (pr. í 3. bindi SnE. ÁM. útg. og Bókaskrá (Catalogus) Dr. Theódórs Möbiusar, Leipzig 1855. 8 bl. br.). 2. Ættartala Sturlunga, (pr. í Ísl. Fornbréfasafn, I. 504—506), og 3. Lögsögumannatal fra Úlfjóti til Snorra Sturlasonar (pr. í Ísl. Fornbréfasafni, I. 500—501). Þar á eftir er auð 1½ bls; enn efst á 51. bls. byrja Skáldskaparmál og halda þau og síðan Háttatal áfram til enda bókarinnar; enn víða eru eyður fyrir vísum í Háttatali. Þó að Uppsalaabók fari svona skamt yfir og sé því eigi nema stytting úr frumritinu, þá er hún þó öngu að síðr merkileg; hún hefir oft rétta lestrarmáta; hún hefir og fyrirsagnir og eftir henni eru þær lagaðar í útg. Hún er og hina eina skinnbók Snorra-Eddu, sem tekr skýrt fram að Snorri Sturluson hafi samsett Eddu; enn hún er eigi ein þar til frásagnar; annálarnir geta þess og.

4. Enn eru til fjögur skinnbókabrot í safni Árna Magnússonar: I. Skinnbrotið 1eβ, kallað í 2. bl. br., enn er í raun rétttri í sama broti og Konungsbók og hin þrjú brotin. Það er prentað í SnE. ÁM. útg. II. 573—626. Það er alls 13 blöð. — II. Skinnbrotið 748, í 4. (8.) bl. br. Það er alls 28 blöð; þaraf eru hin 6 fyrstu úr Sæmundar-Eddu. Þá koma rúm 21 blað úr Snorra-Eddu og eru þau prentuð í SnE. ÁM. útg. II. 500—530. Á mestöllu aftasta blaðinn er Íslendingadrápa Hauks Valdísarsonar, gefin út í fyrra af Dr. Theódór Möbius: »Íslendingadrápa, herausgeg. von Th. Möbius, Kiel 1874.« st. 4. bl. br. — III. Skinnbrotið 757, pr. í SnE. ÁM. II. 531—600. Það er alls 14 blöð. Brot þetta er afarillt aflestrar og mjög þétt og smátt skrifað og víða skaddað. — IV. Skinn-



brotið 756. í 4. (3: 8) bl. br. Það er alls 18 blöð, enn hefir aldrei verið prentað sér í lagi. Það byrjar á orðunum: »ðu þeir þar afla og þar til gjörðu þeir« o. s. frv. (22<sup>21</sup>) og eru það 6 blöð saman og enda þau á orðunum: »þá tóku þeir festina er« . . . (38<sup>21</sup>). Þá eru 2 blöð samanhagandi, enn vantar þó inn á milli þeirra. Fyrra blaðið byrjar: »sögninni, enn satt var, er þeir sögðu« o. s. frv. (77<sup>19</sup>), og endar með orðunum: »Svo kvað Þorvaldr blönduskáld« . . . (82<sup>18</sup>). Síðara brotið byrjar: »Ingifreys at þingi« (104<sup>24</sup>), enn þá er eyða fyrir 4 línunum eftir orðin: »þú skalt véltr« . . . (104<sup>26</sup>). Byrjar eftir þessa eyðu: »at kenna at kalla einhvern annars nafni ok kenna . . . sín eðr eign eðr ætt. Hvernig skal kenna himinn«, o. s. frv. (105<sup>17</sup>), endar: »Færir hjörn þar er bára brest . . .« (108<sup>32</sup>), enn heldr áfram á næsta (3: síðasta) kveri (hefti), sem er 8 blöð; enn þar vantar einsog í Ormsbók án eyðu 41.—50. kap. í Skáldskaparmál (117<sup>7</sup>—132<sup>12</sup>). Brotið endar með orðunum: »mátt vinnr mildingr drótt« . . . Bókin hefir því upprunalega haft 8 blöð í hverju kveri. — Öll þessi brot munu vera á líkum aldri og Konungsbók og Uppsalaþók, og oft koma þau til hjálpar með rétta lestrarmáta.

Auk þessara skinnhandrita Snorra-Eddu eru til mörg pappírshandrit.

NÚ ER að geta þess, hvernig þessi útgáfa mín er orðin til. Eg hafði, meðan eg var í skólanum í Reykjavík, átt töluvert við fornfræði vora, og sér í lagi fengist við skýringar á vísun bæði í sögum og Eddu. Aðalhjálp mín var Skáldmáls-orðabók (Lexicon poeticum) Sveinbjarnar Egilssonar því að eigi hafði eg þá séð skýringar hans, enda var og eigi Orðabók þeirra Klesbýs og meistara Guðbrandar Vigfússonar komin út. Eg hafði og átt dálítið við skinnbækr í hjáverkum mínum hér í Höfn hina tvo fyrstu vetr, er eg var hér. Í fyrra haust, er eg var á leiðinni hingað að heiman, hafði eg Eddu með mér og skýringar mínar. Mér datt þá í hug að reyna að koma Snorra-Eddu út, og tókst kansellíráð Fr. Hegel, forstjóri Gyldendals bókverzlunar, á hendr að standa kostnaðinn. Eg hefi reynt, að gefa bók þessa svo vel út sem föng voru á. Enn það er mikill vandi að gefa Snorra-Eddu út, svo vel sé, þó að Sveinbjörn Egilsson hafi rutt svo drengilega veginn. Þar við bætist og það, að eg er ungr og óreyndr í fornfræðinni, og

hefi þaraðauki haft margar aðrar annir, og fyrir sakir þessa vona eg að góðir menn, er betr kunna, dæmi vægilega, enn þó rétt, um þessa fyrsta tilraun mína.

Þarsem eg hefi vikið frá handritunum hefi eg getið um það aftan við vísna-skýringar mínar. Enn vili menn nákvæmar rannsaka það mál, hvar og hvernig eg hefi breytt frá hinum fyrri útgáfum, verð eg að vísa þeim til hinnar stóru útgáfu Árna-Magnússonar-nefndarinnar.

Að endingu þakka eg Jóni Þorkelsyni, skólameistara i Reykjavík, Jóni Sigurðssyni, forseta bókmentafélagsins, og Konráði Gíslasyni, prófessóri í Kaupmannahöfn, fyrir góðar bendingar og ráð, og það yrði mér til sannrar gleði, ef þessum mönnum þótti þessi útgáfa nýtileg.

Garði í Kaupmannahöfn, h. 28. októbermán. 1875.

**Þorleifr Jónsson.**



## Æ F I

### SNORRA STURLUSONAR.

---

SNORRI STURLUSON er fœddr að Hvammi í Hvammssveit í Breiðafjarðardölum 1178. Foreldrar hans voru: Sturla Þórðarson, kallaðr Hvamm-Sturla, og Guðný Bøðvarsdóttir, Þórðarsonar. Alsystkyni Snorra voru: Þórðr og Sighvatr, Helga og Vigdís, enn auk þeirra átti hann mörg hálsystkyni. Þrjúvetr (1181) fór Snorri til fósturs austr í Odda á Rangárvöllum til Jóns Loftssonar, prests Sæmundssonar, prests hins fróða, Sigfússsonar; enn móðir Jóns var Þóra Magnúsdóttir berbeins, Noregskonungs (1093—1103). Þar dvaldist Snorri til þess að hann kvæntist. Þá er hann hafði verið tvö ár í Odda, dó Hvamm-Sturla faðir hans (1183), enn Guðný móðir þeirra Sturlusona hélt fram búi sínu í Hvammi.

Jón Loftsson var í þann tíma hinn auðugasti maðr og höfðingi mestr á Íslandi og hinn vinsælasti. Hann var og allra manna fróðastr, og var Oddi á dögum þeirra feðga (Sæmundar hins fróða, Lofts prests og Jóns) aðsetr menta og vísinda. Hjá Jóni nam því Snorri í æsku sinni margan fróðleik og lagði þannig grundvöllinn til hins mikla lærdóms síns og skarpskyggni. Þá er Snorri var níttján vetra, dó Jón fóstri hans (1197), enn Sæmundr, sonr Jóns, tók við búi eftir hann, og dvaldist Snorri með honum hin næstu misseri, þar til er þeir Þórðr, bróðir Snorra, og Sæmundr í Odda báðu til handa honum Herdísar, dóttur Bersa prests hins auðga að Borg á Mýrum, Vermundarsonar. Snorri var sjálfur félaus, enn vel að sér gjör, og átti sér hauk í horni, þar sem þeir Sæmundr voru. Hafði Guðný móðir hans eytt föðurarfi hans, og lagði hún því Hvammsland honum til kvonarmundar; var brúðkaup þeirra Snorra og Herdísar í Hvammi (sumarið 1198).

Næsta vetr og árið þar á eftir voru þau hjón í Odda að Sæmundar Jónssonar. Bersi prestur dó á hinum næstu misserum (1202), og tók þá Herdís arf allan eftir hann og var það of fjár. Tók Snorri nú við búi á Borg (vorið 1202). Þar bjó hann nokkura vetr. Enn síðan (1206) flutti hann að Reykholti; hafði hann fengið nokkuð Reykhólts með arfstilkalli, enn keypt sumt. lét hann gjöra þar hinn fegrsta og stórmannlegasta húsabæ og virki umhverfis. Hann gjörði laug rétt við bæinn, er Snorraug heitir og enn er við lýði; er bæði heitu vatni úr hverinum Skriflu og köldu vatni hleypt í laugina gegnum lokræsi niðri jörðunni, og má þannig hafa vatnið í lauginni svo heitt eða kalt, sem vill. Laugin er kringlótt og úr steini; eru bekkir umhverfis niðri henni; og geta setið þar í einu tuttugu manns að minsta kosti.

Svo er að sjá sem Herdís hafi búið eftir að Borg, því að eigi getr hennar í Reykholti með Snorra. Þá er Hallbera dóttir þeirra andaðist 1231, var hún á Borg. Sjálf dó Herdís tveim árum síðar enn Hallbera (1233). Börn þeirra Snorra, er úr barnæsku komust, voru: Hallbera (fædd 1200), er síðar átti Kolbeinn Arnórsson, og einn son: Jón murti (fæddr 1203); hann var því murti kallaðr að hann var mjög lítill vexti í uppvexti. Þessi átti Snorri börn við öðrum konum: Órækja hét son hans við Þórríði Hallsdóttur, Órækjasonar; Ingibjörgu átti hann við Guðrúnu Hreinsdóttur, Hermundarsonar, enn Þórdísi við Oddnýu. Nú er Snorri var kominn að Reykholti, tók hann að gjörast höfðingi mikill, því að eigi skorti hann fé, enda var hann og hinn mesti fjárgæslumaðr. Hann fékk og skjótt á sig orð mikið fyrir gáfur sínar og lærdóm og var von bráðara kjörinn lögmaðr (1215) og hafði fjögur ár í það sinn. Um sama leyti orti Snorri lofkvæði um Hákon jarl galinn, systurson Sverris Noregskonungs (1184—1202), og sendi jarlinn gjafir í móti: sverð og skjöld og brynju. Jarlinn bauð honum og til sín, enn dó skömmu síðar, og varð því eigi af utanferð Snorra í það sinn. Árið 1218 fór Snorri utan og tók Noreg; var hann með Skúla jarli um vetrinn, enn sumarið eftir fór hann austr á Gautland á fund Áskels lögmanns, er var síðari maðr Kristínar, ekkju Hákonar jarls galins. Henni flutti Snorri kvæði, er Andvaka hét og hann hafði ort að þen hins fyrra manns hennar, Hákonar jarls. Veitti frú Kristín honum margar

sæmilegar gjafir, og þar á meðal merki það, er átt hafði Eiríkr Knútson, Svíakonungur (1210—16). Um haustið (1219) kom Snorri aftr að austan, og var með Skúla jarli næsta vetr, og gjörðu þeir Hákon konungur hann skutilsvein sinn. Sama sumar og Snorri fór utan af Íslandi, var Ormr Jónsson, bróðir Sæmundar í Odda, veginn af Norðmönnum; gjörðu þeir það í hefndarskyni fyrir fjárnám það, er Sæmundr í Odda hafði gjört hjá þeim sumarið áður á Eyrum; kendi Sæmundr þeim um lát Páls sonar síns, efnilegs manns, er siglt hafði til Björgvínar, enn varð svo gott sem að flýja þaðan fyrir spotti og áreitni Björgvínarmanna; hann druknaði á leiðinni norðr til Þrándheims fyrir Stað. Af þessum sökum komst alt í uppnám milli Norðmanna og Íslendinga, og einkum Oddverja. Hafði ekki skip komið af Noregi sumar það, er Snorri dvaldi austr á Gautlandi. Réðu þeir með sér Skúli jarl og Hákon konungur að herja til Íslands næsta sumar. Enn þá kom Snorri að austan og taldi þá konung og jarl með tilstyrk hinna bestu manna í Noregi af þessu fyrirtæki. Hét Snorri því með fulltingi bræðra sinna, að koma settum á, og fá Íslendinga til að biðja Hákon konung um, að eigi yrði af herförinni. Skyldi Snorri senda Jón murta son sinn í gísling til jarls. Gjörðu þeir konungur og jarl Snorra lendan mann áður enn hann ferir til Íslands, og sömdu þeir Skúli jarl og Snorri svo um, að Snorri skyldi reyna að snúa Íslendingum til hlýðni við Noregskonung. Snorri varð heldr síðbúinn, og fékk útivist harða, enn tók þó Vestmannaeyar um haustið (1220). Settist hann nú aftr að í Reykholti. Sumarið eftir (1221) sendi hann Jón murta til Skúla jarls í gíslingu, enn eigi er að sjá, að hann hafi rekið erindi konungs að öðru leyti. Hann varð aftr lögmaðr (1222), og hafði þá í átta ár.

Haustið 1224 gifti hann Ingibjörgu, dóttur sína, Gissuri Þorvaldssyni. Þá var það og, að þau Snorri og Hallveig Ormsdóttir Jónssonar, bróðurdóttir Sæmundar í Odda og ekkja Bjarnar Þorvaldssonar, bróður Gissurar, gjörðu félag sitt. Hallveig var þá hin auðugasta kona á Íslandi. Gjörðu þau Snorri helmingafélag, enn hann tók til varðveitslu fé sona hennar, Klængs og Orms. Þá var það enn, að fullgjörðist um eign Snorra á Reykholti. Var þá samin skrá yfir kirkjuna í Reykholti, og er sú skrá enn við lýði og talin hið elsta skjal, er til er að fornu,

og mjög merkileg. Síðar um haustið hélt hann brúðkaup Þórdísar dóttur sinnar og Þorvaldar Vatnsfirðings í Stafholti; hafði Snorri þar annað bú. Nú stóð vegr Snorra með mestum blóma; hann var hinn auðgasti maðr á landinu, og var tengdr hinum mestu mönnum, og hafði hið mesta vald undir höndum. Sama sumar hafði Jón sonr hans komið út og var hann með föður sínum þau misseri.

Um þessar mundir dó Guðný, móðir Sturlusona. Hafði hún arfleitt Sturlu Þórðarson, sonarson sinn, enn svo samdist með þeim bræðrum, Þórði og Snorra, að Snorri fékk mest af því fé. Sighvatr bróðir þeirra hafði tekið undir sig goðorð föður þeirra Hvamm-Sturlu, enn fengið í hendr Sturlu syni sínum. Þótti þeim Snorra og Þórði sér óréttr gjör, að þeir voru gjörðir þannig úrskifta. Heimtuða þeir því goðorðið af þeim feðgum á alþingi, 1226. Út úr þessu varð hinn mesti fjandskapr milli þeirra bræðra, enn þó lauk svo, að þeir bræðr Snorri og Þórðr náðu goðorðinu, enn lengi greri ekki um heilt með þeim. Jón murti fór utan sumarið 1229, sökum þess að þeim feðgum kom eigi ásamt. Fór hann til Noregs og var þar veginn eftir tvö ár. Gissur Þorvaldsson var við, er Jón var drepinn, og var hann grunaðr um að hafa verið meðvitandi, enn er hann kom út, lagði hann út eið um, að hann væri þess að öngu valdr, og var það mest að völdum Þorvaldar föður Gissurar, því að hann vildi að þeir mágar, Snorri og Gissur, gætu verið sáttir. Eigi urðu samfarir þeirra Gissurar og Ingibjargar góðar, og þar kom um síðir, að þau skildu.

Hallberu dóttur Snorra hafði fyrst átta Árne óreiða Magnússon, enn svo lauk þeirra sambúð, að þau urðu að skilja sökum ósamlyndis. Í annað sinn (1227) gifti Snorri hana Kolbeini unga Arnórssyni á Víðimýri í Skagafirði. Sumarið 1230 kom Hallbera til alþingis með manni sínum, enn var þá vanheil mjög; fór hún heim með föður sínum, enn hann sendi hana síðar norðr, enn eigi vildi Kolbeinn við henni líta, og fór hún við það suðr aftr til móður sinnar að Borg og dó þar árið eftir, sem fyrr var sagt. Út úr þessu varð hinn mesta ósamþykkja milli Snorra og Kolbeins. Enn sama sumar (1231) sem Hallbera dó komust þó á sættir með þeim; var sú sætt þeirra, að Snorri skyldi eiga helming goðorða þeirra, er Kolbeinn átti að réttu; skyldi Kolbeinn með fara og veita Snorra á þingi;



gjalda skyldi og Kolbeinn fé, ef Snorri vildi heimta. Órækja Snorrason skyldi og fá Arnbjargar, systur Kolbeins. Að þessu höfðu þeir handsöl. Um haustið áttust þau Órækja og Arnbjörg og fór hún til bús með honum í Deildartungu, enn þar hafði hann gjört bú um vorið. Um vetrinn áður á föstu varð sá atburður, að Sturla Sighvatsson vó þá bræðr, Þórð og Snorra Þorvaldssonu Vatnsfirðings í gríðum, er þeir voru á leið kynnisferð suðr að Reykholti. Enn þó sættust þeir bræðr Snorri og Sighvatr á vígin á hinum næstu misserum (1232). Sumarið eftir vígið fór Snorri vestr að skipa fyrir með dóttur sinni og hinum unga dóttursyni sínum Einari. Næsta vor (1232) sendi hann Órækju son sinn vestr í Vatnsfjörð að taka við stað og mannaforræði því, er Einar Þorvaldsson átti. Eigi varð Órækja vinsæll þar vestra; þótti hann veita þingmönnum þeirra Sighvats og Sturlu frænda sinna þungar búsið. Gekk svo, þar til vorið 1236. Þá söfnuðu þeir feðgar Sighvatr og Sturla ljði fyrir norðan land og stefndu með það suðr. Sá Snorri þá sitt óvænna og hörfaði undan suðr að Bessastöðum, og því næst austr að Reykjum í Ölvesi til Gissurar Þorvaldssonar, tengdasonar síns, enn sigldi síðan til Noregs næsta ár (1237). Var hann í Niðarósi um vetrinn, með Pétri syni Skúla jarls, er þá var hertogi nefndr, enn næsta vetr var hann með Skúla hertoga sjálfum. Sumarið 1239 frétti hann fall þeirra Sighvats bróður síns og Sturlu sonar hans á Örlygsstöðum í Skagafirði. Tók hann þá orlof af Skúla hertoga til heimferðar, enn er hann var búinn til siglingar, kom fararbann Hákonar konungs; enn Snorri skeytti því eigi og fór öngu að síðr með góðu leyfi hertogans. Tók hann Vestmannaeyjar og fór heim að Breiðabólstað í Fljótshlíð, enn þar var Hallveig kona hans fyrir; þvínæst fóru þau til Reykholtis. Um haustið fór Snorri vestr um Dali. Sumarið 1241 (hinn 25. júlímán.) andaðist Hallveig Ormsdóttir; harmaði Snorri hana mjög. Enn eigi kom þeim sonum hennar saman við Snorra um móðurarf sinn. Þeir bræðr kváðust eiga alt fé þeirra Snorra að helmingi, enn Snorri vildi sjálf ráða, hvað þeir fengju; var gripum og bókum skift, enn jörðum eigi. Þeir bræðr fóru óánægðir braut á fund Gissurar, föðrbróður síns, og hét hann þeim, að veita þeim lið til þess, að þeir gætu náð rétti sínum af Snorra. Um sumarið reið Snorri vestr til Sauðafells, og kom þar til móts við hann Órækja son hans og Sturla Þórðarson. Snorri

sýndi þeim bréf eitt, er hann hafði fengið frá Oddi Sveinbjarnarsyni frá Álftanesi. Bréf þetta var ritað með rúnnum þeim, er Stafkarlalettr heitir, og þótt undarlegt sé, gat hvorki Snorri, Sturla né Órækja lesið bréfið, sökum þess að þeir þekktu eigi lettr þetta, enn þeim kom ásamt um, að í því væri vörun nokkur til Snorra. Snorri kvað Sunnlendinga sér ótrúa, enn sagðist þó ætla suðr fyrst og skipa til búa sinna, enn því næst koma vestr aftr og vera ýmist með Órækju, er þá bjó á Reykhólum, eða með Sturlu frænda sínum á Staðarhóli í Saurbæ. Því næst fóru þeir Órækja og Sturla til búa sinna vestr, enn Snorri reið suðr.

Nú er að segja frá Gissuri Þorvaldssyni. Hann þóttist nú hafa fengið tvenns konar yfirvarp til þess að drepa Snorra: fyrst það, að Hákon konungr hafði boðið honum að koma Snorra utan eða drepa hann ella, annað það, að Hallveigarsynir, frændr Gissurar voru ósáttir við Snorra um fjárskiftin. Þeir Kolbeinn Tumason, fornvinnur hans, fundust norðr á Kili, og tóku þar saman ráð sín. Enn er Gissur kom að norðan aftr, stefndi hann mönnum að sér; komu þeir þar bræðr Hallveigarsynir, Hjalti Magnússon byskups og Árni óreiða. Sýndi Gissur þeim bréf Hákonar konungs, og kvaðst með öngu móti vilja brjóta konungs bréf; kvaðst hann vilja fara að Snorra og taka höndum, og lét í veðri vaka, að hann mundi nauðga honum til utanfarar af ótta fyrir því, að hinir vildi eigi vera í ráðum með sér, ef hann gjörði þeim ljósa fyrirætlun sína, að drepa Snorra. Ormr Bjarnarson vildi eigi vera við þessi ráð, og reið heim á Breiðabólstað, enn Gissur dró þá lið saman og sendi þá bræðr, Árna beisk og Svart, vestr til Borgarfjarðar á njósn; sjálfr reið hann með sjötygi manna frá liðinu, enn Loft Pálsson byskups lét hann vera fyrir því liði, er síðar fór. Klængr reið á Kjalarnes, og svo upp í hérað eftir liði. Gissur kom í Reykholt um nóttina eftir Mázíus-messu (nóttina milli 22. og 23. sept. 1241). Snorri svaf í skemmu; brutu þeir Gissur hana upp, enn Snorri hljóp upp, er hann varð var við ófriðinn, og úr skemmuni og inn í hin litlu hús, er voru við skemmuna; fann hann þar Arnbjörn prest, og talaði við hann; réðu þeir það af, að Snorri gekk í kjallarann, er var undir húsunum. Þeir Gissur fóru að leita hans um húsin og fann Gissur Arnbjörn prest og spurði, hvar Snorri væri. Prestur



lézt eigi vita það. Gissur kvað þá Snorra eigi sættast megu, nema þeir myndist. Prestur segir, að vera mætti að Snorri myndist, ef honum væri griðum heitið. Eftir það urðu þeir varir við, hvar Snorri var, og gengu þeir í kjallarann: Markús Marðarson, Símon knútr, Árni beiskr, Þorsteinn Guðnason og Þórarinn Ásgrímsson. Símon bað Árna höggva Snorra. »Eigi skal höggva«, segir Snorri. »Högg þú,« segir Símon. Eftir það veitti Árni Snorra banasár, og unnu þeir Þorsteinn báðir á honum.

Þannig kom Gissur Þorvaldsson sviksamlega og lævislega að tengðaföður sínum óvörum og óviðbúnum á náttarþeli og lét myrða hann; nánustu mægðir voru honum eigi helgar. Og þannig lét Hákon konungur drepa þann mann, er haldið hafði minningu forfedra hans á lofti í Heimskringlu og ort lofkvæði um sjálfan hann.

Enn orsökkin var, að Snorri var búinn að sýna og sanna, að hann eiga vildi vera á sama bandi og Gissur; hann vildi eigi verða landráðamaðr ættjarðar sinnar, enn féll fyrir lævisi og fúlmennsku Gissurar.

Enn þótt Snorri væri þannig af dögum ráðinn, er þó svo mikið af því, sem eftir hann liggr, frelsað frá myrkri miðaldanna, að það mun æ verða nóg til þess að halda minningu þess manns á lofti, er hefir frótt oss svo ágætlega um fornöldina, og ritað svo fagrt og unaðsamlegt mál, að allir undra og dásama það, enn engi má eftir líkja, eða við jafnast.

Eftir þeim rannsóknnum, er gjörðar hafa verið, eru aðalrit Snorra tvö; þau eru og nóg til að sýna, hve laginn hann hefir verið til að setja saman bækur. Þessi rit eru: Heimskringla og Edda.

Eigi er hægt að ákveða með vissu, hvenær þessi rit eru samsett, og líklega er það eigi gjört í einu, einkanlega Edda. Um Háttatal verður að eins ákveðið með nokkurn veginn vissu, að það er gjört árið 1223, eftir viðburðunum að dæma, sem þar er getið um.

## Æ F I

### ÁRNA MAGNÚSSONAR.

---

ÁRNI MAGNÚSSON er fæddr að Kvennabrekku í Breiðafjarðardölum, 23. nóvembermán. 1663. Foreldrar hans voru: Magnús sýslumaðr Jónsson prests, Ormssonar af Reykhólaætt, og Guðrún Ketilsdóttir, prófasts í Hvammi í Hvammsveit, Jörundarsonar. Bræðr Árna voru: Jón (f. 1664), er fyrst var prestur og síðan sýslumaðr (d. 7. okt. 1738) og Magnús prestur í Hvammi og prófastr í Dalasýslu (dó 1728).

Nýfæddr fór Árni í fóstr til afa síns og ömmu, Ketils prófasts og Guðrúnar Pálsdóttur prests, Erasmussonar, Villaðssonar. Ketill prófastr var fæddr 1623. Hann var heyrari í Skálholtsskóla, 1620—22, og sigldi þvínæst til háskólans í Kaupmannahöfn; varð síðan skólameistari í Skálholti. Árið 1638 var hann vígðr til Hvamms í Hvammsveit, og 1656 varð hann prófastr í Dalasýslu. Ketill prófastr er talinn með lærðustu mönnum á sinni tíð; hann dó 1670.

Árni ólst nú upp um hríð í Hvammi. Sexvetra hóf hann latínunám og eftir dauða Ketils prófasts afa síns hélt hann námi sínu fram heima í Hvammi með tilsögn móðurbróður síns, Páls prests Ketilssonar, þar til hann, 17 vetra að aldri (1680), fór í Skálholtsskóla. Bar þá skjótt á næmi hans og gáfum. Eftir þrjá vetr útskrifaðist Árni þaðan, tvítugr að aldri (1683). Fór hann samsumars til Kaupmannahafnar með föður sínum. Magnús sýslumaðr, faðir hans, sigldi ásamt öðrum íslenskum embættismönnum uppá nýja taxtann eftir boði Kristjáns konungs V. Árni var um haustið innskrifaðr við háskólann. Næsta vor fór faðir hans heim, enn kom sjúkr af skipsfjöl, og komst þó heim til Sauðafells, enn þar bjó hann þá, og dó skömmu síðar. Þetta sama vor (1684) komst Árni í kunningsskap við prófessór Tómas Barthólin, og gjörðist handritari hans. Árni ávann sér brátt hylli prófessórsins, og hélst hún æ til þess Barthólin dó, 1690. 1685 tók Árni próf í guðfræði, enn fór samsumars kynnisferð heim til

Íslands með leyfi húsbónda síns. Fór hann mest þess erindis, að ráðstafa föðurarfi sínum, og svo í erindum húsbónda síns; ætlaði hann jafnharðan utan aftr. Enn er hann var kominn að skipi í Rífi, fórst skipið fyrir augum honum í ofsaveðri. Hann var nú hjá Páli presti og prófasti móðurbróður sínum í Hvammi um vetrinn eftir (1685—86), og kendi börnum hans. Jafnframt safnaði hann og gömlum handritum, enn reit sumt upp. Sumarið eftir sigldi hann aftr til Danmerkr og tók þegar aftr til starfa sinna hjá Barthólín prófessóri. Um miðsumarsleyti 1689 fór hann til Noregs á fund landa síns Þormóðar Torfasonar, og kom eigi þaðan aftr fyrr enn undir jól 1690. Enn hálfum öðrum mánuði áður dó velgjörðamaður hans Tómas Barthólín, enn hafði þó áður enn hann lézt beðið Dr. Kaspar Barthólín, bróður sinn, fyrir Árna, og gjörðist Árni heimilismaður hjá honum þegar eftir heimkomu sína. Sumarið 1694 fór Árni til Þýskalands í erindagjörðum háskólans, og dvaldi þar í tvö ár. Sótti hann þá ýmsa háskóla, einkum Leipzigarháskóla á Saxlandi. Sama árið og hann fór til Þýskalands var hann (14. júlím. 1694) ákveðinn prófessor í heimspæki við Kaupmannahafnar háskóla (professor philosophiae designatus). Enn svo var sem jafnan, að margir gjörðust öfundarmenn hans, þótt það síðar dytti um sjálft sig. Eftir tvö ár kom hann heim frá Þýskalandi (haustið 1696). Var hann næsta vetr með leyndarráði Mattíasi Móth, er áður hafði þekkt hann. Móth var maður skarpr og unni mjög vísindum, og fyrir því tók hann Árna á heimili sitt. Það var einu sinni yfir borðum um vetrinn í febrúarm. (1697) að Móth spurði Árna, hvað hann ætlaði fyrir sér. Árni kvaðst ætla heim til Íslands næsta ár. Móth afeggjáði hann því, enn Árni kvað sér öngan annan veg feran. Kvöld eitt gjörði Móth boð eftir Árna upp á herbergi hans, og bauð honum að borða kvöldverð með sér. Árni lá ofaná sæng sinni og las í bók, er honum komu boðin; Árni kvaðst vera lasinn, og geta því eigi komið. Síðar um kvöldið sendir Móth bréf á diskum upp til Árna, enn Árni lá enn kyrr og las. Móth lét segja honum þessi orð: »Það getr verið, að þetta bragði betr enn brauð með sméri ofaná.« Árni brýtr upp bréfið, og les þar í, að Kristján konungur V. hafi gjört hann að konunglegum skjalaverði. Þá reis Árni á fætr, fór ofan og þakkaði Móth fyrir sig. Þótt nú Árni þannig

hefði fengið tvö embætti, varð hann þó að vinna launalaust í sjö ár. Má því nærri geta, að hann hafi á stundum haft af skornum skamti, þótt hann ætti Móth að og þótt Þormóðr Torfason reyndi allt sitt til, að koma honum til liðs með álitu sínu. Árni var því hvað eftir annað kominn á flugstíg með, að sækja um eitthvert embætti heima á ættjörðu sinni, andlegt eðr veraldlegt, þótt aldrei yrði því framgengt. Enn aldamóta-árið (1700—1701) fékk hann staðfestingu uppá hvorttveggja embættið, prófessórs og skjalavarðar, og fékk hann laun upp frá því, þótt lítil væri í fyrstu.

Árið 1702 bauð Friðrik konungr IV. honum að fara út til Íslands og semja nýja jarðabók fyrir land allt. Til hjálparmanns var honum skipaðr Páll lögmaðr Jónsson í Víðidalstungu. Auk þess skyldu þeir félagar taka manntal um land allt, ráða bót á verzlunarokun, og sjá um betra framferði í málum og réttargangi. Árni fór af stað frá Kaupmannahöfn 30. maímán. (1702) og kom til Íslands 24. júnímán. Komu þeir Árni og Páll til alþingis og lögðu fram skilríki sín. Næsta vetr, manntalsvetr (1702—3), var fólk talið á landinu, og voru þar þá rúmar fimmtíu þúsundir manna. Þeir félagar héldu nú fram störfum sínum, fóru þeir um land á sumrum, enn á vetrum sat Árni í Skálholti með Jóni byskupi Þorkelssyni Vídalín, er Árni fyrir með álitu sínu hafði hjálpað til byskupsdóms. Með byskupi fór Árni út í Vestmannaeyar, og dvaldist þar í fimm vikur til að semja skrá yfir jarðir þar. Brátt komust þeir Árni og Páll í illan þokka. Sköruðu kaupmenn og fleiri stórbokkar, er þeir fundu að við og komu í veg fyrir rangindi þeirra og yfirgang, öllum eldi að því. Út úr þessu lentu þeir í afarmiklu málaþrasi, er ofangt yrði hér upp að telja, enn þeir Árni létu hvergi bila, og héldu fram störfum sínum eftir sem áðr. 10. septembermán. 1705 fór Árni utan, enn kom aftr 8. júlímán. næsta ár. Aftr fór hann utan 9. septembermán. 1708 og kom aftr í júlímán. 1709. Enn alfarinn fór hann af Íslandi 21. aprílmán. 1712, og var það hinnsta sinni, að hann sá ættjörðu sína. Fengu þeir útivist harða og veðr mikil; auk þess réðu víkingar á þá í nánd við Hjaltland. Loks tóku þeir þó Noreg, og var Árni með Þormóði Torfasyni um vetrinn. Til Kaupmannahafnar kom hann 2. marzmán. 1713. Enn þótt þangað væri komið, batnaði eigi vinsemdin milli



stórbokkanna heima og Árna, og voru kaupmennirnir í broddi fylkingar. Kaupmenn voru Árna sárreiðir sökum þess, að hann reri öllum árum að því, að þeir gæti eigi komið fram keppikefli sínu, að koma á einokunarverzluninni á Íslandi. Árni sá með skarpleik sínum, hvílíkt tjón landinu var búin af einokuninni, og kom ár sinni svo fyrir borð, að henni varð eigi komið á, svo lengi sem hans naut við, þrátt fyrir fylgi margra málsmetandi manna í stjórninni, og það tókst fyrst þrem árum eftir dauða hans, að koma henni á, til óbætanlegs tjóns fyrir land og lýð.

Enn það sem gjört hefir Árna einna frægastan meðal þeirra, er unna norrœnni fornfræði, er safn hans af hinum fornu handritum. Sú venja hafði lengi gengist við, að íslensk handrit væri flutt til annara landa, sérilagi til Svíþjóðar. Svíar höfðu gjört menn til Íslands til að safna handritum og í þeim erindum safnaði Jón Jónsson (Rúgmann) frá Rútsstöðum í Húnavatnssýslu (um 1660) fjölda merkilegra handrita. Afleiðingin af þessu varð, að Kristján konungr V. bannaði slíkan útflutning 1685, enn setti konunglegan fornfræðing til að rannsaka og gefa út hin fornu rit. Árni Magnússon hóf snemma að safna; gafst honum gott færi til þess, er hann var orðinn skrifari Barthólíns og fór heim 1685; safnaði hann þar og reit upp um vetrinn handrit, eins og áður er sagt, og færði Barthólín. Að Tómasi Barthólín látnum komust þau í eigu Árna, og frá þeim tíma tók Árni að safna til handa sjálfum sér, og hélt því æ síðan fram með hinu mesta kappi og elju, sem honum var lagin. Og eigi gjörði hann endasleppt við dauða sinn, enn lét innlíma allt safn sitt í háskólabókasafnið og gaf þar til allar eigur sínar: voru síðan gjörð lög fyrir þessu og njóta tveir íslenskir stúdentar æ síðan, annar 600 króna og hinn 400 kr. styrks árlega mót því, að starfa við safn þetta.

Þá er Árni var utan um vetrinn 1709, kvæntist hann; kona hans hét Mette Fischer og var af norskum ættum. Hún var ekkja og tíu árum eldri enn Árni, enn auðug. Enn hér kom fram orðtækið: »Ungr maðr og aldrað fljóð eigi á saman í heimi«; samfarir þeirra urðu aldrei ástúðlegar. Ekkjan lifði Árna 8 mánuði. Þau áttu eigi börn.

Árið 1710 varð Árni assessor consistorii og bóka-vörðr háskólans 1721. Um þessi árin hélt hann og fyrirlestra á háskólanum.

Um haustið 1728 varð afarmikill húsabruni í Kaupmannahöfn og þarameðal brann hús Árna, og fórust þar allar prentaðar bækur hans, er voru úrvalsbækur og flestar mjög sjaldgæfar, og auk þess mörg af handritunum. Þetta óhapp fékk mjög á Árna og hann lét sér oft um munn fara þessi orð: »Eg hefi misst ánægju mína«. Hann hafði oft óskað sér, að hann lifði eigi Friðrik konung IV., er hann unni hugástum, og kom það fram. Árni hafði alla æfi verið heilsuhraustr. Enn haustið 1729 tók hann innvortis-kvilla nokkurn, er margir dóu af um sama leytið. Þó batnaði honum aftr, enn var þó hálfslasinn. Enn á Jólakvöldið varð hann hastarlega sjúkur aftr og þyrmdi meir og meir yfir hann, uns hann á Knútsdagsmorgun (daginn eftir Þrettánda), hinn 7. jan. 1730, kl. 5<sup>3</sup>/<sub>4</sub> f. m. leið burt frá þessum heimi, eins kyrrlega og rólega og hann hafði komið fram í lífinu, sárt saknaðr af öllum þeim, er til hans þekktu. Haustið eftir (12. okt. 1730) dó Friðrik konungur IV.

Árni var með hæðstu meðalmönnum að vexti og þekinn; hann var smáhentr og netthentr; andlitið var beint og vel við sig og fremr langt; svíprinn var höfðinglegr, og ljós yfirlitrinn. Hár hans, skegg og augnabrár voru dökk. Augun voru í meðallagi stór og blá, enn róleg. Á brám hans og enni var hægt að sjá, að þar bjó vit og djúpsær skarpskyggni inni fyrir. Nefið var næstum beint og vel við sig, munnrinn í meðallagi. Í tali var hann kyrrlátr, enn svo að þeir, sem hann átti tal við, urðu að taka eftir því, sem hann sagði. Hann var oft skemtinn og fyndinn, ef því var að skifta, enda unnu honum allir, er hann hafði umgengni við. Í klæðaburði var hann óskrautgjarn, og forðaðist allan hégóma. Hann var manna lærðastr og skrifaðist á við alla hinu lærðustu menn utan lands og innan, og með honum gekk í gröfina margt það, er menn nú vildi gefa mikið til að vita. Hann gaf eigi mikið út af bókum, enda var og eigi önnur eins bókaöld á hans tímum, sem nú. Enn allt sem eftir hann liggur ber ljósan vott um djúpsettan lærdóm og skarpskyggni.



## Ætt

### Snorra Sturlusonar og Árna Magnússonar.

---

1. Þorbjörn loki, Böðmóðarson úr Skut, Eysteinssonar, Grímkelssonar, Önundarsonar fylsennis, nam Djúpafjörð allan og Grónes til móts við Hallstein goða og Ketil gufu, um 900. Hans son:

2. Þorgils á Þorgilsstöðum, er Gull-Þórir vó um 930; h. s:

3. Kollr átti Þórríði Þórisdóttur, Hallaðarsonar jarls, Rögnvaldssonar Mærajarls; þeirra son:

4. Þorgils, átti Oddkötlu Jörundardóttur, Atlasonar hins rauða, Úlfssonar hins skjálga landnámsmanns; þ. s:

5. Jörundr, átti Hallveigu Oddadóttur, sonar Ýrar Geir-mundardóttur heljarskinns og Ketils gufu; þ. s:

6. Snorri, átti Ásnýju Víga-Sturludóttur, Þjóðrekssonar, Sléttu-Bjarnarsonar landnámsmanns; þ. s:

7. Gils, átti Þórdísi, dóttur Guðlaugs Þorfinnssonar, Guð-laugssonar hins auðga, Þormóðssonar goða landnámsmanns, og Þorkötlu Halldórsdóttur, Snorrasonar goða, Þorgrímssonar; þ. s:

8. Þórðr, átti Vigdísi, dóttur Svertings Grímssonar, og Þórdísar Guðmundsdóttur af Eyfirðinga-ætt; þ. s:

9. Sturla (Hvamm-Sturla) (f. 1114, dó 1183) átti að síðari konu Guðnýu Böðvarsdóttur, Þórðarsonar, Skúlasonar af ætt Egils Skalla-Grímssonar; þ. s:

10. SNORRI (f. 1178, d. 23. sept. 1241). Hans dóttir við Oddnýu:

11. Þórdís, átti Þorvald Vatnsfirðing (d. 1228), Snorra-son, Þórðarsonar, Þorvaldssonar, Kjartanssonar, Ásgeirsonar; þ. s:

12. Einar (f. 1227, d. nál. 1300); h. d:

13. Vilborg (d. 1343) átti Eirík riddara (d. 1342) Svein-bjarnarson, Sigmundarsonar í Súðavík, Gunnarssonar; þ. s:

14. Einar (d. 1383) átti Grundar-Helgu; þ. s:
15. Björn Jórsalafari, hirðstjóri (d. 1415) átti Sólveigu Þorsteinsdóttur lögmanns, Eyólfssonar, frá Urðum í Svarfaðardal; þ. d:
16. Kristín (Vatnsfjarðar-Kristín, d. 1458), átti Þorleif Árnason frá Auðbrekku; þ. s:
17. Björn ríki, hirðstjóri á Skarði (d. 1477) átti Ólöfu Loftsdóttur ríka, Guttormssonar (d. 1484); þ. s:
18. Þorleifr hirðstjóri (dó nál. 1485), átti Ingveldi Helgadóttur lögmanns, Guðínasonar; þ. d:
19. Jarðþrúður, átti Guðmund frá Hafsrhesti Andrésson frá Felli í Kollafirði, Guðmundarsonar ríka á Reykhólum; þ. s:
20. Þorleifr í Skóraskógi (druknaði í Rifi 1536); hann átti Ingibjörgu Jónsdóttur, Erlingssonar, Þorgeirssonar, Ólafssonar, Loftssonar ríka á Möðruvöllum; þ. s:
21. Jón, prestur og officialis í Gufudal (d. 1593), átti Sigríði Guðmundsdóttur; þ. s:
22. Ormr í Gufudal, átti Ragnhildi Oddsdóttur, Tómassonar á Borg, Oddssonar, Sigurðarsonar, Geirmundarsonar; þ. s:
23. Jón, (d. 1657) prestur á Kvennabrekku, átti Jórinni Gísladóttur, Jónssonar á Svarfhóli, Ólafssonar prests í Hjarðarholti, Guðmundarsonar, Andréssonar, Guðmundarsonar ríka á Reykhólum; þ. s:
24. Magnús, prestur og síðan sýslumaður (d. 1684), átti Guðrúnu Ketilsdóttur prófasts, Jörundarsonar, Hálfðánarsonar; þ. s:
25. ÁRNI, prófessór (f. 23. nóvbr. 1663; d. 7. janúar 1730).



# EDDA

SNORRA STURLUSONAR.

---



## FORMÁLI.

1. **ÁLMÁTTIGR** guð skapaði í upphafi himin ok jörð, ok alla þá hluti, er þeim fylgja, ok síðarst menn tvá, er ættir eru frá komnar, Adam ok Evu, ok fjölgaðist þeirra kynslóð ok dreifðist um heim allan. Enn er fram liðu stundir, ójafnaðist mannfólk; váru sumir góðir ok rétt-trúaðir, enn miklu fleiri snerust 5. þá eptir girndum heimsins, ok óræktu guðs boðorð; ok fyrir því drekti guð heiminum í sjóvargangi, ok öllum kykvendum heimsins, nema þeim er í örkinni váru með Nóa. Eptir Nóa-flóð lifðu VIII menn, þeir er heiminn bygðu, ok komu frá þeim ættir; ok varð enn sem fyrr, at þá er fjölmentist ok bygðist 10. veröldin, þá var þat allr fjöldi mannfólksins, er elskaði ágirni fjár ok metnaðar, enn afræktist guðs hlýðni; ok svá mikit gerðist at því, at þeir vildu eigi nefna guð. Enn hverr mundi þá frásegja sonum þeirra frá guðs stórmerkjum? Svá kom, at þeir týndu guðs nafni; ok víðast um veröldina fanst eigi sá 15. maðr, er deili kunni á skapara sínum. Enn eigi at síðr veitti guð þeim jarðligar giftir, fé ok sælu, er þeir skyldu við vera í heiminum; miðlaði hann ok spektina, svá at þeir skildu alla jarðliga hluti, ok allar greinir, þær er sjá mátti, loptsins ok jarðarinnar. Þat hugsuðu þeir ok undruðust, hví þat mundi 20. gegna, er jörðin ok dýrin ok fuglarnir höfðu saman eðli í sumum hlutum, ok þó ólík at hætti. Þat var eitt eðli, at jörðin var grafin í hám fjalltindum, ok spratt þar vatn upp, og þurfti þar eigi lengra at grafa til vatns, enn í djúpum dölum; svá er ok dýr ok fuglar, at jamnlangt er til blóðs í höfði ok fótum.

- Önnur náttúra er sú jarðar, at á hverju ári vex á jörðunni gras ok blóm, ok á sama ári fellr þat alt ok fölnar; svá ok dýr ok fuglar, at þeim vex hár ok fjaðrar, ok fellr af á hverju ári. Þat er hin þriðja náttúra jarðar, þá er hon er opnuð ok
5. grafin, þá grær gras á þeirri moldu, er efst er á jörðunni. Björg ok steina þýddu þeir móti tönnum ok beinum kvikenda. Af þessu skildu þeir svá, at jörðin væri kvik, ok hefði líf með nokkurum hætti, ok vissu þeir, at hon var furðuliga gömul at aldartali ok máttig í eðli. Hon fæddi öll kykvendi, ok hon
10. eignaðist allt, þat er dó; fyrir þá sök gáfu þeir henni nafn, ok töldu ætt sína til hennar. Þat sama spurðu þeir af gömlum frændum sínum, at síðan er talin váru mörg hundruð vetra, var gangr himintungla ójafn; áttu sum lengra gang enn sum. Af þvílíkum hlutum grunaði þá, at nokkurr mundi vera stjórnari
15. himintunglanna, sá er stilla mundi gang þeirra at vilja sínum sjálfs, ok mundi sá vera ríkr ok máttigr; ok þess væntu þeir, ef hann réð fyrir höfuðskepnunum, at hann mundi ok fyrri verit hafa enn himintunglin, ok þat sá þeir, ef hann ræðr gang himintungla, at hann mun ráða skini sólar ok döggr himins ok
20. ávexti jarðarinnar, er þar fylgir; ok slíkt sama vindum loptsins, ok þar með stormi sjóvarins. Þat vissu þeir eigi, hvar ríki hans var; enn því trúðu þeir, at hann réð öllum hlutum á jörðu ok í lopti, himins ok himintunglanna, sjóvar ok veðranna. Enn til þess at heldr mætti frá segja eðr í minni festa,
25. þá gáfu þeir nöfn með sjálfum sér, ok hefir þessi átrúnaðr á marga lund breyzt, svá sem þjóðirnar skiptust ok tungurnar greindust.

2. Í elli sinni skiptir Nói heiminum með sonum sínum; ætlaði hann Kam vestrhálfu, enn Jafet norðrhálfu, enn Sem suðr-
30. hálfu, með þeirri parteran, sem síðarr greinir í þriðjungaskipti heimsins. Í þann tíma sem synir þessara manna váru í veröldinni, þá öflgaðist þegar ágirni til fjár ok mannmetnaðar, af því at þá kendust þær margar listir, sem áðr höfðu ekki fundnar verit, ok hóf sik hverr eptir sinni íþrótt; ok svá langt færðu



þeir fram sinn metnað, að þeir Affríkaní, komnir af Kam, herjuðu í þann hluta veraldar, sem bygði afspringr Sems, frændr þeirra. Ok sem þeir höfðu þá yfirunnit, þótti þeim sér eigi nægjast heimrinn, ok smíðuðu einn stöpul með tígl ok grjót, þann er þeir ætluðu at vinna skyldi til himins, á þeim 5. velli, er kallast Sennár. Ok þá er þetta smíði var svá mikit vordit, at þat tók upp or veðrum, ok eigi höfðu þeir at minni fýsi til at halda fram smíðinni, ok sem guð sér, hversu þeirra ofsi geisar hátt, þá sér hann, at hann verðr með einhverju niðr at slá. Ok sá sami guð, sem alls er voldigr, ok alt 10. þeirra verk mátti á einu augabragði niðr slá, enn þá sjálfa láta verða at dupti, þá vildi hann þó heldr með því eyða þeirra fyrirætlan, at þeir mætti viðkennast sinn lítulleik, með því at engi þeirra skildi, hvat annarr talaði; ok því vissi engi þeirra, hvat hverr bauð öðrum, ok braut þat annarr niðr, sem annarr 15. vildi uppreisa, þar til er þeir stríddust á sjálfir, ok með því eyddist öll þeirra fyrirætlan í upptekinni stöpulsmíð. Ok sá, er fremstr var, hét Zóróastres; hann hló, fyrr enn hann grét, er hann kom í veröldina; enn forsmíðir voru II ok LXX, ok svá margar tungur hafa síðan dreifst um veröldina, eptir því sem 20. risarnir skiptust síðan til landa, ok þjóðirnar fjölguðust. Í þessum sama stað var gjör ein hin ágætasta borg ok dregit af nafni stöpulsins, ok köllut Babilon. Ok sem tungnaskiptit var orðit, þá fjölguðust svá nöfnin mannanna ok annara hluta, ok sjá sami Zóróastres hafði mörg nöfn; ok þó at hann undir- 25. stæði, at hans ofsi væri lægðr af sagðri smíð, þá færði hann sik þó fram til veraldligs metnaðar, ok lét taka sik til konungs yfir mörgum þjóðum Assiríorum. Af honum hófst skurðgöða villa; ok sem hann var blótaðr, var hann kallaðr Baal; þann köllum vér Bel; hann hafði ok mörg önnur nöfn. Enn sem 30. nöfnin fjölguðust, þá týndist með því sannleikrinn, ok af fyrstu villu þá blótaði hverr maðr eptirkomandi sinn formeistara, dýr eða fugla, loptin ok himintunglin ok ýmisliga dauðliga hluti, þar til er þessi villa gekk um allan heim; ok svá vandliga

týndu þeir sannleiknum, at engi vissi skapara sinn, utan þeir einir menn, sem töluðu ebreska tungu, þá sem gekk fyrir stöpulsmíðina; ok þó týndu þeir eigi líkamligum giptum, er þeim váru veittar; ok því skildu þeir alla hluti með jarðligri 5. skilningu, at þeim var eigi gefin andlig spektin. Svá skildu þeir, at allir hlutir væri smíðaðir af nokkuru efni.

3. Veröldin var greind í þrjár hálfur; frá suðri, vestr ok inn at Miðjarðarsjá, sá hlutr var kallaðr Affríka, enn hinn syðri hlutr þeirrar deildar er heitr ok brunninn af sólu. Annarr 10. hlutr frá vestri ok til norðs ok inn til hafsins, er sá kallaðr Evrópa eða Enea; hinn nyrðri hlutr er þar kaldr, svá at eigi vex gras ok eigi má byggja. Frá norðri ok um austrhálfur alt til suðs, þat er kallat Asía. Í þeim hluta veraldar er öll fegrð ok þryði ok eign jarðar-ávaxtar, gull ok gimsteinar; þar 15. er ok miðveröldin, ok svá sem þar er jörðin fegri ok betri kostun, enn í öðrum stöðum, svá var ok mannfólkið þar mest tignat af öllum giftum, spektinni ok atfinu, fegrðinni ok allri kunnustu.

4. Nær miðri veröldinni var gjört þat hús ok herbergi, 20. er ágætast hefir gjört verit, er köllut var Trója, þar sem vér köllum Tyrkland. Þessi staðr var miklu meiri gjörr en aðrir, ok með meira hagleik á marga lund með kostnaði ok föngum, er þar váru. Þar váru XII konungdómar ok einn yfirkonungr, ok lágu mörg þjóðlönd til hvers konungdóms; þar váru í borg- 25. inni XII höfuðtungur. Þessir höfðingjar hafa verit um fram alla menn, þá er verit hafa í veröldu, um alla manndómlega hluti; leikr þat sízt á tvínæli, hverr fræðimaðr sem frá þeim hefir sagt, ok af því, at allir formenn norðrhálfunnar telja þangat sínar ættir, ok setja þá í guðatölu alla, sem formenn 30. váru staðarins, einkanliga svá sem sjálfan Príamum setja þeir fyrir Vóðin; má þat eigi undarligt kalla, því at Príamus var kominn af Satúrnó, þeim sem norðrhálfan trúði langan tíma sjálfan guð verit hafa.

5. Þessi Satúrnus vóx upp í ey þeirri í Grikklandshafi, er



Krít heitir; hann var meiri og sterkari ok fríðari enn aðrir menn. Svá bar vitrleikr hans af öllum mönnum, sem aðrar náttúrugjafir; hann fann ok margar listir þær, sem áðr höfðu eigi fundnar verit; hann var ok svá mikill á þá íþrótt, er fítons-anda list heitir, at hann vissi fyrir óorðna hluti. Hann fann ok rauða þann í jörðu, er hann blés af gull; ok af þess háttar hlutum varð hann skjótt ríkr. Hann sagði ok fyrir árfærð ok marga aðra leynda hluti, ok af slíku ok mörgu öðru tóku þeir hann til höfðingja yfir eyrna. Ok sem hann hafði litla hríð henni stýrt, þá var þar skjótt nóg allra handa ár- gæzka; þar gekk ok engi penningr, nema gullpenningr, svá var þat gnógt; ok þó at hallæri væri í öðrum löndum, þá kom þar aldri óáran, mátti af því þangat sækja alla þá hluti, sem þeir þurftu at hafa. Ok af þessu ok mörgu öðru ósýnligu krapta- láni, er hann hafði, trúðu þeir hann guð vera: ok af þessu hófst önnur villa millum Krítarmanna ok Macedoníorum, svá sem hin fyrri meðal Assiríorum ok Kaldeis af Zóróastre. Ok er Satúrnus finnr, hversu mikinn styrk fólkit þykkist af honum hafa, þá kallast hann guð vera, ok segist stjórnari himins ok jarðar ok allra hluta.

6. Einn tíma fór hann skipi til Grikklands, því at þar var konungsdóttir, sú er hann hafði hug á. Hann fékk með því náð henni, at einn dag sem hon var úti meðr þjónustukonum sínum, þá brá hann á sik líki graðungs eins, ok lá fyrir henni í skóginum, ok svá fagr, at gulls-litr var á hverju hári; ok sem konungsdóttir sér hann, þá klappaði hon um granarnar; hann sprettr upp, ok brá af sér graðungslíki, ok tók hana í fang sér, og bar hana til skips, og flytr heim í Krít. At þessu finnr Júnó, kona hans; hann brá henni í kvígulíki ok sendi hana austr í Elfarkvíslir, ok lét hennar geyma þræl þann, er Argúlus hét; þar var hon XII mánaði, áðr hann skipaði apr. Marga hluti gjörði hann þessum líka eða undaligri. Hann átti þjá syni: hét einn Júpíter, annarr Neptúnus, þriði Plútus. Þeir váru allir atgerfismenn hinir mestu, ok var

- Júpíter langt fyrir þeim; hann var stríðsmaðr ok vann mörg konungaríki, hann var ok listugr, sem faðir hans, ok brá á sik ýmissa dýra líki, ok með því kom hann mörgu fram, því sem manndóminum er ómöguligt at gjöra; ok af slíku ok öðru
5. hræddust hann allar þjóðir; því er Júpíter settur fyrir Þór, svá sem allar óvættir hræddust hann.

7. Satúrnus lét upp gjöra í Krít II borgir ok LXX; ok sem hann þykkist fullkominn í ríki sínu, þá skiptir hann því með sonum sínum, sem hann setti sik fyrir guð, ok skipaði
10. hann Júpíter himinríki, enn Neptúnó jarðríki, enn Plútó helvíti, ok þótti honum sá hlutr ókjörligastr, ok því gaf hann honum hund sinn, þann er hann kallaði Serberum, til þess at geyma helvítis. Þenna Serberum segja Grikkir Erkúlum hafa dregit or helvíti ok á jarðríki. Ok þó at Satúrnus hefði skipt Júpíter
15. himinríki, þá girtist hann eigi at síðr at eignast jarðríki, ok herjar nú upp á ríki föður síns, ok svá segist, at hann léti taka hann ok gelda, ok fyrir slík stórvirki segir hann sik guð vera, ok þat segja Macedóní, at hann léti taka sköpin ok kasta út á sjóinn, og því trúðu þeir langa æfi, at þar af hefði
20. vorðit kona; þá kölluðu þeir Venerem, ok settu hana í guðatölu, ok því er Venus alla æfi síðan kölluð ástargyðja, at þeir trúðu, at hon mætti þýða allra hjörtu til ástar, karla ok kvenna. Sem Satúrnus var geldr af Júpíter, syni sínum, þá flýði hann austan or Krít, ok hingat í Ítalía; þar bygðu þá
25. þess háttar þjóðir, sem ekki erviðaðu, ok lifðu við akarn ok við grös, ok lágu í hellum eðr jarðholum. Ok sem Satúrnus kom þar, þá skipti hann nöfnum ok kallaði sik Njörð, sakir þess at hann hugði Júpíter, son hans, mundi þá síðr fréttu hann upp. Hann kendi þar fyrstr manna at plegja ok planta víngarða.
30. Þar var góð jörð ok hrá, ok gjörðist þar skjótt ár mikit; tóku þeir hann til höfðingja, ok svá eignaðist hann öll þess háttar ríki, ok lét gjöra þar margar borgir.

8. Júpíter, son hans, átti marga syni, þá sem ættir eru frá komnar: hans son var Dardanus, hans son Heríkon, hans

son Trós, hans son Ílus, hans son Lamedon. faðir Príami höfuð-  
konungs. Príamus átti marga syni; einn af þeim var Ektor,  
er ágætastr hefir verit allra manna í veröldu at afi ok vexti  
ok atgjörfi ok öllum manndómligum listum riddaraligrar slektar;  
ok þat finst skrifat, þá er Grikkir ok allr styrkr norðrhálfu 5.  
ok austrhálfu börðust við Trójumenn, þá hefði þeir aldri sigra-  
aðir vorðit, nema Grikkir hefði heitið á guðin, ok gengu svá  
fréttir, at ekki mannlígt eðli mátti þá sigra, nema þeir yrði  
sviknir af sjálfs síns mönnum, sem síðan gjörðist. Ok af þeirra  
frægd gáfu eptirkomandi menn sér þeirra virðingarnöfn, ok eink- 10.  
anlega svá sem Rómverjar, er ágætastir menn hafa verit at  
mörgum hlutum eptir þeirra daga; ok svá segist, at þá er  
Róma var algjör, at Rómverjar venduðu sínum síðum ok lög-  
máli, sem næst máttu þeir komast, eptir því sem Trójumenn  
höfðu haft, forfeðr þeirra. Ok svá mikill kraptr fylgði þessum 15.  
mönnum, at mörgum öldrum síðarr, at þá er Pompejus, einn höfð-  
ingi Rómverja, herjaði í austrhálfunni. flýði utan Óðinn or  
Asía, ok hingat í Norðrhálfuna, ok þá gaf hann sér ok sínum  
mönnum þeirra nöfn, ok kallaði Príamum hafa heitið Óðinn, enn  
drottning hans Frigg, ok af því tók ríkið síðan nafn, ok kall- 20.  
aðist Frigía, þar sem borgin stóð. Ok hvárt er Óðinn sagði  
þat til metnaðar við sik, eða þat hafi svá verit með skipti  
tungnanna, þá hafa þó margir fræðimenn haft þat fyrir sanninda  
sögn. ok þat var lengi æfi eptir, at hverr, sem mikill höfðingi  
var, tók sér þar dæmi eptir. 25.

9. Einn konúgr í Tróju hét Munon eða Mennon, hann  
átti dóttur höfuðkonungs Príamí, sú hét Tróan; þau áttu son,  
sá hét Trór; þann köllum vér Þór. Hann var at uppfæzlu í  
Trakía með þeim hertoga, er nefndr er Lóríkus. Enn er hann  
var x vetra, þá tók hann við vápnum föður síns. Svá var 30.  
hann fagr álitum, er hann kom með öðrum mönnum, sem þá  
er filsbein er grafit í eik; hár hans er fegra enn gull. Þá er  
hann var XII vetra, hafði hann fult afl; þá lypti hann af jörðu  
x bjarnstökum öllum senn, ok þá drap hann Lóríkus her-



- toga, fóstura sinn, ok konu hans, Lóra eða Glóra, ok eignaði sér ríkið Trakía; þat köllum vér Þrúðheim. Þá fór hann víða um lönd, ok kannaði heimshálfur, ok sigraði einn saman alla berserki ok alla risa, ok einn hinn mesta dreka ok mörg dýr.
5. Í norðrhálfu heims fann hann spákonu þá, er Síbil hét, er vér köllum Sif, ok fékk hennar. Engi kann segja ætt Sifjar; hon var allra kvenna fegrst, hár hennar var sem gull. Þeirra son var Loriði, er líkr var feðr sínum; hans son var Henredi, hans son Vingipórr, hans son Vingener, hans son Móða, hans son
10. Magi, hans son Kesfet, hans son Bedvig, hans son Atra, er vér köllum Annan, hans son Itrmann, hans son Heremóð, hans son Skjaldunn, er vér köllum Skjöld, hans son Bjaf, er vér köllum Bjar, hans son Jat, hans son Guðólfr, hans son Fjarlaf, er vér köllum Friðleif; hann átti þann son, er nefndr er Vóðinn, þann
15. köllum vér Óðin; hann var ágætr maðr at speki ok allri atgervi. Kona hans hét Frigida, er vér köllum Frigg.

10. Óðinn hafði spádóm, ok svá kona hans, ok af þeim vísindum fann hann þat, at nafn hans mundi uppi vera haft í norðrhálfu heimsins ok tignat um fram alla konunga. Fyrir
20. þá sök fýstist hann at byrja ferð sína af Tyrklandi, ok hafði með sér mikinn fjölda liðs, unga menn ok gamla, karla ok konur, ok höfðu með sér marga gersinliga hluti. Enn hvar sem þeir fóru yfir lönd, þá var ágæti mikit frá þeim sagt, svá at þeir þóttu líkari goðum enn mönnum. Ok þeir gefa eigi
25. stað ferðinni, fyrr enn þeir komu norðr í þat land, er nú er kallat Saxland; þar dvaldist Óðinn langar hríðir, og eignast víða þat land. Þar setr Óðinn til landsgæzlu III sonu sína. Er einn nefndr Veggdegg, var hann ríkr konúgr ok réð fyrir
30. Ritta, faðir Heingests, ok Sigarr, faðir Svebdegg, er vér köllum Svipdag. Annarr son Óðinns hét Beldegg, er vér köllum Baldr; hann átti þat land, er nú heitir Vestfal; hans son var Brandr, hans son Frjóðigar, er vér köllum Fróða. Hans son var Freóvit, hans son Ývigg, hans son Gevis, er vér köllum

Gavi. Hinn þriði son Óðins er nefndr Siggi, hans son Verir. Þeir langfeðgar réðu þar fyrir, er nú er kallað Frakkland, ok er þaðan sú ætt komin, er kölluð er Völsungar. Frá öllum þessum eru stórar ættir komnar ok margar.

11. Þá byrjaði Óðinn ferð sína norðr, ok kom í þat land, 5.  
er þeir kölluðu Reiðgotaland, ok eignaðist í því landi alt þat er hann vildi. Hann setti þar til landa son sinn, er Skjöldr hét, hans son hét Friðleifr; þaðan er sú ætt komin, er Skjöldungar heita, þat eru Danakonungar, ok þat heitir nú Jótland, er þá var kallað Reiðgotaland. 10.

12. Eptir þat fór hann norðr þar. sem nú heitir Svíþjóð; þar var sá konúgr, er Gylfi er nefndr. Enn er hann spyr til ferða þeirra Asíamanna, er Æsir voru kallaðir, fór hann móti þeim, ok bauð, at Óðinn skyldi slíkt vald hafa í hans ríki, sem hann vildi sjálfir. Ok sá tími fylgði ferð þeirra, at hvar 15.  
sem þeir dvöldust í löndum, þá var þar ár ok friðr góðr; ok trúðu allir, at þeir væri þess ráðandi. Þat sá ríkismenn, at þeir váru ólíkir öðrum mönnum. Þeim er þeir höfðu sét, at fegrð ok at viti. Þar þótti Óðni fagrir landskostir, ok kaus sér þar borgarstað, er nú heita Sigtúnir. Skipar hann þar höfð- 20.  
ingjum, ok í þá líking sem verit hafði í Trója; setti XII höfðmenn í staðinum at dæma landslög, ok svá skipaði hann réttum öllum, sem fyrr höfðu verit í Trója, ok Tyrkir váru vanir.

13. Eptir þat fór hann norðr, þar til er sjár tók við honum, sá er þeir hugðu at lægi um öll lönd, ok setti þar son 25.  
sinn til þess ríkis, er nú heitir Noregr; sá er Sæmíngr kallaðr, ok telja þar Noregskonungar sínar ættir til hans, ok svá jarlar ok aðrir ríkismenn, svá sem segir í Háleygjatali. Enn Óðinn hafði með sér þann son sinn, er Yngvi er nefndr. er konúgr var í Svíþjóð, ok eru frá honum komnar þær ættir, er Yng- 30.  
lingar eru kallaðir. Þeir Æsir tóku sér kvánföng þar innalands, enn sumir sonum sínum, ok urðu þessar ættir svá fjölmennar, at um Saxland ok allt þaðan um norðhálfur dreifðist svá, at þeirra tunga, Asíamanna, var eigintunga um öll þessi lönd.



Ok þat þykkjast menn skynja mega af því, at skrifuð eru langfeðganöfn þeirra, at þau nöfn hafa fylgt þessi tungu, ok þeir Æsir hafa haft tunguna norðr hingat í heim, í Noreg ok í Svíþjóð, í Danmörk ok í Saxland. Ok í Englandi eru forn  
 5. landsheiti eða staðaheiti, þau er skilja má at af annarri tungu eru gefin, enn þessi.

### GYLFAGINNING.

1. Gylfi konungr réð þar löndum, er nú heitir Svíþjóð. Frá honum er þat sagt, at hann gaf einni farandi konu at  
 10. launum skemtunar sinnar eitt plógsland í ríki sinu, þat er IV öxn drögi upp dag ok nótt. Ennsú kona var ein af Ása ætt; hon er nefnd Gefjun. Hon tók IV öxn norðan or Jötunheimum, enn þat voru synir jötuns ok hennar, ok setti þá fyrir plóg; enn plógrinn gekk svá hart ok djúpt, at upp leysti landit; ok drógu  
 15. öxnin þat land út á hafit, ok vestr, ok námu staðar í sundi nokkvoru. Þar setti Gefjun landit, ok gaf nafn, ok kallaði Sælund. Ok þar sem landit hafði upp gengit, varð eptir vatn; þat er nú Lögrinn kallaðr í Svíþjóð, ok liggja svá víkr í Leginum, sem nes í Sælundi. Svá segir Bragi skáld gamli:

20. Gefjun dró frá Gylfa  
 glöð djúpröðul öðla,  
 svá at af rennirauknum  
 rauk, Danmarkar auka;  
 báru öxn ok átta  
 25. ennitungl, þar er gengu  
 fyrir vineyjar víðri  
 vallrauf, fjögur höfuð.

2. Gylfi konungur var maðr vitr ok fjölkunnigr; hann undraðist þat mjök, er Ása fólk var svá kunnigt, at allir hlutir gengu at vilja þeirra. Þat hugsaði hann, hvárt þat mundi vera af eðli sjálfra þeirra, eða mundi því valda goðmögn þau, er þeir blótudu. Hann byrjaði ferð sína til Ásgarðs, ok fór með laun, 5. ok brá á sik gamals manns líki, ok duldist svá. Enn Æsir váru því vísari, at þeir höfðu spádóm, ok sá þeir ferð hans, fyrir enn hann kom, ok gerðu í móti honum sjónhverfingar. Enn er hann kom inn í borgina, þá sá hann þar háfa höll. svá at varla mátti hann sjá yfir hana; þak hennar var lagt gyltum 10. skjöldum, svá sem spánþak. Svá segir Þjóðólfr hinn hvinverski, at Valhöll var skjöldum þökt:

Á baki létu blikja,  
barðir voru grjóti,  
Svafnis salnæfrar  
seggir hyggjandi.

15.

Gylfi sá mann í hallardurunum, ok lék at handsöxum, ok hafði VII senn á lopti; sá spurði hann fyrir at nafni; hann nefndist Gangleri, ok kominn af refilstigum, ok beiddist at sækja til náttstaðar, ok spurði, hverr höllina ætti. Hann svarar, 20. at þat var konungur þeirra; enn fylgja má ek þér at sjá hann; skaltú þá sjálfr spyrja hann nafns; ok snerist sá maðr fyrir honum inn í höllina, enn hann gekk eptir, ok þegar laukst hurðin á hæla honum. Þar sá hann mörg gólf ok mart fólk, sumt með leikum, sumir drukku, sumir með vápnum ok börð- 25. ust. Þá litaðist hann um, ok þótti margir hlutir ótrúligir, þeir er hann sá; þá mælti hann:

Gáttir allar,  
áðr gangi fram,  
um skygnast skyli;  
því at óvíst er at vita,  
hvar óvinir sitja  
á fleti fyrir.

30.

Hann sá III háseti, ok hvert upp frá öðru, ok sátu III

menn sinn í hverju. Þá spurði hann, hvert nafn höfðingja þeirra væri. Sá svarar, er hann leiddi inn, at sá, er í hinu neðsta háseti sat, var konungr, ok heitir Hár, enn þar næst, er heitir Jafnhár, enn sá ofarst, er Þriði heitir. Þá spyr Hár

5. komandann, hvat fleira er eyrindi hans, enn heimill er matr ok drykkir honum, sem öllum, þar í Háva höll. Hann segir, at fyrst vill hann spyrja, ef nokkvorr er fróðr maðr inni. Hár segir, at hann komi eigi heill út, nema hann sé fróðari,
- ok stattu fram,
10. meðan þú fregn:
- sitja skal sá, er segir.

3. Gangleri hóf svá mál sitt: hverr er æztr eða elztr allra goða? Hár segir: sá heitir Allföðr at voru máli, enn í Ás-garði hinum forna átti hann XII nöfn: eitt er Allföðr, annat er
15. Herran eða Herjan, III. er Nikarr eða Hnikarr, IV. er Nikuz eða Hnikuðr. V. Fjöltnir, VI. Óski, VII. Ómi, VIII. Bifliði eða Biflindi, IX. Sviðarr, X. Sviðrir, XI. Viðrir, XII. Jálgr eða Jálkr. Þá spyr Gangleri: hvar er sá guð? eða hvat má hann? eða hvat hefir hann unnit framaverka? Hár segir: lifir hann of
20. allar aldir, ok stjórnar öllu ríki sínu, ok ræðr öllum hlutum, stórum ok smám. Þá mælti Jafnhár: hann smíðaði himin ok jörð ok loptin ok alla eign þeirra. Þá mælti Þriði: hitt er mest, er hann gjörði manninn, ok gaf honum önd þá, er lifa skal ok aldri týnast, þótt líkaminn fúni at moldu eða brenni
25. at ösku; ok skulu allir menn lifa, þeir er rétt eru siðaðir, ok vera með honum sjálfum, þar sem heitir Gimli eða Vingólf. Enn vondir menn fara til Heljar, ok þaðan í Niflhel; þat er niðr í hinn níunda heim. Þá mælti Gangleri: hvat hafðist hann áðr at, enn himinn ok jörð væri gjörr? Þá svarar Hár: þá var
30. hann með Hrímpussum.

4. Gangleri mælti: hvat var upphaf? eða hversu hófst? eða hvat var áðr? Hár svarar, svá sem segir í Völuspá:

Ár var alda

þat er ekki var;

var-a sandr né sær,  
 né svalar unnir:  
 jörð fanst eigi,  
 né upphiminn;  
 gap var Ginnunga,  
 enn gras ekki.

5.

Þá mælti Jafnhár: fyrir var þat mörgum öldum, enn jörð var sköput, er Niflheimr var gjörr: ok í honum miðjum liggja brúðr sá, er Hvergelmir heitir, ok þaðan af falla þær ár, er svá heita: Svöl, Gunnþró, Form, Fimbul, Þul, Slíðr ok Hríð, Sylgr 10. ok Ylgr, Víð, Leiptr; Gjöll er næst helgrindum. Þá mælti Þriði: fyrst var þó sá heimr í suðrhálfu, er Múspell heitir: hann er ljóss ok heitr, svát hann er logandi ok brennandi; er hann ok ófærr þeim, er þar eru útlendir, ok eigi eigu þar óðul. Sá er Surtr nefndr, er þar sitr á landsenda til landvarnar: 15. hann hefir loganda sverð, ok í enda veraldar mun hann fara ok herja, ok sigra öll goðin. ok brenna allan heim með eldi. Svá segir í Völuspá:

Surtr ferr sunnan  
 með sviga læfi,  
 skínn at sverði  
 sól valtíva;  
 grjótbjörg gnata,  
 enn gífr rata;  
 troða halir helveg,  
 enn himinn klofnar.

20.

25.

5. Gangleri mælti: hversu skipaðist, áðr enn ættirnar yrði eða aukadist mannfólkit? Þá mælti Hár: ár þær, sem kallaðar eru Elivágar, þá er þær váru svá langt komnar frá uppsprettunni, at eitrkvikja sú, er þar fylgði, harðnaði, svá sem sindr 30. þat, er renn or eldinum, þá varð þat íss: ok þá er sá íss gaf staðar ok rann eigi, þá héldi yfir þannig úr þat, er af stóð eitrinu, ok fraus at hrími, ok jók hrímit hvert yfir annat allt í Ginnunga-gap. Þá mælti Jafnhár: Ginnunga-gap, þat er vissi



til norðrs ættar, fylltist með þunga ok höfugleik íss og hríms, ok inn í frá úr ok gustr; enn hinn syðri hlutr Ginnunga-gaps léttist móti gneistum ok síum þeim, er flugu or Múspells-heimi. Þá mælti Þriði: svá sem kalt stóð af Niflheimi, ok allir hlutir  
 5. grimmir, svá var þat, er vissi námunda Múspelli, heitt og ljóst. Enn Ginnunga-gap var svá hløett, sem lopt vindlaust; ok þá er mœttist hrímin ok blær hitans, svá at bráðnaði ok draup, ok af þeim kvikudropum kviknaði með krapti þess, er til sendi hitann, ok varð manns líkandi, ok var sá nefndr Ýmir, enn Hrímspuss-  
 10. ar kalla hann Örgelmi, ok eru þaðan komnar ættir Hrímpussa; svá sem segir í Völuspá hinni skömmu:

Eru vödur allar  
 frá Viðólfi,  
 vitkar allir  
 15. frá Vilmeiði,  
 enn seiðberendr  
 frá Svarthöfða,  
 allir jötnar  
 frá Ými komnir.  
 20. Enn hér segir svá Vafþrúðnir jötunn:  
 Hvaðan Örgelmir kom  
 með jötna sonum  
 fyrst hinn fróði jötunn?

Þá er:

25. Or Elivágum  
 stukku eitrdropar,  
 ok óx, uns or varð jötunn.  
 Þar eru orar ættir  
 komnar allar saman;  
 því er þat æ alt til atalt.

30. Þá mælti Gangleri: hvernig óxu ættir saman þaðan? eða skapadist svá, að fleiri menn urðu? eða trúir þú þann guð, er nú sagðir þú frá? Þá svarar Hár: fyrri öngan mun játum vér hann guð; hann var illr ok allir hans ættmenn; þá köllum vér Hríms-



þussa; ok svá er sagt, þá er hann svaf, fékk hann sveita; þá óx undir vinstri hönd honum maðr ok kona, ok annarr fótr hans gat son við öðrun; enn þaðan af komu ættir; þat eru Hrímpussar. Hinn gamli Hrímpuss, hann köllum vær Ými.

6. Þá mælti Gangleri: hvar bygði Ýmir? eða við hvat lifði hann? Næst var þat, þá er hrímit draup, at þar varð af kýr, sú er Auðhumla hét, enn IV mjólkár runnu or spenum hennar, ok fæddi hon Ými. Þá mælti Gangleri: við hvat fæddist kýrin? Hár segir: hon sleikti hrimsteina, er saltir váru, ok hinn fyrsta dag, er hon sleikti steina, kom or steininum at kveldi manns hár, annan dag manns höfuð, þriðja dag var þar allr maðr; sá er nefndr Buri; hann var fagr álitum, mikill ok máttugr; hann gat son þann, er Börr hét. Hann fékk þeirrar konu, er Besla hét, dóttir Bölþorns jötuns, og fengu þau III sonu: hét einn Óðinn, annar Vili, III. Ve; ok þat er mín trúa, at sá Óðinn og hans bræðr munu vera stýrandi himins ok jarðar; þat ætlum vér, at hann muni svá heita; svá heitir sá maðr, er vér vitum mestan ok ágæztan, ok vel megu þeir hann láta svá heita.

7. Þá mælti Gangleri: hvat varð þá um þeirra sætt? eða hvárir váru ríkari? Þá svarar Hár; synir Börs drápu Ými jötun; enn er hann féll, þá hljóp svá mikit blóð or sárum hans, at með því drektu þeir allri ætt Hrímpussa, nema einn komst undan með sínu hyski; þann kalla jötnar Bergelmi, hann fór upp á lúðr sinn ok kona hans, ok hélzt þar, ok eru af þeim komnar Hrímpussa ættir, svá sem hér segir:

Orófi vetra

áðr væri jörð sköpuð,

þá var Bergelmir borinn.

þat ek fyrst of man,

er sá hinn fróði jötunn

á var lúðr of lagiðr.

8. Þá svarar Gangleri: hvat höfðust þá at Börs synir, ef þú trúir, at þeir sé guð? Hár segir: eigi er þar lítið af at

- segja: þeir tóku Ými, ok fluttu í mitt Ginnunga-gap, ok gjörðu af honum jörðina: af blóði hans sæinn og vötnin, jörðin var gjör af holdinu, enn björgin af beinum; grjót ok urðir gjörðu þeir af tönnum ok jöxlum, ok af þeim beinum, er brotin váru.
5. Þá mælti Jafnhár: af því blóði, er or sárum rann og laust fór, þar af gjörðu þeir sjá þann, er þeir gjörðu ok festu saman jörðina, ok lögðu þann sjá í hring utan um hana, ok mun þat flestum manni ófæra þykja, at komast þar yfir. Þá mælti Þriði: tóku þeir ok haus hans ok gerðu þar af himin, ok settu
10. hann upp yfir jörðina með IV skautum, ok undir hvert horn settu þeir dverg; þeir heita svá: Austri, Vestri, Norðri, Suðri. Þá tóku þeir síur ok gneista, þá er lausir fóru, ok kastað hafði or Múspells heimi, ok settu á miðjan Ginnunga-himin bæði ofan ok neðan, til at lýsa himin ok jörð. Þeir gáfu stað-
15. ar öllum eldingum, sumum á himnum, sumar fóru lausar undir himni, ok settu þó þeim stað ok sköpuðu göngu þeim. Svá er sagt í fornum vísindum, at þaðan af váru dægr greind ok áratat, svá sem segir í Völuspá:

20. Sól þat né vissi,  
 hvar hon sali átti:  
 máni þat né vissi,  
 hvað hann megins átti;  
 stjörnur þat né vissu,  
 hvar þær staði áttu.

25. Svá var, áðr enn þetta væri of jörð. Þá mælti Gangleri: þetta eru mikil tíðindi, er nú heyrir ek; furðu mikil smíð er þat ok hagliga gjört. Hvernig var jörðin háttuð? Þá svarar Hár: hon er kringlótt utan, ok þar utan um liggir hinn djúpi sjár, ok með þeirri sjávarströndu gáfu þeir lönd til bygðar
30. jötna ættum; enn fyrir innan á jörðinni gjörðu þeir borg umhverfis heim fyrir ófriði jötna, enn til þeirrar borgar höfðu þeir brár Ýmis jötuns, ok kölluðu þá borg Miðgarð. Þeir tóku ok heila hans, ok köstuðu í lopt, ok gjörðu af skýin, svá sem hér segir:

Or Ýmis holdi  
 var jörð of sköput.  
 enn or sveita sjár;  
 björg or beinum,  
 baðmr or hári, 5.  
 enn or hausi himinn.  
 Enn or hans brám  
 gerðu blíð regin  
 Miðgarð manna sonum;  
 enn or hans heila 10.  
 váru þau hin harðmóðgu  
 ský öll of sköput.

9. Þá mælti Gangleri: mikit þótti mér þeir hafa þá snú-  
 it til leiðar, er jörð ok himinn var gjört, ok sól ok himintungl  
 váru sett, ok skipt dægum; enn hvaðan komu menninir, þeir 15.  
 er heim byggja? Þá svarar Hár: þá er þeir Börs synir gengu  
 með sævarströndu, fundu þeir tré tvö, ok tóku upp tréin,  
 sköpuðu af menn; gaf hinn fyrsti önd ok líf, annarr vit ok  
 hræring, III. ásjónu, málit ok heyrn ok sjón; gáfu þeim klæði  
 ok nöfn; hét karlmaðrinn Askr, enn konan Embla, ok ólust 20.  
 þaðan af mankindir, þeim er byggðin var gefin undir Miðgarði.  
 Þar næst gerðu þeir sér borg í miðjum heimi, er kallat er Ás-  
 garðr; þat köllum vér Trója. Þar bygðu guðin ok ættir þeirra,  
 og gjörðust þaðan af mörg tíðindi ok greinir bæði á jörð ok  
 í lopti. Þar er einn staðr, er Hliðskjálf heitir, ok þá er Óðinn 25.  
 settist þar í háseti, þá sá hann of alla heima ok hvers manns  
 athæfi, ok vissi alla hluti, þá er hann sá. Kona hans hét  
 Frigg Fjörgvinsdóttir, ok af þeirra ætt er sú kynslóð komin,  
 er vér köllum Ása ættir, er bygt hafa Ásgarð hinn forna,  
 ok þau ríki, er þar liggja til, ok er þat alt goðkunnig ætt. 30.  
 Ok fyrir því má hann heita Allföðr, at hann er faðir allra goð-  
 anna ok manna ok alls þess, er af honum ok hans krapti var  
 fullgjört. Jörðin var dóttir hans ok kona hans; af henni

gjörði hann hinn fyrsta soninn, enn þat er Ása-Þórr; honum fylgði afl ok sterkleikr; þar af sigrar hann öll kvikvendi.

10. Nörfi eða Narfi hét jötunn, er bygði í Jötunheimum; hann átti dóttur, er Nótt hét; hon var svört ok dökk, sem hon  
 5. átti ætt til. Hon var gift þeim manni, er Naglfari hét, þeirra son hét Uðr. Því næst var hon gift þeim, er Annar hét; Jörð hét þeirra dóttir. Síðarst átti hana Dellingr, var hann Ása ættar; var þeirra son Dagr, var hann ljóss ok fagr eptir faðerni sínu. Þá tók Allföðr Nótt ok Dag, son hennar, ok gaf þeim  
 10. II hesta ok II kerrur, ok setti þau upp á himin, at þau skulu ríða á hverjum II dægum umhverfis jörðina. Ríðr Nótt fyrri þeim hesti, er kallaðr er Hrímfaxi, ok at morni hverjum döggrvir hann jörðina af méldropum sínum. Sá hestr, er Dagr á heitir Skinfaxi, ok lýsir alt lopt ok jörðina af faxi hans.

15. 11. Þá mælti Gangleri: hversu stýrir hann gang sólar ok tungls? Hár segir: sá maðr er nefndr Mundilfari, er átti II börn; þau váru svá fögr ok fríð, at hann kallaði annat Mána, enn dóttur sína Sól, ok gifti hana þeim manni, er Glenr hét. Enn goðin reiddust þessu ofdrambi, ok tóku þau syskin ok  
 20. settu upp á himin, létu Sól keyra þá hesta, er drógu kerru sólarinnar, þeirrar er guðin höfðu skapat, til at lýsa heimana, af þeirri síu, er flaug or Múspellsheimi. Þeir hestar heita svá: Árvakr ok Alsviðr, enn undir bógum hestanna settu guðin tvá vindbelgi at kœla þá, enn í sumum fræðum er þat kall-  
 25. at ísarnkol. Máni stýrir göngu tungls ok ræðr nýjum ok niðum; hann tók II börn af jörðunni, er svá heita: Bil ok Hjúki, er þau gengu frá brunni þeim, er Byrgir heitir, ok báru á öxlum sér sá, er heitir Sægr, enn stöngin Simul. Viðfinnr er nefndr faðir þeirra: þessi börn fylgja Mána, svá sem sjá  
 30. má af jörðu.

12. Þá mælti Gangleri: skjótt ferr sólin, ok nær svá sem hún sé hrædd, ok eigi mundi hon þá meirr hvata göngunni, at hon hræddist bana sinn. Þá svarar Hár: eigi er þat undarligt, at hon fari ákalliga; nær gengr sá, er hana sækir, ok



öngán útveg á hon, nema renna undan. Þá mælti Gangleri: hverr er sá, er henni gjörir þann ómaka? Hár segir: þat eru 11 úlfar, ok heitir sá, er eptir henni ferr, Sköll; hann hræðist hon, ok hann mun taka hana; enn sá heitir Hati Hroðvitnisson, er fyrir henni hleypr, ok vill hann taka tunglit, ok svá 5. mun verða. Þá mælti Gangleri: hver er ætt úlfanna? Hár segir: gýgr ein býr fyrir austan Miðgarð í þeim skógi, er Járnsviðr heitir; í þeim skógi byggja þær tröllkonur, er Járnsviðjur heita. Hin gamla gýgr fœðir at sonum marga jötna, ok alla í vargs líkjum, ok þaðan af eru komnir þessir úlfar. Ok svá 10. er sagt, at af ættinni verðr einn máttkastr, er kallaðr er Mánagarmr; hann fyllist með fjörvi allra þeirra manna, er deyya, ok hann gleypir tungl, ok stökkvir blóði himin ok lopt öll; þaðan týnir sól skini sínu, ok vindar eru þá ókyrrir ok gnýja héðan ok handan. Svá segir í Völuspá:

Austr býr en aldna

í Járnsviði,

ok fœðir þar

Fenris kindir:

verðr or þeim öllum

einna nokkorr

tungls tjúgari

í trölls hami.

Fyllist fjörvi

feigra manna,

rýðr ragna sjöt

rauðum dreyra:

svört verða sólskin

of sumur eptir,

veðr öll válund.

Vituð ér enn, eða hvat?

13. Þá mælti Gangleri: hver er leið til himins af jörðu? Þá svarar Hár, ok hló við: eigi er nú fróðliga spurt; er þér eigi sagt þat, at guðin gjörðu brú til himins af jörðu, ok heitir Bif-



- röst? Hana muntu sét hafa; kann vera, at þat kallir þú regnboga. Hon er með III litum ok mjök sterk, ok gjör með list ok kunnáttu meiri enn aðrar smíðir. Ok svá sem hon er sterk, þá mun hon brotna, þá er Múspells megir fara ok ríða hana,
5. ok svima hestar þeirra yfir stórar ár; svá koma þeir fram. Þá mælti Gangleri: eigi þótti mér goðin gjöra af trúnaði brúna, er hon skal brotna mega, er þau megu gjöra, sem þau vilja. Þá mælti Hár: eigi eru goðin hallmælis verð fyrir þessa smíð: góð brú er Bifröst, enn engi hlutr er sá í þessum heimi, er
10. sér megi treystast, þá er Múspells synir heija.

14. Þá mælti Gangleri: hvat hafðist Allföðr þá at, er gjörr var Ásgarðr? Hár mælti: í upphafi setti hann stjórnarmenn, ok beiddi þá at dæma með sér örlög manna, ok ráða um skipun borgarinnar; þat var, þar sem heitir Íðavöllr í
15. miðri borginni. Var þat hit fyrsta þeirra verk, at gjöra hof, þat er sæti þeirra standa í, XII önnur enn hásetið, þat er Allföðr á; þat hús er bezt gjört á jörðu ok mest; alt er þat utan ok innan svá sem gull eitt; í þeim stað kalla menn Gláðheim. Annan sal gjörðu þeir; þat var hörgr, er gyðjurnar áttu,
20. ok var hann allfagr; þat hús kalla menn Vingólf. Þar næst gjörðu þeir þat, at þeir lögðu afa, ok þar til gjörðu þeir hamar ok tóng ok steðja ok þaðan af öll tól önnur, ok því næst smíðuðu þeir málm ok stein ok tré, ok svá gnógliga þann málm, er gull heitir, at öll búsgögn höfðu þeir af gulli, ok er
25. sú öld köllut gullaldr, áðr enn spiltist af tilkvámu kvennanna; þær komu or Jötunheimum. Þar næst settust guðin upp í sæti sín, ok réttu dóma sína, ok mintust, hvaðan dvergar höfðu kviknat í moldunni ok niðri í jörðunni, svá sem maðkar í holdi. Dvergarnir höfðu skipazt fyrst, ok tekit kviknan í
30. holdi Ýmis, ok váru þá maðkar. Enn af atkvæði guðanna urðu þeir vitandi mannvits, ok höfðu manns líki, enn búa þó í jörðu ok í steinum. Modsognir var dvergr, ok annarr Durinn; svá segir í Völuspá:

Þá gengu regin öll  
 á rökstóla,  
 ginnheilug goð,  
 ok of þat gættust,  
 at skyldi dverga 5.  
 drótt of skepja  
 or brimi blóðgu  
 ok or Bláins leggjum.

Þar mannlíkun  
 mörg of gerðust, 10.  
 dvergar í jörðu,  
 sem Durinn sagði.

Ok þessi segir hon nöfn þeirra dverganna:

Nýi, Niði,  
 Norðri, Suðri, 15.  
 Austri, Vestri,  
 Alþjófr, Dvalinn,  
 Nár, Náinn,  
 Nípingr, Dáinn,  
 Bifurr, Bafurr, 20.  
 Bömbörr, Nori,  
 Ori, Ónarr,  
 Óinn, Mjödvitnir,  
 Vigr ok Gandálfr,  
 Vindálfr, Þórinn, 25.  
 Fíli, Kíli,  
 Fundinn, Vali,  
 Þrór, Þróinn,  
 Þekkr, Littr, Vittr,  
 Nýr, Nýráðr, 30.  
 Rekkur, Ráðsviðr.

Enn þessir eru ok dvergar ok búa í steinum, enn hinir fyrri í moldu:

- Draupnir, Dólgþvari  
 Hörr, Hugstari,  
 Hleðjólfir, Glóinn,  
 Dori, Ori,  
 5. Dufur, Andvari,  
 Hepti, Fili,  
 Hárr, Síarr.

Enn þessir komu frá Svarins haugi til Aurvanga á Jóruvöllu, ok er þaðan kominn Lovarr. Þessi eru nöfn þeirra:

10. Skirfir, Virfir,  
 Skafiðr, Ái,  
 Álfr, Ingi,  
 Eikinskjaldi,  
 Falr, Frosti,  
 15. Fiðr, Ginnarr.

15. Þá mælti Gangleri: hvar er höfuðstaðrinn eða helgi-  
 staðrinn goðanna? Hár svarar: þat er at aski Yggdrasils, þar  
 skulu guðin eiga dóma sína hvern dag. Þá mælti Gangleri:  
 hvat er at segja frá þeim stað? Þá segir Jafnhár: askrinn er  
 20. allra trjá mestr ok beztr; límar hans dreifast yfir heim allan,  
 ok standa yfir himni; þrjár rætr trésins halda því upp, ok  
 standa afar breitt. Ein er með Ásum, enn önnur með Hrímp-  
 þussum, þar sem forðum var Ginnunga-gap; hin þriðja stendr  
 yfir Niflheimi, ok undir þeirri rót er Hvergelmir, enn Níðhöggr  
 25. gnagar neðan rótina. Enn undir þeirri rót, er til Hrímpussa  
 horfir, þar er Mímisbrunnr, er spekt ok mannvit er í fólgit,  
 ok heitir sá Mímir, er á brunninn; hann er fullr af vísindum,  
 fyrir því at hann drekkur or brunninum af horninu Gjallarhorni.  
 Þar kom Allföðr ok beiddist eins drykkjar af brunninum, enn  
 30. hann fékk eigi fyrr enn hann lagði auga sitt at veði. Svá  
 segir í Völuspá:

Alt veit ek, Óðinn,  
 hvar þú auga falt.  
 Or þeim inum mœra

Mímis-brunni  
drekkr mjöð Mímir  
morgun hverjan  
af veði Valföðrs.

Vituh þér enn, eða hvat?

5.

Þriðja rót asksins stendr á himni, ok undir þeirri rót er  
brunnr sá, er mjök er heilagr, er heitir Urðarbrunnr; þar eigu  
guðin dómstað sinn; hvern dag ríða Æsir þangat upp um  
Bifröst; hon heitir ok Ásbrú. Hestar Ásanna heita svá:  
Sleipnir er baztr, hann á Óðinn, hann hefir átta fætr; annarr 10.  
er Gláðr, III. Gyllir, IV. Gler, V. Skeiðbrímir, VI. Silfrtoppr,  
VII. Sínir, VIII. Gils, IX. Falhófnir, X. Gulltoppr, Léttfeti XI.  
Baldrs hestr var brendr með honum, enn Þórr gengr til dóms-  
ins, ok veðr ár þær, er svá heita:

Körmt ok Örmt  
ok Kerlaugar II,  
þær skal Þórr vaða  
dag hvern,  
er hann dæma skal  
at aski Yggdrasils;  
því at Ásbrú  
brenn öll loga.  
heilög vötn hlóa.

15.

20.

Þá mælti Gangleri: brenn eldr yfir Bifröst? Hár segir: þat er  
þú sér rautt í boganum, er eldr brennandi; upp á himin mundu 25.  
ganga Hrímpussar ok bergrisar, ef öllum væri fært á Bifröst,  
þeim er fara vilja. Margir staðir eru á himni fagrir, ok er  
þar alt guðlig vörn fyrir: þar stendr salr einn fagr undir  
askinum við brunninn, ok or þeim sal koma III meyjar, þær  
er svá heita: Urðr, Verðandi, Skuld. Þessar meyjar skapa 30.  
mönnum aldr; þær köllum vér nornir. Enn eru fleiri nornir  
þær er koma til hvers manns, er borinn er, at skapa aldr, ok  
eru þessar goðkunnigar, enn aðrar álfaættar, enn hinar III.  
dvergaættar. Svá sem hér segir:



- Sundrbornar mjök  
 hygg ek at nornir sé,  
 eigu-t þær ætt saman;  
 sumar eru áskunnar,  
 5. sumar eru álfkunnar,  
 sumar dætr Dvalins.

Þá mælti Gangleri: ef nornir ráða örlögum manna, þá skipta þær geysi ójafnt, er sumir hafa gott líf ok ríkuligt, enn sumir hafa lítið lén eðr lof, sumir langt líf, sumir skamt. Hár svar-  
 10. ar: góðar nornir ok vel ættaðar skapa góðan aldr; enn þeir menn, er fyrir ósköpum verða, þá valda því illar nornir.

16. Þá mælti Gangleri: hvat er fleira at segja stórmerkja frá askinum? Hár segir: mart er þar af at segja. Örn einn sitr í limum asksins, ok er hann margs vitandi; enn í milli  
 15. augna honum sitr haukr sá, er heitir Veðrfölnir. Íkorni sá, er heitir Ratatöskr, renn upp ok niðr eptir askinum, ok berr öfundarorð milli arnarins ok Níðhöggs. Enn IV hirtir renna í limum asksins ok bíta barr. þeir heita svá: Dáinn, Dvalinn, Duneyrr, Duraprór. Enn svá margir ormar eru í Hvergelmi  
 20. með Níðhöggi, at engi tunga má telja. Svá segir hér:

- Askr Yggdrasils  
 drýgir erfði  
 meira, enn menn viti;  
 hjörtr bítr ofan,  
 25. enn á hliðu fúnar,  
 skerðir Níðhöggr neðan.

Svá er enn sagt:

- Ormar fleiri liggja  
 und aski Yggdrasils,  
 30. enn þat of hyggi  
 hvern ósviðra apa;  
 Góinn ok Móinn,  
 þeir'ro Gravitnis synir,  
 Grábakr ok Grafvölluðr,  
 Ofnir ok Svafnir

hygg ek at æ myni  
meiðs kvistu má

Enn er þat sagt, at nornir þær, er byggja Urðarbrunn, taka hvern dag vatn í brunninum, ok með aurinn, þann er liggr um brunninn, ok ausa upp yfir askinn, til þess at eigi skyli lim- 5.  
ar hans tréna eða fúna. Enn þat vatn er svá heilagt, at allir hlutir, þeir sem þar koma í brunninn, verða svá hvítir sem hinna sú, er skjall heitir. er innan liggr við eggskurn. Svá sem hér segir:

Ask veit ek ausinn, 10.  
heitir Yggdrasils  
hár baðmr heilagr,  
hvíta-auri;  
Þaðan koma döggar,  
er í dali falla; 15.  
stendr hann æ yfir grœnn  
Urðarbrunni.

Sú dökk, er þaðan af fellr á jörðina. þat kalla menn hunangsfall, ok þar af fœðast býflugur. Fuglar ii fœðast í Urðarbrunni; þeir heita Svanir. ok af þeim fuglum hefir komit þat fugla- 20.  
kyn, er svá heitir.

17. Þá mælti Gangleri: mikil tíðindi kann þú at segja af himnum; hvat er þar fleira höfuðstaða. enn at Urðarbrunni? Hár svarar: margir staðir eru þar göfugligir; sá er einn staðr, þar er kallat er Álfheimr; þar byggvir fólk þat, er Ljósálfar 25.  
heita; enn Dökkálfar búa niðri í jörðu, ok eru þeir ólíkir þeim sýnum, enn miklu ólíkari reyndum. Ljósálfar eru fegri enn sól sýnum, enn Dökkálfar eru svartari enn bik. Þar er einn sá staðr, er Breiðablik er kallat, ok engi er þar fegri staðr. Þar er ok sá, er Glitnir heitir, ok eru veggir hans ok steðr ok 30.  
stólpar af rauðu gulli, enn þak hans af silfri. Þar er enn sá staðr, er Himinbjörg heita; sá stendr á himins-enda við brúarsporð, þar er Bifróst kemr til himins. Þar er enn mikill staðr, er Valaskjálf heitir; þann stað á Óðinn; þann gerðu guð-

in ok þöktu skíru silfri; ok þar er Hliðskjálfinn í þessum sal, þat háseti er svá heitir, ok þá er Allföðr sitr í því sæti, þá sér hann of allan heim. Á sunnanverðum himins-enda er sá salr, er allra er fegrstr ok bjartari enn sólin, er Gimli heitir;

5. hann skal standa, þá er bæði himinn ok jörð hefir farizt, ok byggja þann stað góðir menn ok réttlátir of allar aldir. Svá segir í Völuspá:

Sal veit ek standa  
 sólu fegra,  
 10. gulli betra,  
 á Gimli;  
 þar skulu dyggvar  
 dróttir byggja  
 ok of aldrdaga  
 15. yndis njóta.

Þá mælti Gangleri: hvat gætir þess staðar, þá er Surtalogi brennir himin ok jörð? Hár segir: svá er sagt, at annarr himinn sé suðr ok upp frá þessum himni, ok heitir sá himinn Andlangr, enn hinn III. himinn sé enn upp frá þeim, ok heitir 20. sá Víðbláinn, ok á þeim hinna hyggjum vér þenna stað vera, enn Ljósálfar einir hyggjum vér at nú byggvi þá staði.

18. Þá mælti Gangleri: hvaðan kemr vindr? Hann er sterkr, svá at hann hrærir stór höf, ok hann æsir eld; enn svá sterkr sem hann er, þá má eigi sjá hann; því er hann undar- 25. liga skapaðr. Þá svarar Hár: þat kann ek vel segja þér; á norðanverðum himins-enda sitr jötunn, sá er Hræsvelgr heitir; hann hefir arnar-ham; enn er hann beinir flug, þá standa vindar undan vængjum honum. Hér segir svá:

Hræsvelgr heitir,  
 30. er sitr á himins-enda,  
 jötunn í arnar ham;  
 af hans vængjum  
 kveða vind koma  
 alla menn yfir.

19. Þá mælti Gangleri: hví skilr svá mikit, at sumar skal vera heitt, enn vetr kaldr: Hár svarar: eigi mundi svá fróðr maðr spyrja, því at þetta vitu allir at segja; enn ef þú ert einn orðinn svá fávís, at eigi hefir þetta heyrtr þá vil ek þó þat vel virða, at heldr spyrir þú eitt sinn ófróðliga enn þú gangir lengr duliðr þess, er skylt er at vita. Svasuðr heitir, sá er faðir Sumars er, ok er hann sællífr, svá at af hans heiti er þat kallat svasligt. er blítt er. Enn faðir Vetrar er ýmist kallaðr Vindlóni eðr Vindsvalr, hann er Vasaðar son, ok váru þeir áttungar grimmir ok svalbrjóstaðir, ok hefir Vetr þeirra skaplyndi. 5.

20. Þá mælti Gangleri: hverir eru Æsir, þeir er mönnum er skylt at trúa? Hár svarar: tólf eru Æsir goðkunnigir. Þá mælti Jáfnhár: eigi eru Ásynjurnar óhelgari, ok eigi megu þær minna. Þá mælti Þriði: Óðinn er æztur ok elztr Ásanna: hann ræðr öllum hlutum, ok svá sem önnur guðin eru máttug, þá þjóna honum öll, svá sem börn föður. Enn Frigg er kona hans, ok veit hon örlög manna, þótt hon segi eigi spár. Svá sem hér er sagt, at Óðinn mælti sjálfir við þann Ás. er Loki heitir: 15.

Ærr ertu Loki,  
ok örviti;  
hví né legskapú. Loki?  
Örlög Frigg  
hygg ek at öll viti,  
þótt hon sjálfgi segi.

20.

25.

Óðinn heitir Allföðr, því at hann er faðir allra goða; hann heitir ok Valföðr, því at hans óskasynir eru allir, þeir er í val falla; þeim skipar hann Valhöll ok Vingólf, ok heita þeir þá Einherjar. Hann heitir ok Hangaguð ok Haptaguð, Farmaguð, ok enn hefir hann nefnzt á fleiri vega, þá er hann var kominn til Geirröðar konungs: 30.

Hétumsk Grímr  
ok Ganglari.



	Herjan, Hjálmbæri,
	Þekkr, Þriði,
	Þuðr, Uðu.
	Helblindi, Hár,
5.	Saðr. Svipall,
	Sanngetall.
	Herteitr, Hnikarr,
	Bileygr, Báleygr,
	Bölverkr, Fjölnir,
10.	Grímnir, Glapsviður, Fjölsviður,
	Síðhöttir, Síðskeggr,
	Sigföður, Hnikuður,
	Allföður, Atriður. Farmatýr,
	Óski, Ómi,
15.	Jafnhár, Bifindi,
	Göndli, Harbarður,
	Sviður, Sviðrir,
	Jálkr, Kjalarr, Viður,
	Þró, Yggr, Þundur.
20.	Vakr, Skilvingr,
	Vafuður, Hroptatýr,
	Gautr, Veratýr.

Þá mælti Gangleri: geysi mörg heiti hafi þér gefit honum, ok þat veit trúa mín, at þetta mun vera mikill fróðleikr, sá er

25. hér kann skyn ok dæmi, hverir atburðir hafa orðit sér til livers þessa nafns. Þá svarar Hár: mikil skynsemi er at rifja vandlega þat; enn þó er þér þat skjótast at segja, at flest heiti hafa verit gefin af þeim atburði, at svá margar sem eru greinir tungnanna í veröldunni, þá þykkjast allar þjóðir þurfa at

30. breyta nafni hans til sinnar tungu til ákalls ok bæna fyrir sjálfum sér; enn þsumir atburðir til þessa heita hafa gerzt í ferðum hans: er þat fært í frásagnir, ok muntu eigi mega fróðr maðr heita, ef þú skalt eigi kunna segja frá þeim stórtíðindum.

21. Þá mælti Gangleri: hver eru nöfn annara Ásanna? eðr hvat hafast þeir at? eðr hvat hafa þeir gert til frama? Hár svarar: Þórr er þeirra framast, sá er kallaðr Ása-Þórr eðr Öku-Þórr. hann er sterkast allra guða ok manna. Hann á þar ríki. er Þrúðvangar heita, enn höll hans heitir Bilskirnir: 5. í þeim sal eru v hundrut gólfa ok fjórir tigur. þat er hús mest. svá at menn hafa gert. Svá segir í Grímnismálum:

Fimm hundrut gólfa  
ok um fjórum tögum.  
svá hygg ek Bilskirni með bugum: 10.  
ranna þeirra.  
er ek rept vita,  
míns veit ek mest magar.

Þórr á hafra II. er svá heita: Tanngnjóstr ok Tanngrisnir, ok reid. þá er hann ekk. enn hafrarnir draga reidina: því er hann 15. kallaðr Öku-Þórr. Hann á ok III kostgrip: einn þeirra er hamarinn Mjólnir. er Hrímpussar ok bergrisar kenna, þá er hann kemr, ok er þat eigi undarligt: hann hefir lamit margan haus á feðrum eðr frændum þeirra. Annan grip á hann beztan, megingjardar. ok er hann spennir þeim um sik, þá vex hon- 20. um ásmegin hálfu. Hinn III. hlut á hann, þann er mikill gripur er í. þat eru járnglófar; þeirra má hann eigi missa við hamarsskaptit. Enn engi er svá fróðr, at telja kunní öll stórvirki hans: enn segja kann ek þér svá mörg tíðindi frá honum. at dveljast munu stundimar, áðr enn sagt er allt, þat er ek veit. 25.

22. Þá mælti Gangleri: spyrja vil ek tíðinda af fleiri Ásunum. Hár segir: Annarr son Óðins er Baldr. ok er frá honum gott at segja: hann er beztr, ok hann lofa allir. Hann er svá fagr álitum ok bjartr. svá at lýsir af honum. ok eitt gras er svá hvítt, at jafnat er til Baldrs-brár. þat er allra grasa 30. hvítast; ok þar eptir mátpú marka hans fegurð. bæði hár ok líki: hann er vitrastr Ásanna ok fegrst talaðr ok líknsamastr. Enn sú náttúra fylgir honum. at engi má haldast dómr hans.

Hann býr, þar sem heitir Breiðablik, þat er á himni; í þeim stað má ekki vera óhreint, svá sem hér segir:

- Breiðablik heita,  
 þar er Baldr hefir  
 5. sér of gerva sali;  
 í því landi  
 er ek liggja veit  
 fæsta feiknstafi.

23. Hinn þriði Áss er sá, er kallaðr er Njörðr; hann  
 10. býr á himni, þar sem heitir Nóatún. Hann ræðr fyrir göngu  
 vinds, ok stillir sjá ok eld; á hann skal heita til sæfara ok til  
 veiða. Hann er svá auðigr ok fésæll, at hann má gefa þeim  
 auð landa eðr lausafjár, er á hann heita til þess. Hann var  
 uppfæddr í Vanenheimum, enn Vanir gisludu hann goðunum, ok  
 15. tóku í mót at Ásagislingu þann er Hœnir heitir; hann varð  
 at sætt með goðunum ok Vönum. Njörðr á þá konu, er Skaði  
 heitir, dóttir Þjassa jötuns. Skaði vill hafa bústað þann, er  
 átt hafði faðir hennar, þat er á fjöllum nokkvorum, þar sem  
 heitir Þrunheimr; enn Njörðr vill vera nær sæ; þau sættust á  
 20. þat, at þau skyldu vera IX nætr í Þrunheimi, enn þá aðrar  
 IX at Nóatúnum. Enn er Njörðr kom aptr til Nóatúna af  
 fjallinu, þá kvað hann þetta;

- Leið erumk fjöll,  
 vark-a ek lengi,  
 25. nætr einar IX;  
 úlfa-þytr  
 mér þótti illr vera  
 hjá söngvi svana.

Þá kvað Skaði þetta:

- Sofa ek né máttak  
 30. sæfar beðjum á  
 fugls jarmi fyrir;  
 sá mik vegr,

er af víði kemr,  
morgun hverjan már.

Þá fór Skaði upp á fjallit, ok bygði í Þrymheimi, ok ferr hon mjök á skíðum ok með boga, ok skýtr dýr; hon heitir öndurguð eðr öndurdís. Svá er sagt: 5.

Þrymheimr heitir,  
er Þjassi bjó,

● sá hinn ámátki jötunn;  
enn nú Skaði byggvir,  
skír brúðr guða, 10.  
fornar tóptir föður.

24. Njörðr í Nóatúnum gat síðan II börn: hét sonr Freyr, enn dóttir Freyja; þau váru fögr álitum ok máttug. Freyr er hinn ágætasti af Ásum; hann ræðr fyrir regni ok skini sólar, ok þar með ávexti jarðar, ok á hann er gott at heita til árs 15.  
ok friðar; hann ræðr ok fésælu manna. Enn Freyja er ágætust af Ásynjum; hon á þann bæ á himni, er Fólkvangar heita; ok hvar sem hon ríðr til vígs, þá á hon hálfan val, enn hálfan Óðinn, svá sem hér segir:

Fólkvangr heitir, 20.  
enn þar Freyja ræðr  
sessu kostum í sal;  
hálfan val hon kýss  
á hverjan dag,  
enn hálfan Óðinn á. 25.

Salr hennar Sessrýmnr, hann er mikill ok fagr. Enn er hon ferr, þá ekr hon köttum II, ok sitr í reið. Hon er nákvæmust mönnum til áheita, ok af hennar nafni er þat tignar-nafn, er ríkiskonur eru kallaðar frúr. Henni líkaði vel mansöng. Á hana er gott at heita til ásta. 30.

25. Þá mælti Gangleri: miklir þykkja mér þessir fyrir sér Æsirnir; ok eigi er undarligt, at mikill kraptr fylgi yðr, er þér skulut kunna skyn goðanna, ok vita, hvert biðja skal hværrar bœnarinnar. Eða eru fleiri enn goðin? Hár svarar:



Sá er enn Áss, er Týr heitir. Hann er djarfastr ok bezt hugaðr, ok hann ræðr mjök sigri í orostum; á hann er gott at heita hreystimönnum. Þat er orðtak, at sá er týhraustr, er um fram er aðra menn, ok ekki sést fyrir. Hann var ok vitr,  
 5. svá at þat er mælt, at sá er týspakr, er vitrastr er. Þat er eitt mark um djarfleik hans; þá er Æsir lokkuðu Fenrisúlfr, til þess at leggja fjötrinn á hann, Gleipni, þá trúði hann þeim eigi, at þeir mundu leysa hann, fyrir enn þeir lögðu honum at veði hönd Týs í munn hans. Enn þá er Æsir vildu eigi  
 10. leysa hann, þá beit hann höndina af, þar er nú heitir úlfliðr, ok er hann einhendr, ok ekki kallaðr sættir manna.

26 Bragi heitir einn, hann er ágætr at speki, ok mest at málsnild ok orðfimi; hann kann mest af skáldskap, ok af honum er bragr kallaðr skáldskapr, ok af hans nafni er sá kallaðr  
 15. aðr bragr karla eða kvenna, er orðsnild hefir framarr enn aðrir, kona eða karlmaðr. Kona hans er Iðunn; hon varðveitir í eski sínu epli þau, er goðin skulu á bíta, þá er þau eldast, ok verða þá allir ungir, ok svá mun verða alt til ragnarökrs. Þá mælti Gangleri: allmikit þykki mér goðin eiga undir gæzlu  
 20. eða trúnaði Iðunnar. Þá mælti Hár, ok hló við: nær lagði þat ófæru einu sinni; kunna mun ek þar af at segja, enn þú skalt nú fyrst heyra nöfn Ásanna fleiri.

27. Heimdallr heitir einn, hann er kallaðr hvíti Áss, hann er mikill ok heilagr; hann báru at syni meyar níu, ok allar  
 25. systr; hann heitir ok Hallinskíði ok Gullintanni; tennr hans vátu af gulli; hestr hans heitr Gulltoppr. Hann býr þar er heitir Himinbjörg við Bifröst; hann er vörðr goða, ok sitr þar við himinsenda, at gæta brúarinnar fyrir Bergrisum; þarf hann minna svefn, enn fugl; hann sér jafnt nótt sem dag hundrað  
 30. rasta frá sér; hann heyrir ok þat, er gras vex á jörðu eða ull á sauðum, ok allt þat er herra lætr; hann hefir lúðr þann, er Gjallarhorn heitir, ok heyrir blástr hans í alla heima. Heimdallar sverð er kallað höfuð. Hér er svá sagt:



Himinbjörg heita,  
 enn þar Heimdall  
 kveða valda véum;  
 þar vörðr goða drekr  
 í væru ranni  
 glaðr hinn góða mjöð.

5.

Ok enn segir hann sjálfir í Heimdallar-galdri:

Níu em ek mœðra mögr,  
 níu em ek systra sonr.

28. Höðr heitir einn Ássinn, hann er blindr; ærit er hann 10.  
 styrkr, enn vilja mundu goðin, at þenna Ás þyrfti eigi at nefna,  
 því at hans handaverk munu lengi vera höfð at minnum með  
 goðum ok mönnum.

29. Viðarr heitir einn, hinn þögli Áss; hann hefir skó  
 þjökkvan. Hann er sterkr, næst því sem Þórr er: af honum 15.  
 hafa goðin mikit traust í allar þrautir.

30. Ali eða Vali heitir einn, sonr Óðins ok Rindar; hann  
 er djarfr í orrustum ok mjök happskeytr.

31. Ullr heitir einn, sonr Sifjar, stjúpsonr Þórs; hann er  
 bogmaðr svá góðr, ok skíðferr, svá at engi má við hann kepp- 20.  
 ast. Hann er ok fagr álitum, ok hefir hermans atgervi; á  
 hann er ok gott at heita í einvígi.

32. Forseti heitir sonr Baldrs ok Nönnu Nepsdóttur. Hann  
 á þann sal á himni, er Glitnir heitir; enn allir, er til hans  
 koma með sakarvandræði, þá fara allir sáttir á braut; sá er 25.  
 dómstaðr beztr með guðum ok mönnum. Svá segir hér:

Glitnir heitir salr,  
 hann er gulli studdr  
 ok silfri þaktr it sama;  
 enn þar Forseti byggvir  
 flestan dag,  
 ok svæfir allar sakar.

30.

33. Sá er enn taldr með Ásum, er sumir kalla rógbera  
 Asanna ok frumkveða flærðanna ok vömm allra goða ok manna.

Sá er nefndr Loki eða Loptr, son Farbauta jötuns; móðir hans er Laufey eða Nál; bræðr hans eru þeir Býleistr ok Helblindi. Loki er fríðr ok fagr sýnum, illr í skaplyndi, mjök fjölbreytinn at háttum; hann hafði þá speki um fram aðra  
 5. menn, er slægð heitir, ok vælar til allra hluta; hann kom Ásum jafnan í fult vandræði, ok opt leysti hann þá með vælræðum. Kona hans heitir Sygin; sonr þeirra Nari eða Narfi.

34. Enn átti Loki fleiri börn. Angrboða hét gygr í Jötunheimum; við henni gat Loki III börn: eitt var Fenrisúlfr, ann-  
 10. at Jórmungandr, þat er Miðgarðsormr, III. er Hel. Enn er guðin vissu til, at þessi III systkinu fœddust upp í Jötunheimum, ok guðin röktu til spádóma, at af systkinum þessum mundi þeim mikit mein ok óhapp standa, ok þótti öllum mikils ílls af væni. fyrst af móðerni ok enn verra af faðerni, þá sendi All-  
 15. fœðr til guðin, at taka börnin ok fœra sér. Ok er þau komu til hans, þá kastaði hann orminum í hinn djúpa sæ, er ligger um öll lönd, ok óx sá ormr svá, at hann ligger í miðju hafinu of öll lönd, ok bitr í sporð sér. Hel kastaði hann í Niflheim, ok gaf henni vald yfir IX heimum, at hon skipti öllum vístum  
 20. með þeim er til hennar váru sendir, enn þat eru sótt dauðir menn ok ellidauðir. Hon á þar miklu bústaði, ok eru garðar hennar forkunnar háfir, ok grindr stórar. Eljúðnir heitir salr hennar, hungr diskur hennar, sultr knífr hennar, Ganglati þrællinn, Ganglöt ambátt, fallanda forað þresköldr hennar, er inn gengr,  
 25. kór sæing, blikjanda bøl ársali hennar. Hon er blá hálf, enn hálf með hörundarlit; því er hon auðkend, ok heldr gnúpleit ok grimmlig.

35. Úlfinn fœddu Æsir heima, ok hafði Týr einn djarfleik til, at ganga at úlfnunum ok gefa honum mat. Enn er guðin sá,  
 30. hversu mikit hann óx hvern dag, ok allar spár sögðu, at hann mundi vera lagðr til skaða þeim; þá fengu Æsir þat ráð, at þeir gjörðu fjötur allsterkan, er þeir kölluðu Læding, ok báru hann til úlfsins, ok báðu hann reyna afl sitt við fjöturinn; enn úlfinum þótti sér þat ekki ofrefli, ok lét þá fara með, sem þeir

vildu. Hit fyrsta sinn er úlfrinn spyrndi við, brotnaði sá fjöturr; svá leystist hann or Læðingi. Þvi næst gjörðu Æsirnir annan fjötur hálfu sterkara, er þeir kölluðu Dróma. ok báðu enn úlfinn reyna þann fjötur, ok töldu hann verða mundu ágætan mjök at afli, ef slík stórsmiði mætti eigi halda honum. 5. Enn úlfrinn hugsaði, at þessi fjöturr var sterkr mjök. ok þat með, at honum hafði afl vaxit, síðan er hann braut Læðing: kom þat í hug, at hann mundi verða at leggja sik í hættu, ef hann skyldi frøgr verða, ok lét leggja á sik fjöturinn. Ok er Æsir töldust búnir, þá hristi úlfrinn sik, spyrndi við, ok laust 10. fjötrinum á jörðina, svá at fjarri flugu brotin; svá drap hann sik or Dróma. Þat er síðan haft fyrir orðtak, at leysi or læðingi, eða drepí or dróma, þá er einn hverr hlutr er ákaffiga sóttir. Eptir þat óttuðust Æsirnir, at þeir mundu eigi fá bundit úlfinn; þá sendi Allföðr svein þann, er Skírnir er nefndr, 15. sendimaðr Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nokkvorra, ok lét gjöra fjötur þann, er Gleipnir heitir. Hann var gjörr af vi hlutum: af dyn kattarins, ok af skeggi konunnar, ok af rótum hjargsins, ok af sinum bjarnarins, ok af anda fisksins, ok af fogls hráka; ok þóttú vitir eigi áðr þessi tíðindi, þá máttu 20. nú finna skjótt hér sönn dæmi, at eigi er logit at þér; sét munt þú hafa, at konan hefir ekki skegg, ok engi dynr verðr af hlaupi kattarins, ok eigi eru rætr undir bjarginu; ok þat veit trúa mín, at jafnsatt er þat allt, er ek hefi sagt þér, þótt þeir sé sumir hlutir, er þú mátt eigi reyna. Þá mælti Gang- 25. leri: þetta má ek at visu skilja, at satt er; þessa hluti má ek sjá, er þú hefir nú til dæma tekít; enn hvernig varð fjöturrinn smíðaðr? Hár svarar: þat kann ek þér vel segja; fjöturrinn var sléttir ok blautr, sem silkiræma, enn svá traustr ok sterkr, sem nú skaltú heyra. Þá er fjöturrinn var færðr Ásunum, þökkuðu þeir vel sendimanni sitt eyrindi. Þá fóru 30. Æsirnir út í vatn þat, er Amsvartnir heitir, í hólm þann, er Lyngvi er kallaðr, ok kölluðu með sér úlfinn, ok sýndu honum silkibandit, ok báðu hann slíta, ok kváðu vera nokkvoru

- traustara, enn líkindi þætti á fyrir digrleiks sakar, ok seldi hverr öðrum ok treysti með handa affi, ok slitnaði eigi; enn þó kváðu þeir úlfrinn slíta mundu. Þá svarar úlfrinn: svá lízt mér á þenna dregil, sem önga frægð munak af hljóta, þótt ek
5. slíta í sundr svá mjótt band; enn ef þat er gört með list ok væl, þótt þat sýnist lítit, þá kemr þat band eigi á mína fœtr. Þá sögðu Æsirnir, at hann mundi skjótt sundr slíta mjótt silki-band, er hann hafði fyrr brotit stóra járnfjötra; enn ef þú fær eigi þetta band slitit, þá muntu ekki hræða mega goðin, enda
10. skulum vær þá leysa þik. Úlfrinn svarar: ef þér bindit mik, svá at ek fæk eigi leyst mik, þá skollit þér svá, at mér mun seint verða at taka af yðr hjálp; ófúss em ek at láta þetta band á mik leggja. Enn heldr enn þér frýit mér hugar þá leggi einn hverr hönd sína í munn mér at veði, at þetta sé falslaust
15. gjört. Enn hver Ásanna sá til annars, ok þótti nú vera tvau vandræði; vildi engi sína hönd framselja, fyrir enn Týr lét fram hönd sína hægri, ok leggr í munn úlfrinum. Enn er úlfrinn spyrnir, þá harðnaði bandit, ok því harðara er hann brauzt um, því skarpara varð bandit. Þá hlógu allir, nema Týr; hann
20. lét hönd sína. Þá er Æsirnir sá, at úlfrinn var bundinn at fullu, þá tóku þeir festina, er or var fjötrinum, er Gelgja heitir, ok drógu hana gögnum hellu mikla, sú heitir Gjöll, ok festu helluna langt í jörð niðr; þá tóku þeir mikinn stein, ok skutu enn lengra í jörðina, sá heitir Þviti, ok höfðu þann
25. stein fyrir festarhælinn. Úlfrinn gapti ákafliga ok fékst um mjök, ok vildi bíta þá; þeir skutu í munn honum sverði nokkvoru; nema hjöltin við neðra gómi, enn efra gómi blóðrefillinn; þat er gómsparrir hans. Hann grenjar illiliga, ok slefa renn or munn hans, þat er á sú, er Von heitir; þar liggir
30. hann til ragnarökrs. Þá mælti Gangleri: furðu illa barna eign gat Loki, enn öll þessi systkin eru mikil fyrir sér. Enn fyri hví drápu Æsir eigi úlfrinn, er þeim er ills ván af honum? Hár svarar: svá mikils virðu goðin ve sín ok gríðastaði, at



eigi vildu þau saurga þá með blóði úlfsins, þótt svá segi spárnar, at hann muni verða at bana Óðni.

36. Þá mælti Gangleri: hverjar eru Ásynjurnar? Hár svarar: Frigg er æðst; hon á þann bæ, er Fensalir heita, ok er hann allvegligr. Önnur er Sága, hon býr á Sökkvabekk, ok er 5. þat mikill staðr. III. er Eir, hon er læknir beztr. IV. er Gefjun, hon er mæð, ok henni þjóna þær er meyjar andast. V. er Fulla, hon er enn mæð, ok ferr laushár, ok gullband um höfuð; hon berr eski Friggjar ok gætir skóklæða hennar, ok veit launráð með henni. VI. Freyja er tignust með Frigg; hon 10. giptist þeim manni, er Óðr heitir; dóttir þeirra heitir Hnoss; hon er svá fögr, at af hennar nafni eru hnossir kallaðar, þat er fagrt er ok gersimligt. Óðr fór í braut langar leiðir, enn Freyja grætr eptir, enn tár hennar eru gull rautt. Freyja á mörg nöfn; enn sú er sök til þess, at hon gaf sér ýmis heiti, 15. er hon fór með ókunnum þjóðum at leita Óðs; hon heitir Mardöll ok Hörn, Gefn, Sýr. Freyja átti Brisingamenn. Hon er ok köllut Vanadís. VII. Sjöfn, hon gætir mjök til at snúa hugum manna til ásta, kvenna ok karla; af hennar nafni er elskhuginn kallaðr sjafni. VIII. Lofn, hon er svá mild ok góð til 20. áheita, at hon fær leyfi af Allföður eða Frigg til manna samgangs, kvenna ok karla, þótt áðr sé bannat eða þvertakit; fyrir því er af hennar nafni lof kallat, ok svá þat, er lofat er mjök af mönnum. IX. Var, hon hlýðir á eida manna ok einkamál, er veita sín á milli konur ok karlar; því heita þau mál 25. varar; hon hefnir ok þeim, er brigða. X. Vör er ok vitr ok spurul, svá at engi hlut má hana leyna; þat er orðtak, at kona verði vör, þess er hon verðr vís. XI. Syn, hon gætir dura í höllinni, ok lýkr fyri þeim, er eigi skulu inn ganga; ok hon er sett til varnar á þingum fyrir þau mál, er maðr vill ósanna; 30. því er þat orðtak, at syn sé fyrir sett, þá er hann neitar, XII. Hlín, hon er sett til gæzlu yfir þeim mönnum, er Frigg vill forða við háska nokkvorum; þaðan af er þat orðtak, at sá, er forðast, hleinir. XIII. Snotra, hon er vitr ok látprúð:



af hennar heiti er kallað snotr kona eða karlmaðr, sá er vitr maðr er. XIV. Gná, hana sendir Frigg í ýmsa heima at eyrindum sínum. Hon á þann hest, er renn lopt ok lög, er heitir Hófvarpnir. Þat var eitt sinn, er hon reið, at Vanir nokk-

5. vorir sá reið hennar í loptinu; þá mælti einn:

Hvat þar flýgr?  
 hvat þar ferr,  
 eða at lopti líðr?

Hon svarar:

10. Né ek flýg,  
 þó ek fer  
 ok at lopti líðk  
 á Hófvarpni,  
 þeim er Hamskerpir  
 gat við Garðrofu.

15.

Af Gnár nafni er svá kallað, at þat gnæfi, er hátt ferr. Sól ok Bil eru taldar með Ásynjum, enn sagt er fyrr frá eðli þeirra.

37. Enn eru þær aðrar, er þjóna skulu í Valhöll, bera drykkju ok gæta borðbúnaðar ok ölgagna. Svá eru þær nefnd-

20. ar í Grímnismálum:

Hrist ok Mist  
 vil ek at mér horn beri,  
 Skeggöld ok Skögul,  
 Hildir og Þrúðr,  
 25. Hlökk ok Herfjötur,  
 Göll ok Geirahöð,  
 Randgríð ok Ráðgríð  
 ok Reginleif,  
 þær bera Einherjum öl.

30. Þessar heita Valkyrjur; þær sendir Óðinn til hverjar orrustu; þær kjósa feigð á menn, ok ráða sigri. Guðr ok Rósta ok norn hin yngsta, er Skuld heitir, ríða jafnan at kjósa val, ok ráða vígum. Jörð, móðir Þórs, ok Rindr, móðir Vala, eru taldar með Ásynjum.

38. Gýmir hét maðr, enn kona hans Örboða; hon var bergrisa ættar; dóttir þeirra er Gerðr, er allra kvenna er fegrst. Þat var einn dag, er Freyr hafði gengið í Hliðskjálf, ok sá of heima alla; enn er hann leit í norðrætt, þá sá hann á einum bæ mikit hús ok fagrt, ok til þess húss gekk kona, ok er hon tók upp höndum, ok lauk hurð fyrir sér, þá lýsti af höndum hennar bæði í lopt ok á lög, ok allir heimar birtust af henni; ok svá hefndi honum þat mikla mikillæti, er hann hafði sezt í þat helga sæti, at hann gekk í braut fullr af harmi. Ok er hann kom heim, mælti hann ekki; hvárki svaf hann né drakk; engi þorði ok at krefja hann orða. Þá lét Njörðr kalla til sín Skírnir, skósvein Freys, ok bað hann ganga til Freys, ok beiða hann orða, ok spyrja, hverjum hann væri svá reiðr, at hann mælti ekki við menn. Enn Skírnir kvezt ganga mundu, ok eigi fúss, ok kvað illra svara vera ván af honum. Enn er hann kom til Freys, þá spurði hann, hví Freyr var svá hnípinn ok mælti ekki við menn. Þá svarar Freyr, ok sagði, at hann hafði sét konu fagra, og fyrir hennar sakar var hann svá harmfullr, at eigi mundi hann lengi lifa, ef hann skyldi eigi ná henni; ok nú skaltu fara, ok biðja hennar mér til handa, ok hafa hana heim hingat, hvárt er faðir hennar vill eða eigi, ok skal ek þat vel launa þér. Þá svarar Skírnir, sagði svá, at hann skal fara sendiferð, enn Freyr skal fá honum sverð sitt; þat var svá gott sverð, at sjálft vásk; enn Freyr lét eigi þat til skorta, ok gaf honum sverðit. Þá fór Skírnir, ok bað honum konunnar, ok fékk heit hennar, ok níu nóttum síðar skyldi hon þar koma, er Barrey heitir, ok ganga þá at brullaupinu með Frey. Enn er Skírnir sagði Frey sitt eyrindi, þá kvað hann þetta:

Löng er nótt,

30.

löng er önnur,

hve mega ek þreyja þjárf?

opt mér mánaðr

minni þótti,  
enn sjá hálf hýnótt.

Þessi sök er til, er Freyr var svá vápnlauss, er hann barðist við Belja, ok drap hann með hjartarhorni. Þá mælti Gang-  
5. leri: Undr mikit er þvílíkr höfðingi, sem Freyr er, vildi gefa sverð, svá at hann átti eigi annat jafngott; geysi mikit mein var honum þat, þá er hann barðist við þann, er Beli heitir; þat veit trúa mín, at þeirrar gjafar mundi hann þá iðrast. Þá svarar Hár: lítit mark var þá at, er þeir Beli hittust; drepa  
10. mátti Freyr hann með hendi sinni: verða mun þat, er Freyr mun þykkja verr viðkoma, er hann missir sverðsins, þá er Múspells synir fara ok herja.

39. Þá mælti Gangleri: þat segir þú, at allir þeir menn, er í orustu hafa fallit frá upphafi heims, eru nú komnir til  
15. Óðins í Valhöll; hvat hefir hann at fá þeim at vistum? Ek hugða, at þar skyldi vera allmikit fjölmenni. Þá svarar Hár: satt er þat, er þú segir, allmikit fjölmenni er þar; enn myklu fleira skal enn verða, ok mun þó of lítit þykkja, þá er úlfrinn kemr. Enn aldri er svá mikill mannföldi í Valhöll, at eigi  
20. má þeim endast flesk galtar þess, er Sæhrímnir heitir; hann er soðinn hvern dag, ok heill að aptni. Enn þessi spyrning, er nú spyr þú, þykki mér líkara at fáir muni svá vísir vera, at hér kunni satt af at segja. Andhrímnir heitir steikarinn, enn Eldhrímnir ketillinn. Svá er hér sagt:

25. Andhrímnir lætr  
í Eldhrímn  
Sæhrímn soðinn,  
fleska bazt,  
enn þat fáir vitu,  
30. við hvat Einherjar alast.

Þá mælti Gangleri: hvárt hefir Óðinn þat sama borðhald sem Einherjar: Hár svarar: þá vist, er á hans borði stendr, gefr hann II úlfum, er hann á, er svá heita, Geri ok Freki, ok

önga vist þarf hann; vín er honnum bæði drykkur ok mat; svá segir hér:

Gera ok Freka  
 seðr gunntamiðr,  
 hróðigr Herjaföðr; 5.  
 enn við vín eitt  
 vápnögöfgr  
 Óðinn æ lifir.

Hrafnar II sitja á öxlum honum, ok segja í eyru hönum öll tíðindi, þau er þeir sjá eða heyra; þeir heita svá; Huginn ok 10.  
 Muninn. Þá sendir hann í dagan at fljúga um allan heim, ok koma þeir aptr at dögurðarmáli; þar af verðr hann margra tíðinda viss; því kalla menn hann Hrafnaguð. Svá sem sagt er:

Huginn ok Muninn  
 fljúga hverjan dag 15.  
 jórmungrund yfir:  
 óumk ek Hugin,  
 at hann aptr né komi,  
 þó sjámk ek meirr at Munin.

40. Þá mælti Gangleri: hvat hafa Einherjar at drykk, 20.  
 þat er þeim endist jafnþógliga sem vistin? eða er þar vatn drukkit? Þá svarar Hár: undarliga spyr þú nú, at Allföðr mun bjóða til sín konungum eða jörlum eða öðrum ríkismönnum, ok muni gefa þeim vatn at drekka; ok þat veit trúa mín, at margr kemr sá til Valhallar, er dýrt mundi þykkjast kaupa 25.  
 vatnsdrykkinn, ef eigi væri betra fagnaðar þangat at vitja, sá er áðr þolir sár ok sviða til banans. Annat kann ek þér þaðan segja. Geit sú, er Heiðrún heitir, stendr uppi á Valhöll, ok býr barr af limum trés þess, er mjök er nafnfrægt, er Ler-  
 aðr heitir, enn or spenum hennar rennr mjöðr sá er hon fyllir 30.  
 skapker hvern dag; þat er svá mikit, at allir Einherjar verða fulldrukkniir af. Þá mælti Gangleri: þat er þeim geysi hagglig geit; forkunnar göðr viðr mun þat vera, er hon býr af. Þá mælti Hár: enn er meira mark at of hjörtinn Eikþyrni,



er stendr á Valhöll ok bítr af limum þess trés; enn af horn-  
um hans verðr svá mikill dropi, at niðr kemr í Hvergelmi, enn  
þaðan af falla ár. þær er svá heita: Síð, Víð, Sekin, Ekin,  
Svöl, Gunnþró, Fjorm, Fimbulpul, Gípul, Göpul, Gömul, Geir-  
5. vimul; þessar falla um Ásabygðir. Þessar eru enn nefndar:  
Þyn, Vin, Þöll, Böll, Gráð, Gunnþráin, Nyt, Nöt, Nönn,  
Hrönn, Vína, Vegsvinn, Þjóðnuma.

41. Þá mælti Gangleri: þetta eru undarlig tíðindi, er nú  
sagðir þú. Geysi mikit hús mun Valhöll vera; allþröngt mun  
10. þar opt vera fyrir durum. Þá svarar Hár: hví spyrst þú eigi  
þess, hversu margar dyrr eru á Valhöll, eða hversu stórar?  
Ef þú heyrir þat sagt, þá muntu segja, at hitt er undarligt,  
ef eigi má ganga út ok inn hvern er vill. Enn þat er með  
sönnu at segja, at eigi er þröngra at skipa hana, enn ganga  
15. í hana. Hér máttu heyra í Grímnismálum:

Fimm hundruð dura  
ok of fjórum tögum,  
svá hygg ek á Valhöll vera;  
átta hundruð Einherja  
20. ganga senn or einum durum,  
þá er þeir fara við vitni at vega.

42. Þá mælti Gangleri: allmikill mannfjöldi er í Valhöll;  
svá njóta ek trú minnar, at allmikill höfðingi er Óðinn, er hann  
stýrir svá miklum her; eða hvat er skemtun Einherjanna, þá  
25. er þeir drekka eigi? Hár svarar: hvern dag, þá er þeir hafa  
klæðzt, þá hervæða þeir sik, ok ganga út í garðinn ok ber-  
jast, ok fellir hvern annan; þat er leikr þeirra. Ok er líðr at  
dögurðarmáli, þá ríða þeir heim til Valhallar, ok setjast til  
drykkju. Svá sem hér segir:

Allir Einherjar  
30. Óðins túnnum í  
höggvast hverjan dag;  
val þeir kjósa



ok ríða vígi frá,

sitja meirr um sáttir saman.

Enn satt er þat, er þú sagðir, mikill er Óðinn fyrir sér: mörg dæmi finnast til þess. Svá er hér sagt í orðum sjálfra Ásanna:

5.

Askr Yggdrasils,

hann er æðstr víða;

enn Skíðblaðnir skipa,

Óðinn Ása,

enn jóa Sleipnir:

10.

Bifröst brúa,

enn Bragi skálda:

Hábrók hauka,

enn hunda Garmr.

43. Þá mælti Gangleri: hverr á þann hest, Sleipni? eða 15.  
 hvat er frá honum at segja? Hár svarar: eigi kantú deili á Sleipni, ok eigi veiztú atburði, af hverju hann kom, enn þat mun þér þykkja frásagnar vert. Þat var snimma í öndverða bygð goðanna, þá er goðin höfðu sett Miðgarð ok gert Valhöll, þá kom þar smiðr nokkvorr, ok bauð at gera þeim borg 20.  
 á þrim misserum svá góða, at trú ok örugg væri fyrir Bergrisum ok Hrímpussum, þótt þeir komi inn um Miðgarð. Enn hann mælti sér þat til kaups, at hann skyldi eignast Freyju, ok hafa vildi hann sól ok mána. Þá gengu Æsirnir á tal ok réðu ráðum sínum, ok var þat kaup gert við smiðinn, at hann 25.  
 skyldi eignast þat, er hann mælti til, ef hann fengi gert borgina á einum vetri; enn hinn fyrsta sumars dag ef nokkvorr hlutr væri ógjörri at borginni, þá skyldi hann af kaupinu: skyldi hann af öngum manni lið þiggja til verksins. Ok er þeir sögðu honum þessa kosti, þá beiddist hann, at þeir skyldu 30.  
 lofa, at hann hefði lið af hesti sínum, er Svaðilfari hét; enn því réð Loki, er þat var tillagt við hann. Hann tók til hinn fyrsta vetrardag at gjöra borgina; enn of nætr dró hann til grjót á hestinum; enn þat þótti Ásunum mikit undr, hversu stór

- björg sá hestr dró, ok hálfu meiri þrekvirki gerði hestrinn, enn smiðrinn; enn at kaupi þeirra váru sterk vitni ok mörg sœri, fyrir því at jötuninum þótti ekki trygt at vera með Ásum gríðalaust, ef Þórr kvæmi heim; enn þá var hann farinn í
5. Austrveg, at berja tröll. Enn er á leið vetrinn, þá sóttist mjök borgargerðin, ok var hon svá há ok sterk, at eigi mátti á þat leita. Enn þá er III dagar váru til sumars, þá var komit mjök at borghliði. Þá settust guðin á dómstóla sína ok leituðu ráða, ok spurði hverr annan. hverr því hefði ráðit, at gipta
10. Freyju í Jötunheima eða spilla loptinu ok himninum svá, at taka þaðan sól ok tungl. ok gefa jötnum; enn þat kom ásamt með öllum, at þessu mundi ráðit hafa, sá er flestu illu ræðr, Loki Laufeyjarson, ok kváðu hann verðan ills dauða, ef eigi hittu hann ráð til, at smiðrinn væri af kaupinu, ok veittu Loka
15. atgöngu. Enn er hann varð hræddr, þá svarði hann eiða, at hann skyldi svá til haga, at smiðrinn skyldi af kaupinu, hvat sem hann kostaði til. Ok hit sama kveld, er smiðrinn ók út eptir grjótinu með hestinn Svaðilfara, þá hljóp or skógi nokkvorum merr at hestinum, ok hrein við. Enn er hestrinn
20. kenndi, hvat hrossi þetta var, þá æddist hann, ok sleit sundr reipin, ok hljóp til merarinnar, enn hon undan til skógar; ok smiðrinn eptir, ok vill taka hestinn, enn þessi hross hlaupa alla nótt, ok dvelst smíðin þá nótt; ok eptir um daginn varð ekki svá smíðat, sem fyrr hafði orðit. Ok þá er smiðrinn sér, at
25. eigi mun lokit verða verkinu, þá færist smiðrinn í jötunmód. Enn er Æsirnir sá þat til viss, at þar var bergrisi kominn, þá varð eigi þyrmt eiðunum, ok kölluðu þeir á Þór; ok jafn-skjótt kom hann, ok því næst fór á lopt hamarinn Mjólnir; galt þá smíðarkaupt, ok eigi sól ok tungl, heldr synjaði hann
30. honum at byggva í Jötunheimum, ok laust þat hit fyrsta högg, er haussinn brotnaði í smán mola, ok sendi hann niðr undir Niflhel. Enn Loki hafði þá ferð haft til Svaðilfara, at nokkvoru síðarr bar hann fyl; þat var grátt, ok hafði VIII fœtr, ok er sá hestr beztr með goðum ok mönnum. Svá segir í Völuspá:

Þá gengu regin öll  
 á rökstóla,  
 ginnheilug goð,  
 ok of þat gættust,  
 hverr hefði lopt allt 5.  
 lævi blandit,  
 eða ætt jötuns  
 Óðs mey gefna.  
 Á gengust eiðar,  
 orð ok særi, 10.  
 mál öll meginleg,  
 er á meðal fóru.  
 Þórr einn þat vann  
 þrunginn móði;  
 hann sjaldan sitr, 15.  
 er hann slíkt of fregn.

44. Þá mælti Gangleri: hvat er at segja frá Skíðblaðni,  
 er hann er beztr skipa? Hvárt er ekki skip jafngott, sem hann  
 er. eða jafnmikit? Hár svarar: Skíðblaðnir er beztr skipanna,  
 ok með mestum hagleik gerr; enn Naglfari er mest skip; þat 20.  
 er á Múspell. Dvergar nokkvorir, synir Ívalda, gjörðu Skíð-  
 blaðni, ok gáfu Frey skipit; hann er svá mikill, at allir Æsir  
 megu skipa hann með vápnum ok herbúnaði, ok hefir hann  
 byr, þegar er segl er dregit, hvert er fara skal. Enn þá er  
 eigi skal fara með hann á sæ, þá er hann görr af svá mörg- 25.  
 um hlutum ok með svá mikilli list, at hann má vefja saman,  
 sem dúk, ok hafa í pungu sínum.

45. Þá mælti Gangleri: gott skip er Skíðblaðnir; enn all-  
 mikil fjölkyngi mun við vera höfð. áðr svá fái gjört. Hvárt  
 hefir Þórr hvergi svá farit, at hann hafi hitt fyrir sér svá ríkt 30.  
 eða ramt, at honum hafi ofrefli í verit fyrir afls sakar eða fjöl-  
 kyngi? Þá mælti Hár: fár maðr vættir mik at frá því kunn-  
 segja, enn mart hefir honum harðfært þótt; enn þótt svá hafi  
 verit. at nokkvorrr hlutr hafi svá verit ramr eða sterkr. at Þórr

- hafi eigi sigr fengit á unnit, þá er eigi skylt at segja frá, fyrir því at mörg dæmi eru til þess, ok því eru allir skyldir at trúa, at Þórr er máttkastr. Þá mælti Gangleri: svá lízt mér, sem þess hlutar mun ek yðr spurt hafa, er engi er til fær at segja.
5. Þá mælti Jafnhár: heyrnt höfum vér sagt frá þeim atburðum, er oss þykkja ótrúligir at sannir muni vera; enn hér mun sjá sitja nær, er vita mun sönn tíðindi af at segja, ok muntú því trúa, at hann mun eigi ljúga nú hit fyrsta sinn, er aldri laug fyrr. Þá mælti Gangleri: hér mun ek standa ok hlýða, ef nokkvoorr
10. orlausn fæst þessa máls; enn at öðrum kosti kalla ek yðr vera yfirkomna, ef þér kunnit eigi at segja, þat er ek spyr. Þá mælti Friði: auðsýnt er nú, at hann vill þessi tíðindi vita, þótt oss þykki eigi fagrt at segja. Þat er upphaf þessa máls, at Öku-Þórr fór með hafra sína ok reið, ok með honum sá
15. Áss, er Loki er kallaðr; koma þeir at kveldi til eins búanda, ok fá þar náttstað. Enn um kveldit tók Þórr hafra sína ok skar báða; eptir þat váru þeir flegnir ok bornir til ketils; enn er soðit var, þá settist Þórr til náttverðar ok þeir lagsmenn. Þórr bauð til matar með sér búandanum ok konu hans ok
20. börnum þeirra; sonr búa hét Þjálfi, enn Röskva dóttir. Þá lagði Þórr hafrstökurnar utar frá eldinum, ok mælti, at búandi ok heimamenn hans skyldu kasta á hafrstökurnar beinunum. Þjálfi, son búanda, hélt á lærlegg hafrsins, ok spretti á knífi sínum, ok braut til mergjar. Þórr dvaldist
25. þar of nóttina; enn í óttu fyrir dag stóð hann upp ok klæddi sik, tók hamarinn Mjölni ok brá upp, ok vígði hafrstökurnar; stóðu þá upp hafrarnir, ok var þá annarr haltr eþtra fæti. Þat fann Þórr, ok taldi, at búandinn eða hans hjón mundi eigi skynsamlega hafa farit með beinum hafrsins;
30. kennir hann, at brotinn var lærleggrinn. Eigi þarf langt frá því at segja; vita megu þat allir, hversu hræddr búandinn mundi verða, er hann sá, at Þórr lét síga brýnnar ofan fyrir augun; enn þat er sá augnanna, þá hugðist hann falla mundu fyrir sjóninni einni samt; hann herði hendurnar at hamarskapt-



inu, svá at hvítuðu knúarnir. Enn búandinn gerði, sem ván var, ok öll hjúnin, kölluðu ákaflega, báðu sér friðar; buðu, at fyrir kvæmi allt þat, er þau áttu. Enn er hann sá hræzlu þeirra, þá gekk af honum móðrinn, ok sefaðist hann, ok tók af þeim í sætt börn þeirra, Þjálfu ok Rösku, ok gjörðust þau þá skyldir þjónustumenn Þórs, ok fylgja þau honum jafnan síðan. 5.

46. Lét hann þar eptir hafra, ok byrjaði ferðina austr í Jötunheima, ok allt til hafsins, ok þá fór hann út yfir hafit þat hit djúpa; enn er hann kom til lands, þá gekk hann upp, ok með honum Loki ok Þjálfu ok Röskva. Þá er þau höfðu litla hríð gengit, varð fyrir þeim mörk stór; gengu þau þann dag allan til myrks. Þjálfu var allra manna fót hvatastr; hann bar kyl Þórs, enn til vista var eigi gott. Þá er myrkt var orðit, leituðu þeir sér til náttstaðar, ok fundu fyrir sér skála nokk-vorn mjök mikinn; váru dyrr á enda ok jafnbreiðar skálanum; þar leituðu þeir sér náttbóls. Enn of miðja nótt varð landskjálfti mikill gekk jörðin undir þeim skykkjum, ok skalf húsit; þá stóð Þórr upp ok hét á lagsmenn sína, ok leituðust fyrir, ok fundu afhús til hægri handar í miðjum skálanum, ok gengu þanneg; settizt Þórr í dyrrin, enn önnur þau váru innar frá honum, ok váru þau hrædd enn Þórr hélt hamarskaptinu ok hugði at verja sik; þá heyrðu þau ym mikinn ok gný. Enn er kom at dagan, þá gekk Þórr út, ok sér, hvar lá maðr skamt frá honum í skóginum, ok var sá eigi lítill; hann svaf ok hraut sterkliga. Þá þóttist Þórr skilja, hvat látum verit hafði of nóttina; hann spennir sik megingjörðum, ok óx honum ásmegin; enn í því vaknar sá maðr, ok stóð skjótt upp; enn þá er sagt, at Þórr varð bilt einu sinni, at slá hann með hamrinum, ok spurði hann at nafni, enn sá nefndist Skrýmir: enn eigi þarf ek, sagði hann, at spyrja þik at nafni, kenni ek, at þú ert Ása-Þórr; enn hvárt hefir þú dregit á braut hanzka minn? Seildist þá Skrýmir til, ok tók upp hanzka sinn; sér Þórr þá, at þat hafði hann haft of nóttina fyrir skála, enn afhúsit, þat var þumlungrinn hanzkans. Skrýmir spurði, ef



Þórr vildi hafa föruneysi hans, enn Þórr játti því. Þá tók Skrýmir, ok leysti nestbagga sinn, ok bjóst til at eta dögurð, enn Þórr í öðrum stað, ok hans félagar. Skrýmir bauð þá, at þeir legði mötuneysi sitt, enn Þórr játti því; þá batt Skrým-  
 5. ir nest þeirra alt í einn bagga, ok lagði á bak sér; hann gekk fyrir of daginn, ok steig heldr stórum, enn síðan at kveldi leit- aði Skrýmir þeim náttstaðar undir eik nokkvorri mikilli. Þá mælti Skrýmir til Þórs, at hann vill leggjast niðr at sofa: enn þér takit nestbaggann, ok búit til nátturðar yðr. Því næst  
 10. sofnað Skrýmir ok hraut fast; enn Þórr tók nestbaggann, ok skal leysa; enn svá er at segja, sem ótrúligt mun þykkja, at engan knút fékk hann leyst, ok engan áarendann hreyft, svá at þá væri lausari enn áðr. Ok er hann sér, at þetta verk má eigi nýtast, þá varð hann reiðr; greip hann hamarinn Mjölni  
 15. tveim höndum, ok steig fram öðrum föti, at þar er Skrýmir lá, ok lýstr í höfuð honum; enn Skrýmir vaknar ok spyr, hvárt laufsblað nakkvart félli í höfuð honum, eða hvárt þeir hefði þá matazt, ok sé búnir til rekkna? Þórr segir, at þeir munu þá sofa ganga. Ganga þau þá undir aðra eik. Er þat  
 20. þér satt at segja, at ekki var þá óttalaust at sofa. Enn at miðri nótt, þá heyrir Þórr, at Skrýmir hrýtr, ok sefr fast, svá at dunar í skóginum. Þá stendr hann upp ok gengr til hans, reiðir hamarinn títt ok hart, ok lýstr ofan á miðjan hvirfil honum; hann kennir, at hamars-muðrinn sökkr djúpt í höf-  
 25. uðit. Enn í því bili vaknar Skrýmir, ok mælti: hvat er nú? féll akarn nokkvot í höfuð mér? eða hvat er títt um þik, Þórr? Enn Þórr gekk aptr skyndiliga, ok svarar, at hann var þá nývaknaðr, sagði, at þá var miðnótt, ok enn væri mál at sofa. Þá hugsaði Þórr þat, ef hann kvæmi svá í færi, at slá hann  
 30. hit þriðja högg, at aldri skyldi hann sjá sik síðan; liggr nú ok gætir, ef Skrýmir sofnaði fast. Enn litlu fyrir dagan, þá heyrir hann, at Skrýmir mun sofnað hafa; stendr þá upp, ok hleypr at honum; reiðir þá hamarinn af öllu affli, ok lýstr á þunnvangann, þann er upp vissi; sökkr þá hamarinn upp at

skaptinu. Enn Skrýmir settist upp, ok strauk of vangann, ok mælti: hvárt munu foglar nokkvorir sitja í trénu yfir mér? mik grunar, er ek vaknaða, at tros nokkvort af kvistunum félli í höfuð mér; hvárt vakir þú, Þórr? Mál mun vera upp at standa ok klæðast, enn ekki eigut þér nú langa leið fram til borgarinnar, er kallat er Útgarðr. Heyrt hefi ek, at þér hafit kvisat í milli yðvar, at ek væra ekki lítill maðr vexti, enn sjá skulut þér þar stærri menn, ef þér komit í Útgarð. Nú mun ek ráða yðr heilræði: látit þér eigi stórliga yfir yðr; ekki munu hirðmenn Útgarða-Loka vel þola þvilíkum kögursveinum köptryði; enn at öðrum kosti hverfit aptr, ok þann ætla ek yðr betra af at taka. Enn ef þér vilit fram fara, þá stefnit þér í austr, enn ek á nú norðr leið til fjalla þessa, er nú munut þér sjá mega. Tekr Skrýmir nestbaggann, ok kastar á bak sér, ok snýr þvers á braut í skóginn frá þeim, ok er þess eigi getit, at Æsirnir bæði þá heila hittast.

47. Þórr fór fram á leið ok þeir félagar, ok gekk fram til miðs dags; þá sá þeir borg standa á völlum nokkvorum, ok settu hnakkann á bak sér aptr, áðr þeir fengu sét yfir upp; ganga til borgarinnar, ok var grind fyrri borghliðinu, ok lokin aptr. Þórr gekk á grindina, ok fékk eigi upp lokit, enn er þeir þreyttu at komast í borgina, þá smugu þeir milli spalanna, ok komu svá inn; sá þá höll mikla, ok gengu þannig; var hurðin opin; þá gengu þeir inn, ok sá þar marga menn á tvá bekki, ok flesta ærit stóra. Því næst koma þeir fyrir konunginn Útgarða-Loka, ok kvöðdu hann, enn hann leit seint til þeirra, ok glotti um tönn, ok mælti: seint er um langan veg at spyrja tíðinda, eða er annan veg, enn ek hygg, at þessi sveinstauli sé Öku-Þórr? enn meiri muntu vera, enn mér lízt þú; eða hvat íþrótt er þat, er þér félagar þykkist vera viðbúnir? Engi skal hér vera með oss, sá er eigi kunnri nokkorskonar list eða kunnandi um fram flesta menn. Þá segir sá, er síðarst gekk, er Loki heitir: kann ek þá íþrótt, er ek em albúinn at reyna, at engi er hér sá inni, er skjótara skal eta mat

- sinn enn ek. Þá svarar Útgarða-Loki: íþrótt er þat, ef þú efnir, ok freista skal þá þessar íþróttar; kallaði utar á bekkinn, at sá, er Logi heitir, skal ganga á gólf fram, ok freista sín móti Loka. Þá var tekit trog eitt, ok borit inn á hallargólfít,
5. ok fyllt af slátri; settist Loki at öðrum enda, enn Logi at öðrum, ok át hvárrtveggi sem tíðast. ok mœttust í miðju troginu; hafði þá Loki etit slátr alt af beinum, enn Logi hafði ok etit slátr alt, ok beinin með, ok svá trogit; ok sýndist nú öllum, sem Loki hefði látit leikinn. Þá spyr Útgarða-Loki, hvat sá
10. hinn ungi maðr kunnir leika. Enn Þjálfi segir, at hann mun freista at renna skeið nokkvor við einhvern, þann er Útgarða-Loki fær til. Útgarða-Loki segir, at þetta er góð íþrótt, ok kallar þess meiri ván, at hann sé vel at sér búinn of skjót-leikinn, ef hann skal þessa íþrótt inna; enn þó lætr hann
15. skjótt þessa skulu freista. Stendr þá upp Útgarða-Loki ok gengr út, ok var þar gott skeið at renna eptir sléttum velli. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinstaula nokkvorn, er nefndr er Hugi, ok bað hann renna í köpp við Þjálfu. Þá taka þeir hit fyrsta skeið, ok er Hugi því framarr, at hann snýst aptr í
20. móti honum at skeiðsenda. Þá mælti Útgarða-Loki: Þurfa muntu, Þjálfi, at leggja þik meirr fram, ef þú skalt vinna leikinn; enn þó er þat satt, at ekki hafa hér komit þeir menn, er mér þykkir fóthvatari enn svá. Þá taka þeir aptr annat skeið, ok þá er Hugi er kominn til skeiðsenda, ok hann snýst
25. aptr, þá var langt kólfskot til Þjálfu. Þá mælti Útgarða-Loki: vel þykki mér Þjálfi renna; enn eigi trúi ek honum nú, at hann vinni leikinn, enn nú mun reyna, er þeir renna hit III. skeiðit. Þá taka þeir enn skeið; rennr Hugi til skeiðsenda, ok snýst aptr, ok er Þjálfi eigi þá kominn á mitt skeiðit; þá segja
30. allir, at reynt er um þenna leik. Þá spyr Útgarða-Loki Þórr hvat þeirra íþróttu mun vera, er hann muni vilja birta fyrir þeim, svá miklar sögur sem menn hafa gjört um stórvirki hans. Þá mælti Þórr, at helzt vill hann þat taka til, at þreyta drykkju við einhvern mann. Útgarða-Loki segir, at

þat má vel vera, ok gengr inn í höllina ok kallar skutilsvein sinn, biðr, at hann taki vítishorn, þat er hirðmenn eru vanir at drekka af. Því næst kemr fram skutilsveinn með horninu, ok fær Þórr í hönd. Þá mælti Útgarða-Loki: af horni þessu þykkir þá vel drukkit, ef í einum drykk gengr af, enn sumir menn drekka af í tveim drykkjum, enn engi er svá lítill drykkjumaðr, at eigi gangi af í þrimr. Þórr lítr á hornit, ok sýnist ekki mikit, ok er þó heldr langt, enn hann er mjök þyrstr; tekr at drekka ok svelgr allstórum, ok hygg, at eigi skal þurfa at lúta optarr at sinni í hornit. Enn er hann þraut eyrindit, ok hann laut or horninu, ok sér, hvat leið drykkinum, ok lízt honum svá, sem alllítill munr mun vera, at nú sé lægra í horninu, enn áðr. Þá mælti Útgarða-Loki: vel er drukkit, ok eigi til mikit; eigi mundak trúa, ef mér væri sagt frá, at Ása-Þórr mundi eigi meira drykk drekka; enn þó veit ek, at þú munt vilja drekka af í öðrum drykk. Þórr svarar öngu, setr hornit á munn sér, ok hygg nú, at hann skal drekka meira drykk, ok þreytir á drykkjuna, sem honum vannst til eyrindi, ok sér enn, at stikillinn hornsins vill ekki upp svá mjök, sem honum líkar; ok er hann tók hornit af munn sinni sér, ok sér, lízt honum nú svá, sem minna hafi þorrit, enn í hinu fyrri sinni: er nú gott berandi borð á horninu. Þá mælti Útgarða-Loki: hvat er nú, Þórr? muntu nú eigi sparast til eins drykkjar meira enn þér mun hagr á vera? Svá lízt mér, ef þú skalt nú drekka af horninu hinn þriðja drykkinn, sem þessi mun mestr ætlaðr; enn ekki muntu mega hér með oss heita svá mikill maðr, sem Æsir kalla þik, ef þú gjörir eigi meira af þér um aðra leika, enn mér lízt sem um þenna mun vera. Þá varð Þórr reiðr, setr hornit á munn sér, og drekk, sem ákaffigast má hann, ok þreytir sem lengst á drykkinn; enn er hann sá í hornit, þá hafði nú helzt nokkut munr á fengizt, ok þá býð hann upp hornit, ok vill eigi drekka meira. Þá mælti Útgarða-Loki: auðsét er nú, at mátt þinn er ekki svá mikill, sem vér hugðum; enn viltu freista um fleira leika? sjá má nú, at



- ekki nýtir þú hér af. Þórr svarar: freista má ek enn of nokkura leika, enn undarliga mundi mér þykkja, þá er ek var heima með Ásum, ef þvílíkir drykkir væri svá litlir kallaðir. Enn hvat leik vilit þér nú bjóða mér? Þá mælti Útgarða-Loki:
5. Þat gjöra hér ungir sveinar, er lítit mark mun at þykkja, at hefja upp af jörðu kött minn; enn eigi mundak kunna at mæla þvílíkt við Ása-Þór, ef ek hefði eigi sét fyrr, at þú ert miklu minni fyrir þér, enn ek hugða. Því næst hljóp fram köttr einn grár á hallargólfít, ok heldr mikill; enn Þórr gekk til, ok tók
10. hendi sinni niðr undir miðjan kviðinn, ok lypti upp, enn köttrinn beygði kenginn, svá sem Þórr rétti upp höndina; enn er Þórr seildist svá langt upp, sem hann mátti lengst, þá létti köttrinn einum fæti, ok fær Þórr eigi framit þenna leik. Þá mælti Útgarða-Loki: svá fór þessi leikr, sem mik varði; köttrinn
15. er heldr mikill, enn Þórr er lágr ok lítill hjá stórmenni því, sem hér er með oss. Þá mælti Þórr: svá lítinn sem þér kallit mik, þá gangi nú til einnhverr ok fáist við mik; nú em ek reiðr. Þá svarar Útgarða-Loki, ok litast um á bekkina, ok mælti: eigi sé ek þann mann hér inni, er eigi mun lítílæði í þykkja, at
20. fást við þik; ok enn mælti hann: sjám fyrst, kalli mér hingat kerlinguna, fósturu mína, Elli, ok fáist Þórr við hana, ef hann vill; fellt hefir hon þá menn, er mér hafa litizt eigi ósterkligri, enn Þórr er. Því næst gekk í höllina kerling ein gömul. Þá mælti Útgarða-Loki, at hon skal taka fang við
25. Ása-Þór. Ekki er langt um at gjöra; svá fór fang þat, at því harðara er Þórr knúðist at fanginu, því fastara stóð hon; þá tók kerling at leita til bragða, ok varð Þórr þá laus á fótum, ok váru þær sviptingar allharðar, ok eigi lengi, áðr enn Þórr féll á kné öðrum fæti. Þá gekk til Útgarða-Loki, bað
30. þau hætta fanginu, ok sagði svá, at Þórr mundi eigi þurfa at bjóða fleirum mönnum fang í hans höll; var þá ok liðit á nótt; vísaði Útgarða-Loki Þór ok þeim félögum til sætis, ok dveljast þar náttlangt í góðum fagnaði.

48. Enn at morni, þegar dagaði, stendr Þórr upp ok þeir

félagar, klæða sik, ok eru búnir braut at ganga. Þá kom þar Útgarða-Loki, ok lét setja þeim borð; skorti þá eigi góðan fagnað, mat ok drykk. Enn er þeir hafa matazt, þá snúast þeir til ferðar. Útgarða-Loki fylgir þeim út, gengr með þeim braut or borginni; enn at skilnaði, þá mælti Útgarða-Loki til Þórs, ok spyrr, hvernig honum þykkir ferð sín orðin, eða hvárt hann hefir hitt ríkara mann nokkvorn, enn sik. Þórr svarar, at eigi mun hann þat segja, at eigi hafi hann mikla ósæmd farit í þeirra viðskiptum; enn þó veit ek, at þér munut kalla mik lítinn mann fyrir mér, ok uni ek því illa. Þá mælti Útgarða-Loki: nú skal segja þér hit sanna, er þú ert út kominn or borginni, at ef ek lifi ok megak ráða, þá skaltu aldri optarr í hana koma; ok þat veit trúa mín, at aldri hefðir þú í hana komit, ef ek hefða vitat áðr, at þú hefðir svá mikinn krapt með þér, ok þú hafðir svá nær haft oss mikilli ófæru. Enn sjónhverfingar hefi ek gert þér, svá at fyrsta sinn, er ek fann þik á skóginum, kom ek til fundar við yðr; ok þá er þú skyldir leysa nestbaggann, þá hafðak bundit með gresjárni, enn þú fant eigi, hvar upp skyldi lúka. Enn því næst laust þú mik með hamrinum III högg, ok var hit fyrsta minnst, ok var þó svá mikít, at mér mundi endast til bana, ef á hefði komit; en þar er þú sátt hjá höll minni setberg, ok þar sáttú ofan í þrjá dali ferskeytta, ok einn djúpastan, þar váru hamarspor þín; setberginu brá ek fyrir högginn, enn eigi sátt þú þat. Svá var ok of leikana, er þér þreyttut við hirðmenn mína, þá var þat hit fyrsta, er Loki gjörði; hann var mjök soltinn, ok át títt; enn sá er Logi hét, þat var villieldr, ok brendi hann eigi seinna slátrit enn trogit. Enn er Þjálfi þreytti rásina við þann, er Hugi hét, þat var hugi minn, ok var Þjálfa eigi vænt, at þreyta skjótfæri hans. Enn er þú drakkt af horninu, ok þótti þér seint líða; enn þat veit trúa mín, at þá varð þat undr, er ek munda eigi trúa at vera mætti; annarr endir hornsins var út í hafi, enn þat sáttú eigi; enn nú, er þú kemr til sjávarins, þá muntú sjá mega, hvern þurð þú hefir drukkit á sænum;

- þat eru nú fjörur kallaðar. Ok enn mælti hann: eigi þótti mér hitt minna vera vert, er þú lyptir upp kettinum, ok þér satt at segja, þá hræddust allir þeir er sá, er þú lyptir af jörðu einum fœtinum; enn sá kœttr var eigi, sem þér sýndist;
5. þat var Miðgarðsormr, er liggur um lönd öll, ok vanst honum varliga lengðin til, at jörðina tœki sporðr ok höfuð; ok svá langt seildist þú upp, at skamt var þá til himins. Enn hitt var ok mikit undr um fangit, er þú fékkst við Elli; fyrir því at engi hefir sá orðit, ok engi mun verða, ef svá gamall verðr, at
10. elli bíðr, at eigi komi ellin öllum til falls. Ok er nú þat satt at segja, at vær munum skiljast, ok mun þá betr hvárra- tveggju handar, er þér komit eigi optarr mik at hitta; ek mun enn annat sinn verja borg mína með þvílíkum vælum eða öðrum, svá at ekki vald munut þér á mér fá. Enn er Þórr heyrði
15. þessa tölu, greip hann til hamarsins, ok bregðr á lopt; enn er hann skal fram reiða, þá sér hann þar hvergi Útgarða-Loka, ok þá snýst hann aptr til borgarinnar, ok ætlast þá fyrir at bijóta borgina; þá sér hann þar völlu víða ok fagra, enn önga borg. Snýst hann þá aptr ok ferr leið sína, til þess er hann
20. kom aptr í Þrúðvanga. Enn þat er satt at segja, at þá hafði hann ráðit fyrir sér at leita til, ef saman mætti bera fundi þeirra Miðgarðsorms, sem síðan varð. Nú ætla ek engan kunna þér sannara at segja frá þessi ferð Þórs.

49. Þá mælti Gangleri: allmikill er fyrir sér Útgarða-Loki,
25. enn með vælum ok fjölkyngi ferr hann mjök; enn þat má sjá, at hann er mikill fyrir sér, at hann átti hirðmenn þá, er mikinn mátt hafa. Eða hvárt hefir Þórr ekki þess hefnt? Hár svarar: eigi er þat ókunnigt, þótt eigi sé frœðimenn, at Þórr leiðrétti þessa ferðina, er nú var sagt, ok dvaldist ekki lengi
30. heima, áðr hann bjóst svá skyndilega til ferðarinnar, at hann hafði eigi reið, ok eigi hafrana, ok engi föruneyti. Gekk hann út of Miðgarð, svá sem ungr drengr, ok kom einn aptan at kveldi til jötuns nokkvors; sá er Ýmir nefndr. Þórr dvaldist þar at gistingu of nóttina. Enn í dagan stóð Ýmir upp ok

klæddist, ok bjóst at róa á sæ til fiskjar. Enn Þórr spratt upp, ok var skjótt búinn, ok bað, at Ýmir skyldi láta hann róa á sæ með sér, enn Ýmir segir, at lítil liðsemð mundi at honum vera, er hann var lítill ok ungmenni eitt; ok mun þik kala, ef ek sit svá lengi ok utarliga á miðum, sem ek ein vanr. 5.

Enn Þórr sagði, at hann mundi róa mega fyrir því frá landi, at eigi var víst, hvárt hann mundi fyrr beiðast at róa utan; ok reiddist Þórr jötninum svá, at þá var búit, at hann mundi þegar láta hamarinn skjalla honum; enn hann lét þat við berast, því at hann hugðist þá at reyna afl sitt í öðrum stað. 10.

Hann spurði Ými, hvat þeir skyldu hafa at beitum, enn Ýmir bað hann fá sér sjálfan beitur. Þá snerist Þórr á braut, þangat er hann sá öxnaflokk nokkvorn, er Ýmir átti; hann tók hinn mesta uxann, er Himinbrjótr hét, ok sleit af höfuðit, ok fór með til sjóar; hafði þá Ýmir út skotit nökkvanum. Þórr 15.

gekk á skipit, ok settist í austrúr, tók II árar ok reyri, ok pótti Ými skriðr verða af róðri hans. Ýmir reri í hálsinum fram, ok sóttist skjótt róðrinn; sagði þá Ýmir, at þeir váru komnir á þær vastir, er hann var vanr at sitja ok draga flata fiska; enn Þórr kveðst vilja róa myklu lengra, ok tóku þeir enn 20.

snertiróðr; sagði Ýmir þá, at þeir váru komnir svá langt út, at hætt var at sitja utar fyrir Miðgarðsormi, enn Þórr kveðst mundu róa eina hríð. ok svá gjörði hann, enn Ýmir var þá allókátr. Enn þá er Þórr lagði upp árar, greiddi hann til vað heldr sterkjan, ok eigi var öngullinn minni eða óramligri; 25.

þar lét Þórr koma á öngullinn oxahöfuðit, ok kastaði fyrir borð, ok fór öngullinn til grunns, ok er þá svá satt at segja, at engu minnr ginti þá Þórr Miðgarðsorm, enn Útgarða-Loki hafði spottat Þórr, þá er hann hóf orminn upp á hendi sér. Miðgarðsormr gein yfir oxahöfuðit, enn öngullinn vá í góminn 30.

orminum, enn er ormrinn kendi þess, brá hann við svá hart, at báðir hnefar Þórs skullu út at borðinu; enn þá varð Þórr reiðr, ok færðist í ásmegin, spyrndi við svá fast, at hann hljóp báðum fótum gögnum skipit, ok spyrndi við grunn; dró þá



orminn upp at borði. Enn þat má segja, at engi hefir sá sét ógurligar sjónir, er eigi mátti þat sjá, er Þórr hvesti augun á orminn, enn ormrinn starði neðan í mót, ok blés eitrinu. Þá er sagt, at jötuninn Ýmir gjörðist litverpr, fölnaði ok hræddist, 5. er hann sá orminn, ok þat, er særinn féll út ok inn of nökkvann; ok í því bili er Þórr greip hamarinn, ok færði á lopt, þá fálmaði jötuninn til agnsaxins, ok hjó vað Þórs af borði, enn ormrinn sökktist í sæinn; enn Þórr kastaði hamrinum eptir honum, ok segja menn, at hann lýsti af honum höfuðit við 10. grunninum; enn ek hygg hitt vera, þér satt at segja, at Miðgarðsormr lifir enn, ok liggr í umsjá. Enn Þórr reiddi til hnefann, ok setr við eyra Ými, svá at hann steyptist fyrir borð, ok sér í iljar honum, enn Þórr óð til lands.

50. Þá mælti Gangleri: hafa nokkvor meiri tíðindi orðit 15. með Ásunum? Allmiklit þrekvirki vann Þórr í þessi ferð. Hár svarar: vera mun at segja frá þeim tíðindum, er meira þótti vert Ásunum. Enn þat er upphaf þessar sögu, at Baldr hinn góða dreymdi drauma stóra ok hættiliga um líf sitt. Enn er hann sagði Ásunum draumana, þá báru þeir saman ráð sín, 20. ok var þat gjört, at beiða griða Baldri fyrir allskonar háska: ok Frigg tók svardaga til þess, at eira skyldu Baldri eldr ok vatn, járn ok allskonar málmr, steinar, jörðin, viðirnir, sóttirnar, dýrin, fuglarnir, eitr-ormar. Enn er þetta var gjört ok vitat, þá var þat skemtun Baldrs ok Ásanna, at hann skyldi standa 25. upp á þingum, enn allir aðrir skyldu, sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjóti. Enn hvat sem at var gjört, sakaði hann ekki, ok þótti þetta öllum mikill frami. Enn er þetta sá Loki Laufeyjarson, þá líkaði honum illa, er Baldr sakaði ekki. Hann gekk til Fensalar til Friggjar, ok brá sér 30. í konu líki; þá spyrr Frigg, ef sú kona vissi, hvat Æsir höfðust at á þinginu. Hon sagði, at allir skutu at Baldri, ok þat, at hann sakaði ekki. Þá mælti Frigg: eigi munu vápn eða viðir granda Baldri; eiða hefi ek þegit af öllum þeim. Þá spyrr konan: hafa allir hlutir eiða unnit at eira Baldri? Þá

svarar Frigg: vex viðarteinungr einn fyrir austan Vallhöll; sá er Mistilteinn kallaðr; sá þótti mér ungr at krefja eidsins. Því næst hvarf konan á braut; enn Loki tók Mistiltein ok sleit upp, ok gekk til þings. Enn Höðr stóð utarliga í mannhringinum, því at hann var blindr. Þá mælti Loki við hann: hví skýtr þú ekki at Baldri? Hann svarar: því at ek sé eigi, hvar Baldr er, ok þat annat, at ek em vápnlauss. Þá mælti Loki: gjörðu þó í líking annarra manna, ok veit Baldri sœmð, sem aðrir menn; ek mun vísa þér til, hvar hann stendr; skjót at honum vendi þessum. Höðr tók Mistiltein, ok skaut at Baldri at tilvísun Loka; flaug skotit í gögnum hann, ok féll hann dauðr til jarðar, ok hefir þat mest óhapp verit unnit með goðum ok mönnum. Þá er Baldr var fallinn, þá féllust öllum Ásum orðtök ok svá hendr at taka til hans, ok sá hverr til annars, ok váru allir með einum hug til þess, er unnit hafði verkit; enn engi mátti hefna; þar var svá mikill gríðastaðr. Enn þá er Æsirnir freistuðu at mæla, þá var hitt þó fyrr, at grátrinn kom upp, svá at engi mátti öðrum segja með orðunum frá sínum harmi. Enn Óðinn bar þeim mun verst þenna skaða, sem hann kunnir mesta skyn, hversu mikil aftaka ok missa Ásunum var í fráfalli Baldrs. Enn er goðin vitkuðust, þá mælti Frigg, ok spurði, hverr sá væri með Ásum, er eignast vildi allar ástir hennar ok hylli, ok vili hann ríða á Helveg, ok freista, ef hann fái fundit Baldr, ok bjóða Helju útlausn, ef hon vill láta fara Baldr heim í Ásgarð. Enn sá er nefndr Hermóðr hinn hvati, sveinn Óðins, er til þeirrar farar varð. Þá var tekinn Sleipnir, hestr Óðins, ok leiddr fram, ok steig Hermóðr á þann hest, ok hleypti braut.

51. Enn Æsirnir tóku lík Baldrs, ok fluttu til sævar. Hringhorni hét skip Baldrs, hann var allra skipa mestr; hann vildu goðin fram setja, ok gjöra þar á bálfor Baldrs; enn skipit gekk hvergi fram. Þá var sent í Jötunheima eptir gýgi þeirri, er Hyrrokkin hét; enn er hon kom, ok reið vargi, ok hafði höggormi at taunum, þá hljóp hon af hestinum, enn Óðinn kallaði

- til berserki IV at gæta hestsins, ok fengu þeir eigi haldit, nema þeir feldi hann. Þá gekk Hyrrokkin á framstafn nökkvans, ok hratt fram í fyrsta viðbragði, svá at eldr hraut or hlunnunum ok lönd öll skulfu. Þá varð Þórr reiðr ok greip
5. hamarinn, ok mundi þá brjóta höfuð hennar, áðr enn goðin öll báðu henni friðar. Þá var borið út á skipit lík Baldrs; ok er þat sá kona hans Nanna Nepsdóttir, þá sprakk hon af harmi ok dó; var hon borin á bálit, ok slegit í eldi. Þá stóð Þórr at, ok vígði bálit með Mjölni; enn fyrir fótum hans rann dvergr
10. nokkurr, sá er Litr nefndr, enn Þórr spyrndi fæti sínum á hann, ok hratt honum í eldinn, ok brann hann. Enn þessa brennu sótti margskonar þjóð; fyrst at segja frá Óðni, at með honum fór Frigg, ok valkyrjur ok hrafnar hans; enn Freyr ók í kerru með gelti þeim, er Gullinbursti heitir eða Slíðrug-
15. tanni; enn Heimdallr reið hesti þeim, er Gulltoppr heitir, enn Freyja köttum sínum. Þar kömr ok mikit fólk Hrímpussa, ok Bergrisar. Óðinn lagði á bálit gullhring, þann er Draupnir heitir; honum fylgði síðan sú náttúra, at hina níundu hverja nótt drupu af honum VIII gullhringar jafnhöfgir. Hestr Baldrs
20. var leiddr á bálit með öllu reiði.

52. Enn þat er at segja frá Hermóði, at hann reið níu nætr dökkva dala ok djúpa, svá at hann sá ekki, fyrr enn hann kom til árinna Gjallar, ok reið á Gjallarbrúna; hon er þókt lýsigulli. Móðguðr er nefnd mœr, sú er gætir brúarinnar; hon
25. spurði hann at nafni eða ætt, ok sagði at hinn fyrra dag riðu um brúna V fylki dauðra manna; enn eigi dynr brúin minnr undir einum þér, ok eigi hefir þú lit dauðra manna; hví riðr þú hér á Helveg? Hann svarar: ek skal riða til Heljar at leita Baldrs, eða hvárt hefir þú nakkvat sét Baldr á Helvegi?
30. Enn hon sagði, at Baldr hafði þar riðit um Gjallarbrú; enn niðr ok norðr liggjr Helvegr. Þá reið Hermóðr, þar til er hann kom at Helgrindum; þá sté hann af hestinum, ok gyrði hann fast, steig upp, ok keyrði hann sporum, enn hestrinn hljóp svá hart yfir grindina, at hann kom hvergi nær. Þá reið Her-

móðr heim til hallarinnar, ok steig af baki, gekk inn í höllina, sá þar sitja í öndugi Baldr, bróður sinn, ok dvaldist Hermóðr þar um nóttina. Enn at morni, þá beiddist Hermóðr af Helju, at Baldr skyldi ríða heim með honum, ok sagði, hversu mikill grátr var með Ásum. Enn Hel sagði, at þat skyldi svá 5. reyna, hvárt Baldr var svá ástsæll, sem sagt er; ok ef allir hlutir í heiminum kykvir ok dauðir gráta hann, þá skal hann fara til Ása aptr, enn haldast með Helju. ef nakkvarr mælir við, eða vill eigi gráta. Þá stóð Hermóðr upp, enn Baldr leiðir hann út or höllinni, ok tók hringinn Draupni, ok sendi 10. Óðni til minja, enn Nanna sendi Frigg ripti, ok enn fleiri gjafar, Fullu fingrgull. Þá reið Hermóðr aptr leið sína, ok kom í Ásgarð. ok sagði öll tíðindi, þau er hann hafði sét ok heyrð.

53. Því næst sendu Æsir um allan heim örindreka at biðja, at Baldr væri grátinn or helju. Allir gjörðu þat, menninir ok 15. kykvendin ok jörðin ok steinarnir ok tré ok allr málmr; svá sem þú munt sét hafa, at þessir hlutir gráta, þá er þeir koma or frosti ok í hita. Þá er sendimenn fóru heim, ok höfðu vel rekit sín eyrindi, þá finna þeir í helli nokkvorum, hvar gýgr sat; hon nefndist Þökk. Þeir biðja hana gráta Baldr or helju. 20. Hon svarar:

Þökk mun gráta

þurrrum tárur

Baldrs bálfarar;

kyks né dauðs

25.

nautk-a ek karls sonar;

haldi Hel því er hefir!

Enn þess geta menn, at þar hafi verit Loki Laufeyarson, er flest hefir ílt gjört með Ásum.

54. Þá mælti Gangleri: allmiklu kom Loki á leið, er hann 30. olli fyrst því, er Baldr var veginn, ok svá því, er hann varð eigi leystur frá Helju. Eða hvárt varð honum þessa nakkvat hefnt? Hár svarar: goldit var honum þetta, svá at hann mun lengi kennast. Þá er guðin váru orðin honum svá reið. sem



- ván var, hljóp hann á braut, ok fal sik í fjalli nokkvoru, gjörði þar hús, ok iv dyrr, at hann mátti sjá or húsinu í allar áttir. Enn opt um daga brá hann sér í laxlíki ok falst þá, þar sem heitir Fránangrs-foss; þá hugsaði hann fyrir sér,
5. hverja væl Æsir mundu til finna, at taka hann í fossinum; Enn er hann sat í húsinu, tók hann lín ok garn, ok reið á möskva, svá sem net er síðan; enn eldr brann fyrir honum. Þá sá hann, at Æsir áttu skamt til hans, ok hafði Óðinn sét or Hliðskjálfinni, hvar hann var. Hann hljóp þegar upp, ok
52. Svá er sagt, at konungr sá, er Hölgí er kallaðr, er Hálógaland er við nefnt, var faðir Þorgeiðar Hölgabrúðar: þau váru bæði blótut, ok var haugr Höлга kastaðr, önnur fló af

gulli eða silfri, þat var blótféit, enn önnur fló af moldu ok grjóti. Svá kvað Skúli Þorsteinsson:

Þá er ræfr-vita Reifnis  
 rauð ek fyrir Svold til auðar,  
 herfylgins bað ek Hölga  
 haugþök sama baugum. 5.

Í Bjarkamálum hinum fornum eru töld mörg gullsheiti. Svá segir þar:

Gramr hinn gjöflasti  
 gæddi hirð sína 10.  
 Fenju forverki  
 Fáfnis miðgarði,  
 Glasis glóbarri,  
 Grana fagrbyrði,  
 Draupnis dýrsveita, 15.  
 dúni Grafvitnis.

Ýtti örr hilmir,  
 aldir við tóku  
 Sífjar svarðfestum,  
 svelli dalnauðar, 20.  
 tregum Otrs-gjöldum,  
 tárurum Mardallar,  
 eldi Órunar,  
 Iðja glysmálum. 25.

Gladdi gunnveitir, 25.  
 gengum fagrbúnir,  
 Þjassa þingskilum  
 þjóðir hermargar,  
 Rínar rauðmálmi,  
 rógi Niflunga, 30.  
 vísi hinn vígdjarfi.  
 Varði hann Baldr þögli.

53. Gull er kallað í kenningum eldr handar eða liðs eða leggjjar, því at þat er rautt; enn silfr snær eða svell



eða héla, því at þat er hvítt. Með sama hætti skal ok kenna gull eða silfr til sjóðs eða dígul's eða löðar; enn hvárttveggja, silfr ok gull, má vera grjót handar eða hálsgjörð nokkvors þess manns, er títt var at hafa. Mennt ok hringar eru bæði silfr ok

5. gull, ef eigi er annan veg greint. Sem kvað Þorleikr fagri:

Kastar gramr á glæstar  
 gegn valstöðvar þegnum,  
 ungr vísir gefr eisu  
 armleggs, dígulfarmi.

10. Ok sem kvað Einarr skálaglamm:

Liðbröndum kná Lundar  
 landfrækn jöfurr granda,  
 hykk-a ek ræsis rekka  
 Rínar grjót of þrjóta.

15. Svá kvað Einarr Skúlason:

Blóðeysu liggr bæði  
 bjarg tveimmegin geima  
 sjóðs, á ek sökva stríði  
 snær ok eldr at mæra.

20. Ok enn sem hann kvað:

Dægr þrymr hvert, enn hjarta  
 hlýrskildir ræðr mildu  
 Heita blakks, of hvítum  
 hafleygr dígulskaffi.

25.

Aldri má fyrir eldi  
 áls hrynbrautar skála,  
 öll viðr fólka fellir  
 framræði snæ bræða.

Hér er gull kallat eldr áls hrynbrautar, enn silfr snær skál-

30. anna. Svá kvað Þórðr Mæra-skáld:

Sér á seima rýri,  
 sigðis láttis at átti,  
 hrauns glaðsendir handa!  
 Hermóðr föður góðan.

54. Maðr er kallaðr brjótr gullsins; svá sem kvað Óttarr svarti:

Góðmennis þarf ek gunnar-  
gulls-brjótanda at njóta,  
hér er alnennin inni 5.  
inndrótt með gram svinnun.

Eða gullsendir, sem kvað Einarr skálaglamm:

Gullsendir lætr grundar,  
gláðar þengill herdrengi,  
hans mæti kná ek hljóta, 10.  
hljót Yggs mjaðar njóta.

Gullvörpuðr, sem kvað Þorleikr:

Hirð viðr grams með gerðum  
gollvörpuðr sér holla.

Gullstríðir, sem kvað Þorvaldr blönduskáld: 15.

Gullstríðir verpr glóðum,  
gefr auð konungr rauðan,  
óþjóðar bregðr eyðir  
armleggs Grana farmi.

Gullskati, sem hér er: 20.

Gat ek gullskata  
gör er leygs of bör  
götu ginnvita  
gráps, tögdrápu.

Kona er kend til gulls, köllut selja gulls, sem kvað Hall- 25.  
arsteinn:

Svalteigar mun selju  
salts Viðblinda galtar  
rafkastandi rastar  
reyrþevngs muna lengi. 30.

Hér er kallað hvalir Viðblinda geltir; hann var jötunn, ok dró hvali í hafi út, sem fiska; teigr hvala er sær, röf sæfar er gull, kona er selja gulls þess, er hon gefr, ok samheiti við selju er tré, sem fyrr er ritat, at kona er kend við allskonar

trjáheiti kvennkend. Hon er ok log köllut þess, er hon gefr;  
log heitir ok tré, þat er fellr í skógi. Svá kvað Gunnlaugr  
ormstunga:

5. Alin var rygr at rógi,  
runnr olli því gunnar,  
lág var ek auðs at eiga  
óðgjarn fira barnum.

Kona kallast mörk. Svá kvað Hallar-Steinn:  
10. Ek hefi óðar-lokri  
öl- stafna þér skafna,  
vetz mörk skála verki  
vandr, stef-knarrar branda.

Tróða enn, sem kvað Steinn:  
15. Þú munt furs, sem fleiri  
flóðs hirðisif trúður  
grönn við gæfu þinni  
grjóts Hjaðninga brjótast.

Skorða, svá kvað Ormr Steinþórsson:  
20. Skorða var í fót færð  
fjarðbeins afar hrein,  
nýrri slöng naddfreyr  
nisting of mjaðar Hrist.

Stóð, sem Steinar kvað:  
25. Mens hafa mildrar Synjar  
mjúkstalls logit allir  
sjá höfumk veltistoð stiltan  
straumtungls at mér draumar.

Björk enn, sem Ormr kvað:  
30. Því at hols hrynbáls  
hramma, þats ek berk fram,  
billings á burar full  
bjarkar hefi ek lagit mark.

Eik, svá sem hér er:

Aura stendr fyrir orum  
eik fagrúin leiki.

Lind svá sem hér er:

Ógnrakkr skal-at okkra  
álmr dynskúrar málma! 6.  
svá þauð lind í landi  
líns hugrekki dvína.

Maðr er kendr til víða, sem fyrr er ritað, kallaðr reynir  
vápna eða víga, ferða ok athafnar, skipa ok alls þess, er hann  
ræðr ok reynir. Svá kvað Úlfr Uggason: 10.

Enn stírðpinull starði  
stordar leggs fyrir borði  
fróns á fólka reyni  
fránleitr, ok blés eitri.

Viðr ok meiðr, sem kvað Kórmakr: 15.

Meiðr er mörgum eyðri  
morðreins í dyn fleina;  
hjörr fær hildibörrum  
hjarls Sigurði jarli.

Lundr, svá kvað Hallfreðr vandræðaskáld: 20.

Askpöllum stendr Ullar  
austr at miklu trausti  
reykilundr hinn ríki  
randfárs, brumaðr hári.

Hér er ok þollr nefndr búss; svá kvað Arnórr: 25.

Rökkr öndurt það randir  
reggbúss saman leggja  
rógskýja hélt Rýgja  
regni haustnótt gegnum.

Askr, sem Refr kvað: 30.

Gekk í gulli stokkna  
gjöfrífr Hárs drífu  
askr við æriinn þroska  
esfreyr sæing meyjar.



Hlynr:

Heill kom þú, handar svella  
hlynr! kvaddi svá brynja.

Börr, sem Refr kvað:

5. Alls böðgæði bjóða  
börr ræðr til þess hjörva  
ógn stöðvar hefi ek ægi  
einráðit Þorsteini.

Stafr, sem Óttarr kvað:

10. Héltu, þar er hrafn né svalt-a  
hvatráðr ertu láði  
ógnar-stafr fyr jöfrum  
ýgr tveimr við kyn beima.

Þorn, sem Arnórr kvað:

15. Hlöd, enn hála tóðu  
hirðmenn arngrenni,  
auðar þorn fyrir örn  
ungr valköstu þunga.

20. 55. Hvernig skal kenna orostu? Svá at kalla veðr vápna  
eða hlífa eða Óðins eða valkyrju eða herkonunga, eða gný eða  
glym. Svá kvað Hornklofi:

25. Háði gramr, þar er gnúðu,  
geira hregg við seggi,  
rauð fnýstu ben blóði  
bengögl at dyn Sköglar.

Svá kvað Eyvindr:

30. Ok sá halr  
at Hárs veðri  
hösvan serk  
hrísgrísnis bar.

Svá kvað Bersi:

Þótta ek, þá er ori  
ársagt er þat várum,

hæfr at Hlakkar drífu  
hyrrunnum vel gunnar.

Svá kvað Einarr:

Glymvindi lætr Göndla  
gnestr hjör, taka mestum 5.  
Hildar segl þar er hagli  
hraustr þengill drífr strengjar.

Sem kvað Einarr skálaglamm:

Né sigbjarka serkir  
sómniðjungum rómu 10.  
Hárs við Högna skúrir  
hleðut fast of seðir.

Svá sem hér:

Odda gnýs við æsi  
oddnets þinul setja. 15.

Ok enn þetta:

Hnigu fjandr at glym Göndlar  
grams und arnar hramma.

56. Vápn ok herklæði skal kenna til orostu ok til Óðins ok valmeyja ok herkonunga, kalla hjálma hjálm, hött eða 20. fald, enn brynju serk eða skyrtu, enn skjöld tjald, enn skjaldborgin er köllut höll ok ræfr, veggr ok gólf. Skildir eru kalladír ok kendir við herskip, sól eða tungl eða lauf eða blik, eða garðr skipsins. Skjöldr er ok kallat skip Ullar, eða kent til fóta Hrunnis, er hann stóð á skildi. Á fornum skjöldum 25. var títt at skrifa rönd, þá er baugr var kallaðr, ok er við þann baug skildir kendir. Höggvápn, eyxar eða sverð, er kallat eldar blóðs eð benja; sverð heita Óðins eldar, enn eyxar kalla menn tröllkvænna heitum, ok kenna við blóð eða benjar eða skóg eða við. Lagvápn eru vel kend til orma eða fiska. Skot- 30. vápn eru mjök kend til hagls eða drífu eða rótu. Öllum þessum kenningum er marga lund breytt, því at þat er flest ort í lofkvæðum, er þessar kenningar þarf við.

Lattist herr með höttu  
 Hangatýs at ganga.  
 Þótti-t þeim at hætta  
 þekkiligt fyrir brekku.

5. Svá kvað Einarr skálaglamm:

Hjálmfaldinn bauð hildi,  
 hjaldrörr ok Sigvaldi,  
 hinn er fór í gný gunnar  
 gunndjarfr Búi sunnan.

10. Róða serkr, sem Tindr kvað:

Þá er hringfám hanga  
 hrynserk Viðurr brynju  
 hruðust riðmarar Róða  
 rastar varð at kasta.

15. Hamðis skyrta, sem Hallfreðr kvað:

Ólítit brestr úti  
 unndýrs sumum runnum  
 hart á Hamðis skyrtum  
 hryngráp Egils vápna.

20. Sörla-föt enn, sem kvað hann:

Þaðan verða föt fyrða  
 fregn ek görla þat Sörla  
 rjóðast björt í blóði  
 benfur meil-skurum.

25. Sem Grettir kvað:

Héldu Hlakkar tjalda  
 hefjendr saman nefjum,  
 Hildar veggs og hjuggust  
 hreggnirðir til skeggjum.

30. Róða ræfr, sem Einarr kvað:

Eigi þverr fyrir augna  
 Óðs beðvinu Róða  
 ræfrs eignast svá regni  
 ramsvell konungr elli.

Hildar veggr, sem kvað Grettir, ok áður er ritat. Skipsól,  
sem Einarr kvað:

Leyg rýðr ætt á ægi  
Ólafs skipa-sólar.

Hlýrtungl, sem Refr kvað: 5.

Dagr var fríðr, sá fögru  
fleygjendr alin-leygjjar  
í hangferil hringa  
hlýrtungli mér þrungu.

Garðr skips, sem hér er: 10.

Svá skaut gegn í gögnum  
garð steinfarinn barða  
sá var gnýstærir geira  
Gunnar æfr, sem næfrar.

Askr Ullar, sem hér er: 15.

Ganga el of unga  
Ullar skips með fullu,  
þar er samnagla siglur  
slíðrdúkaðar ríða.

Iljablað Hrungnis, sem Bragi kvað: 20.

Vilit, Hrafketill, heyra,  
hve hreingróit steini  
Þrúðar skal ek ok þengil  
þjófs iljablað leyfa?

Bragi kvað þetta um bauginn á skildinum: 25.

Nema svá góð ins gjalla  
gjöld bagnaafaðs vildi  
meyjar hjóls inn mæri  
mögr Sigurðar Höгна.

Hann kallaði skjöldinn Hildar hjól, enn bauginn nöf hjólsins. 30.

Baugjörð, sem Hallvarðr kvað:

Rauðljósa sér ræsir,  
rít brestr sundr in hvíta

baugjörð brodda ferðar  
bjúgrend í tvau fjúga.

Svá er enn kveðit:

5. Baugr er á beru sœmstr,  
enn á boga örvar.
- Sverð er Óðins eldr, sem Kórmakr kvað  
Svall, þá er gekk með gjallan  
Gauts eld, hinn er styr beldi,  
glæð fœðandi Gríðar,  
10. gunnr. Komst Uðr or brunni.
- Hjálms-eldr, sem kvað Úlfr Uggason:  
Fullöflug lét fjalla  
fram hafsleipni þramma  
Hildir, enn Hropts of gildar  
15. hjálmelda mar feldu.
- Brynju-eldr, sem kvað Glúmr Geirason:  
Heinþyntan lét hvína  
hryneld at þat brynju  
foldar vörðr, sá er fyrðum,  
20. fjorn-harðan, sik varði.
- Randar íss ok grand hlífar, sem Einar kvað:  
Ráðvöndum þá ek rauðra  
randa ís at vísa,  
grand berum hjálms í hendi,  
25. hvarmþey drifinn Freyju.
- Öx heitir tröllkona hlífa, sem Einar kvað:  
Sjá megu rétt, hve, Refils  
ríðendr, við brá gríðar  
fjörnir fagrt of skornir,  
30. foldviggs, drekar liggja.
- Spjót er ormr kallat, sem Refr kvað:  
Kná myrkdreki marka  
minn, þar er ýtar finnast,



æfr á aldar lófum  
eikinn best at leika.

Örvar eru kallaðar hagl boga eða strengjar eða hlífa eða or-  
ostu, sem Einarr kvað skálaglamm:

Brakrögnir skók bogna 5.  
barg óþyrmir varga  
hagl ok Hlakkar seglum  
hjör's rakkliga fjörvi.

Ok Hallfræðr:

Ok geirrótu götvar 10.  
gagls við strengjar hagli  
hungr-eyðundum hanga  
hlæðu-t jární sæðar.

Ok Eyvindr skáldaspillir:

Lítt kváðu þik láta, 15.  
landvörðr, er brast, Hörða,  
brynju hagl í benjum,  
bugust álmar, geð fálma.

57. Orrosta er köllut Hjaðninga veðr eða el, ok vápn Hjaðn-  
inga eldar eða vendir. Enn sjá saga er til þess: Konungr sá, 20.  
er Högni er nefndr, átti dóttur, er Hildir hét. Hana tók at  
herfangi konungr sá, er Hédinn hét, Hjarrandason. Þá var  
Högni konungr farinn í konunga-stefnu; enn er hann spurði,  
at herjat var í ríki hans, ok dóttir hans var í braut tekin, þá  
fór hann með sínu liði at leita Hédins, ok spurði til hans, at 25.  
Hédinn hafði siglt norðr með landi. Þá er Högni konungr  
kom í Noreg, spurði hann, at Hédinn hafði siglt vestr um haf.  
Þá siglir Högni eptir honum allt til Orkneyja; ok er hann  
kom, þar sem heitir Háey, þá var þar fyrir Hédinn með lið sitt.  
Þá fór Hildir á fund föður síns, ok bauð honum men at sætt 30.  
af hendi Hédins, enn í öðru orði sagði hon, at Hédinn væri  
búinn at berjast, ok ætti Högni af honum öngrar vægðar ván.  
Högni svarar stirt dóttur sinni; enn er hon hitti Hédin, sagði  
hon honum, at Högni vildi önga sætt, ok bað hann búast til

- orostu, ok svá gera þeir hváirtveggju, ganga upp á eyna ok fylkja liðinu. Þá kallar Héðinn á Högna, mág sinn, ok bauð honum sætt ok mikit gull at bótum. Þá svarar Högni: of síð bauðtu þetta, ef þú vill sættast, því at nú hefi ek dregit
5. Dáinsleif, er dvergarinn gerðu, er mannsbani skal verða, hvert sinn er bert er, ok aldri bilar í höggvi, ok ekki sár grœr, ef þar skeinist af. Þá svarar Héðinn: sverði hœlir þú þar, enn eigi sigri; þat kalla ek gott sverð, er drottinholt er. Þá hófu þeir orustu þá, er Hjaðninga-víg er kallat, ok börðust þann
10. dag allan, ok at kveldi fóru konungar til skipa. Enn Hildir gekk of nóttina til valsins, ok vakði upp með fjölkyngi alla þá, er dauðir váru; ok annan dag gengu konungarnir á vígvöllinn ok börðust, ok svá allir þeir, er féllu hinn fyrra daginn. Fór nú svá sú orosta hvern dag eptir annan, at allir þeir, er
15. féllu, ok öll vápn, þau er lágu á vígvelli, ok svá hlífar, urðu at grjóti. Enn er dagaði, stóðu upp allir dauðir menn ok börðust, ok öll vápu váru þá nýt. Svá er sagt í kvæðum, at Hjaðningar skulu svá bíða Ragnarökr. Eptir þessi sögu orti Bragi skáld í Ragnars-drápu Loðbrókar:

20. Ok um þerris æða  
 ósk-Rán, at þat sínum  
 til fárhuga fœri  
 feðr veðrs boða, hugði:  
 Þá er hristisif hringa  
 háls in böls of fylða  
 25. bar til byrjar drösla  
 baug örlygis draugi.

- Bauð-a sú til bleyði  
 bætiþrúðr at móti  
 30. málma mætum hilmí  
 men dreyrugra benja;  
 svá lét æ, þótt etti,  
 sem orrostu letti,

jöfrum úlfs at sinna  
með algífris lifru.

Letr-at lýða stillir  
landi vanr á sandi,  
þá svall heipt í Högna, 5.  
höð glamma mun stöðva,  
er þrym-regin þremja  
þróttig Héðins sóttu  
heldr, enn svika Hildar  
hringa þeir of fingur. 10.

Ok fyrir hönd á hólmi  
hveðru brynju Viðris  
fengeyðandi fljóða  
fordæða nam ráða.  
Allr gekk herr und hurðir 15.  
Hjarranda fram kyrrar  
reiðr at Reifnis skeiði  
raðálfs af mar bráðum.

Þá má sókn á Svölnis  
salpenningi kenna, 20.  
Ræs gáfumk reiðar mána  
Ragnarr ok fjöld sagna.

Orrosta er veðr Óðins, sem fyrr er ritat. Svá kvað Víga-  
Glúmr:

Rudda ek, sem jarlar, 25.  
orð lék á því, forðum,  
með veðrstöfum Viðris  
vandar, mér til landa.

Viðris veðr er hér kallat orusta, enn vöndr vígs sverðit, enn  
menn stafir sverðsins. Hér er bæði orrosta ok vápn haft til 30.  
kenningar mannsins; þat er rekit kallat, er svá er ort. Skjöldr  
er land vápnanna, enn vápn er hagl eða regn þess lands, ef  
nýgjörvingum er ort.

58. Hvernig skal kenna skip? Svá at kalla hest eða dýr

eða skíð sækonunga eða sævar eða skipreiða eða veðrs. Báru-  
fákr, sem Hornklofi kvað :

5. Hrjóðr lét hæstrar tíðar  
harðráðr skipa börðum  
báru fáks ins bleika  
barnungr á lög þrungit.

Geitis marr. Svá kvað Erringar-Steinn :  
Enn þótt ófrið sunnan  
10. alþjóð segi skaldi,  
hlöðum Geitis mar grjóti;  
gláðir nenum vær þenna.

Sveiða hreinar :

15. Súðlögum komt Sveiða,  
sunds liðu dýr frá grundu,  
sigrakkr, Sölsa bekkjar,  
Sveins mögr, á tröð hreinum.

Svá kvað Hallvarðr; hér er ok köllut sunds-dýr, ok særinn  
Sölsa-bekkr. Svá kvað Þórðr Sjáreksson :  
20. Sveggja lét fyrir Siggju  
sólborðs goti norðan,  
gustr skaut Gylfa rastar  
glaumi suðr fyrir Aumar;  
enn slóðgoti síðan  
25. sæðings fyrir skut bæði,  
hestr óð lauks fyrir Lista,  
lagði Kórmt og Agðir.

Hér er skip kallat sólborðs-hestr, ok sær Gylfa-land, sæðings-  
slóð særinn ok hestr skipit, ok enn lauks-hestr; laukr heitir  
siglutré. Ok enn, sem Markús kvað :

30. Fjarðlinna óð fannir  
fast vetrliði rastar,  
hljóp of hún agnípur  
hvals rann-íugtanni;

björn gekk fram á fornar  
flóðs hafskíða slóðir,  
skúr-örðigr braut skorðu  
skers glymfjötur bersi.

Hér er skip kallat björn rasta; björn heitir vetrliði ok iug- 5.  
tanni ok bersi, ok björn skorðu er hér kallat. Skip er ok  
kallat hreinn, svá kvað Hallvarðr, sem áður er ritat; ok hjörtr,  
sem kvað Haraldr konungr Sigurðarson:

Sneið fyrir Sikiley víða  
súð, várum þá prúðir. 10.  
Brýnt skreið vel til vánar  
vengis hjörtr und drengjum.

Ok elgr, sem Einarr kvað:

Baug, getr með þér þeygi,  
þýðr, drengr vera lengi, 15.  
elg búum flóðs, nema fylgi  
friðstökkvir! því nökkut.

Sem Máni kvað:

Hvat mantu hafs á otri  
hengiligr með drengjum 20.  
karl, því at kraptr þinn förlast,  
kinngrár mega vinna?

Vagr, sem kvað Refr:

Enn hoddvönuðr hlýddi,  
hlunnvitnis em ek runni 25.  
hollr til hermðar-spjalla  
heinvandils, Þorsteini.

Ok oxí. Skip er ok kallat skíð eða vagn eða reið. Svá kvað  
Eyjólfur dáðaskáld:

Meita fór at móti 30.  
mjök síð um dag skíði  
ungr með jöfnu gengi  
útværs frömum hersi.

Svá kvað Styrkár Oddason:



Ok ept ítrum stökkvi  
ók Högna lið vögnum  
hlunns á Heita fannir  
hyrjar flóðs af móði.

5. Ok sem Þorbjörn kvað:

Hafreiðar var hlæðir  
hlunns í skírnar brunni  
Hvíta-Krists, sá er hæsta  
hoddsviptir fékk giptu.

10. 59. Hvernig skal Krist kenna? Svá, at kalla hann skap-  
ara himins og jarðar, engla ok sólar, stýranda heims ok him-  
inríkis ok engla, konung himna ok sólar ok engla ok Jórsala  
ok Jórdanar og Grikklands; ráðandi postola ok heilagra manna.  
Fornskáld hafa kent hann við Urðarbrunn og Róm, sem kvað

15. Eilífr Guðrúnarson:

Setbergs- kveðja sitja  
sunnr at Urðarbrunni  
svá hefir ramr konungr remdan  
Róms banda sik landum.

20. Svá kvað Skapti Þóroddsson:

Máttr er múnka dróttins  
mestr aflar guð flestu;  
Kristr skóp ríkr, ok reisti  
Rúms hall, veröld alla.

25. Himna-konungr, sem Markús kvað:

Gramr skóp grund ok himna  
glyggranns, sem her dyggvan;  
einn stillir má öllu  
aldar Kristr of valda.

30. Svá kvað Eilífr kúlnasveinn:

Hróz lýtr helgum krúzi  
heims ferð ok lið beima,  
sönn er enn öll dýrð önnur  
ein Maríu sveini.

Mariu-sonr enn, sem Eilífr kvað:

Hirð lýtr himna dýrðar  
hrein Mariu sveini,  
mátt vinnr mildingr dróttar,  
maðr er hann ok guð, sannan. 5.

Engla konungr enn, sem Eilífr kvað:

Mátttr er, enn menn of hyggi,  
mætr guðs vinar betri;  
þó er engla gramr öllu  
örr helgari ok dýrri 10.

Jórdanar-konungr. Svá kvað Sighvatr:

Endr réð engla senda  
Jórdanar gramr fjóra  
fors þó hann á hersi  
heilagt skopt or lopti. 15.

Grikkja-konungr, sem Arnórr kvað:

Bœnir hefi ek fyrir beini  
bragna falls við snjallan  
Grikkja vörð ok Garða;  
gjöf launak svá jöfri 20.

Svá kvað Eilífr kúlnasveinn:

Himins dýrð lofar hölða,  
hann er alls konungr, stilli.

Hér kallaði hann fyrst Krist konung manna, ok annat sinn  
alls konung. Enn kvað Einarr Skúlason: 25.

Lét, sá er landfólks gætir,  
líkbjartr himinríki  
umgeypnandi opna  
alls heims fyrir gram snjallum.

60. Þar koma saman kenningar, ok verðr sá at skilja af 30.  
stöð, er ræðr skáldskapinn, um hvern kveðit er konunginn;  
því at rétt er at kalla Miklagarðskeisara Grikkjakonung, ok  
svá þann konung, er ræðr Jórsalalandi, at kalla Jórsalakon-  
ung; svá ok at kalla Rómskonung Rómaborgar keisara, eða

Englakonung, þann er Englandi ræðr. Enn sú kenning, er áðr var rituð, at kalla Krist konung manna, þá kenning má eiga hverr konungr. Konunga alla er rétt at kenna svá, at kalla þá landráðendr eða landsvörðu, eða lands-seki eða hirðstjóra

5. eða vörð landfólks. Svá kvað Eyvindr skáldaskillir.

Farmatýs,  
fjörvi næmdu  
jarðráðendr  
á Oglói.

10. Ok sem Glúmr kvað Geirason:

Hilmir rauð und hjálmi  
heina laut á Gautum;  
þar var í gny geira  
grundar vörðr of fundinn.

15. Sem Þjóðólfr kvað:

Hárr skyli hirðar stjóri  
hugreifr sonum leifa  
arf ok óðaltorfu  
ósk mín er þat sína.

20. Sem Einarr kvað:

Snáks ber fald of, fræknum,  
foldvörðr, konungs Hörða  
frama telr greppr fyrir gumnum,  
geðsnjallr skarar fjalli.

25. Rétt er ok um þann konung, er undir honum eru skattkonungar, at kalla hann konung konunga. Keisari er æztr konunga, enn þar næst er konungr sá, er ræðr fyrir þjóðlandi, jafn í kenningum öllum hverr við annan í skáldskap. Þar næst eru þeir menn, er jarlar heita eða skattkonungar, ok
30. eru þeir jafnir í kenningum við konung, nema eigi má þá kalla þjóðkonunga, er skattkonungar eru. Ok svá kvað Arnórr jarlaskáld of Þorfinn jarl:

Nemi drótt, hve sjá sótti  
snarlyndr konungr, jarla;

eigi þraut við ægi  
 ofvægjan gram bægja.

61. Þar næst eru í kenningum í skáldskap þeir menn, er hersar heita. Kenna má þá, sem konung eða jarl; svá, at kalla þá gullbrjóta ok auðmildinga ok merkismenn ok fólks- 6.  
 stjóra, eða kalla hann oddvita liðsins eða orostu; fyrir því at þjóðkonungr hverr, sá er ræðr mörgum löndum, þá setr hann til landstjórnar með sér skattkonunga ok jarla, at dæma lands-  
 lög ok verja land fyrir ófriði í þeim löndum, er konungi liggja fjarri, ok skulu þeir dómarr ok refsingar vera þar jafnréttir, 10.  
 sem sjálfs konungs. Ok í einu landi eru mörg héruð, ok er þat háttir konunga, at setja þar réttara yfir svá mörg héruð, sem hann gefr vald yfir, ok heita þeir hersar eða lendir menn í danskri tungu, enn greifar í Saxlandi, enn barúnar í Englandi; þeir skulu ok vera réttir dómarrar ok réttir landvarnarmenn yfir 15.  
 því ríki, er þeim er fengit til stjórnar. Ef eigi er konungr nær, þá skal fyrir þeim merki bera í orrostum, ok eru þeir þá jafnréttir herstjórrar, sem konungr eða jarlar.

62. Þar næst eru þeir menn, er höldar heita, þat eru búendr, þeir er gildir eru af ættum ok réttum fullum; þá má svá 20.  
 kenna, at kalla þá veitanda fjár ok gætanda ok sætti manna; þessar kenningar megu ok eiga höfðingjar. Konungar ok jarlar hafa til fylgðar með sér þá menn, er hirðmenn heita ok húskarlar, enn lendir menn hafa ok sér handgengna menn, þá er í Danmörk og Svíþjóð eru hirðmenn kallaðir, enn í Noregi 25.  
 húskarlar, ok sverja þeir þó eiða, svá sem hirðmenn konungum. Húskarlar konunga váru mjök hirðmenn kallaðir í forn-  
 eskju. Svá kvað Þorvaldr blönduskáld:

Konungr heill, ok svá snjallir,  
 sókn-örr, við lof gjörvan  
 óð hafa menn í munn  
 minn, húskarlar þínir.

30.

Þetta orti Haraldr konungr Sigurðarson:

Fullaflí beið fyllar,  
 finn ek optr at drífr minna,  
 hilmis stóls á hæla  
 húskarla lið jarli.

5. Hirðmenn ok húskarla höfðingja má svá kenna, at kalla þá inndrótt eða verðung eða hirðmenn. Svá kvað Sighvatr:

Þat frá ek víg á vatni  
 verðung jöfurs gerðu,  
 naðda el at nýla  
 næst tel ek eigi in smæstu.

10.

Ok enn þetta:

Þági vas, sem þessum  
 þengils á jó strengjar,  
 mjöð fyrir málma kveðju  
 mæz heiðþegum bæri.

15.

Heiðfé heitir máli ok gjöf er höfðingjar gefa. Svá kvað Óttarr svartí:

Góðmennis þarf ek gunnar  
 glóðbrjótanda að njóta;  
 hér er alnennin inni  
 inndrótt með gram svinnumi.

20.

Jarlar ok hersar ok hirðmenn eru svá kenndir, at kallaðir eru konungs rúnar eða malar eða sessar. Svá kvað Hallfreðr:

Grams rúni lætr glymja  
 gunnríkr, hinn er hvöt líkar,  
 Högna, hamri slegnar,  
 heiptbráðr, of sik váðir.

25.

Sem Snæbjörn kvað:

Stjór viðjar lætr styðja  
 stáls buðlunga máli  
 hlemmisverð við harðri  
 húflangan sér dúfu.

30.

Svá kvað Arnórr:



Bera sín, enn mik, mínir  
 morðkends taka enda  
 þess of þengils sessa  
 þung mein synir ungir.

Konungs spjalli, sem Hallfreðr kvað: 5.

Ráð lukust, at sá síðan  
 snjallmæltr konungs spjalli  
 átti enga dóttur  
 Ónars viði gróna.

Svá skal menn kenna við ætt, sem Kórmakr kvað: 10.

Heyri sonr á, Sýrar,  
 sannreynis fentanna  
 ör greppa lætk uppi  
 jastrín, Haralds, mína.

Hann kallaði jarlinn sannreyni konungsins, enn Hákun jarl son 15.

Sigurðar jarls. Enn Þjóðólfr kvað svá um Harald:

Vex Ólafs feðr  
 Járn saxa veðr,  
 harðræðit hvert,  
 svá at hróðrs er vert.

20.

Ok en svá:

Jarisleifr of sá,  
 hvárt jöfri brá;  
 hófsk hlýri frams  
 ins helga grams.

25.

Ok enn kvað hann:

Andaðr er sá,  
 er of alla brá,  
 haukstalla konr,  
 Haralds bróðursonr.

30.

Enn kvað svá Arnórr í Rögnvaldsdrápu:

Réð heita konr hljóti  
 herþarfr við mik gjörva

styrk lét oss of orkat  
jarls mægð af því frægðar.

Ok enn, sem hann kvað of Þorfinn jarl:

5. Bitu sverð enn þar þurðir,  
þunngjör fyrir Mön sunnan  
Rögnvalds kind, und randir  
ramlig fólk ins gamla.

Ok enn kvað hann:

10. Ættbæti firr ítran  
allríks enn ek bið líkna  
trúra tiggja dýrum  
Torf-Einars, guð, meinum.

Ok enn kvað Einarr skálaglamm:

15. Né ættstuðill, ættar,  
ógnherði mun verða,  
skyldr em ek hróðri at halda,  
Hilditanns inn mildri.

63. Hvernig er ókend setning skáldskapar? Svá at nefna hvern hlut, sem heitir.

20. Hver eru ókend heiti skáldskaparins? Hann heitir bragr ok hróðr, óðr, mærdr, lof. Þetta kvað Bragi hinn gamli, þá er hann ók um skóg nokkvorn síð um kveld, þá stefjaði tröllkona á hann, ok spurði, hverr þar fór:

25. Tröll kalla mik  
tunglsjót-rungnis,  
auðsug jötuns,  
el-sólarböl,  
vilsinn völu,  
vörð náfjarðar,  
30. hvelsvelg himins;  
hvat er tröll, nema þat?

Hann svarar svá:

Skáld kalla mik  
 skapsmið Viðurs,  
 Gauts gjafrötuð  
 grepp óhneppan,  
 Yggs ölbera, 5.  
 óðs skapmóða,  
 hagsmið bragar;  
 hvat er skáld, nema þat?

Ok sem Kórmakr kvað:

Hróðr geri ek of mög mæran 10.  
 meirr Sigröðar fleira;  
 haptscænis galt ek honum  
 heið. Sittr Þórr í reiðu.

Ok sem kvað Þórð Kolbeinsson:

Mjök lét margar snekkjur, 15.  
 mæðar örr sem knörru,  
 óðr vex skálds, ok skeiðar  
 skjöldhlynr á brim dynja.

Mæð, sem Úlfr Uggason kvað:

Þar kemr á, enn æri 20.  
 endr bar ek mæð af hendi  
 ofra ek svá, til sæfar,  
 sverðregns lofi þegna.

Hér er ok lof kallat skáldskapr. Svá kvað Ormr Steinþórsson:

Ek hefi orðgnótt miklu, 25.  
 opt finnum þat, minni,  
 fram tel ek leyfð fyrir lofða  
 ljósri, enn ek mundi kjósa.

64. Hvernig eru nöfn goðanna? Þau heita bönd, sem kvað Eyjólfur dáðaskáld:

Dregr land at mun banda 30.  
 Eiríkr und sik geira-  
 veðrmildir, ok semr hildi

Ok höpt, sem kvað Þjóðólfr inn hvinverski:

Tormiðlaðr var tívi  
tálhreinn meðal beina,  
hvat kvað hapta snytrir  
hjálmfaldinn því valda.

5. Rögn, sem Einarr kvað skálaglamm:

Rammaukin kveð ek ríki  
rögn Hákunar magna.

Jólnar, sem Evindr kvað:

Jólna sunbl,  
10. enn vær gátum  
stillis lof,  
sem steinabru.

Díar, sem Kórmakr kvað:

Eykr með ennidúki  
15. jarðhlutr Día fjarðar  
breyti, hún sá er beinan  
bindr. Seið Yggr til Rindar.

65. Þessi nöfn himins eru rituð, enn eigi höfum vær fundit  
í kvæðum öll þessi þeiti; enn þessi skáldskapar-heiti, sem önnur,  
20. þykki mér óskytt at hafa í skáldskap, nema áður finni hann  
í verka höfuðskálda þvílík heiti. Himinn: hlýrnir, heiðþornir,  
hreggmímir, andlangr, ljósfari, drifandi, skatyrnir, víðfeðmir,  
vetmímir, leiptr, hrjóðr, víðbláinn.

Sól: sunna, röðull, eyglóa, alskír, sýni, fagrahvel, líkn-  
25. skin, Dvalins-leika, álfröðull, ifr-röðull, mylin.

Tungl: máni, ný, nið, ártali, mulinn, fengari, glámr,  
skyndir, skjálgr, skramr

Jörð, sem Þjóðólfr kvað:

Örr lætr odda skúrar  
30. opt herðir gjör verða  
hrings, áðr hann of þröngvi,  
höð el, und sik jörðu.

Föld, sem Óttar kvað:

Fold verr fólkbaldr,  
fár má konungr svá;  
örnu reifir Óleifr,  
er framr Svía grainr.

Grund, sem Haraldr kvað:

5.

Grund liggr und bör bundin,  
breið, hólmfjötrs, leiðar,  
heinlands hoddum grandar  
Höðr, eitrsvölum nöðri.

Hauðr, sem Einarr kvað:

10.

Verja hauðr með hjörvi  
hart döglinga bjartir,  
hjálmr springr opt fyrir óhnri  
egghríð, framir seggir.

Land, sem Þórðr Kolbeinsson kvað:

15.

Enn ept víg frá Veigu,  
vant er orð at styr, norðan  
land, eða lengra stundu,  
lagðist, suðr til Agða.

Láð, sem Óttar kvað:

20.

Héltu, þar er hrafn né svalt-a,  
hvatráðr ertu, láði,  
ógnar stafr, fyrir jöfrum  
ýgr, tveimr við kyn beima.

Hlóðyn, sem kvað Völusteinn:

25.

Man ek þat, er jörð við orða  
endr myrk danar sendi  
grænnar gröfnum munn  
gein Hlóðynjar beina.

Frón, sem Úlfr kvað Uggason:

30.

Enn stirðpinull starði  
storðar leggs fyrir borði  
fróns á fólka reyni  
fránleitr, ok blés eitri.



Fjörgyn:

Örgildis var ek eldi,  
 áls fjörgynjar, mála  
 dyggr, sé heiðr, ok hreggi,  
 hrynbeðs ár steðja!

5.

66. Vargr heitir dýr; þat er rétt at kenna við blóð eða hrae,  
 svá, at kalla verð hans eða drykk; eigi er rétt at kenna svá  
 við fleiri dýr. Vargr heitir ok úlfr, sem Þjóðólfr kvað:

Gera var gisting byrjuð  
 gnóg, enn úlfr or skógi  
 sonr á sár at spenja  
 Sigorðar kom norðan.

10.

Hér er hann ok geri kallaðr. Freki, sem Egill kvað:

Þá er oddbreki,  
 sleit und freki,  
 gnúði hrafni  
 á höfuð-stafni.

15.

Vitnir, sem Einarr kvað:

Elfr varð unda gjálfri  
 eitrköld roðin heitu;  
 vitnis féll með vatni  
 varmt öldr í men Karmtar.

20.

Ylgr, sem Arnórr kvað:

Svalg áttbogi ylgjar  
 ógóðr, enn var blóði  
 græðir grænn at rauðum,  
 grand-auknum ná, blandinn.

25.

Vargr, sem Illugi kvað:

Vargs var munr þat, er, margan  
 menskerðir stakk sverði  
 myrk örriða markar,  
 minn dróttinn rak flótta.

30.

Þjörn: fetvíðnir, húnn, vetrliði, hersi, fress, íugtanni,

ifjungur, glúmr, jölfuðr, vilskarpr, bera, jórekr, ríti, frekr, blómr, ysjungur.

Hjörtr: móðrauðnr, dalarr, dalr, dáinn, dvalinn, duneyrr, duraprór.

Þetta eru enn vargs-heiti, sem Hallr kvað: 5.

Heiðingja sleit hungri,  
hár gyldir naut sára,  
granar rauð gramr á fenri,  
gekk úlfr í fen drekka.

Ok enn, sem Þórðr kvað: 10

Óð enn ærnu náði  
ims sveit freka hveiti,  
gera öldra naut gyldir,  
Gjálpar stóð í blóði.

Þessi eru hesta heiti talin í Þorgríms-þulu: 15.

Hrafn og Sleipnir  
hestar ágætir,  
Valr ok Léttfeti,  
var þar Tjaldari,  
Gulltoppr ok Goti,  
getit heyrðak Sóta,  
Mór ok Lungr með Mari.

Vigg ok Stúfr  
var með Skæfaði,  
þegn knátti Blakkr bera; 25.

Silfrtoppr ok Sinir,  
svá heyrðak Fáks of getit,  
Gullfaxi ok Jór með goðum.

Blóðughófi hét hestr,  
er bera kváðu 30.

öflgan Atriða;  
Gils ok Falhófnir,  
Glær ok Skeiðbrímir,  
þar var ok Gullir of getinn.

Þessir eru hestar taldir í Kálfsvísu :

5. Dagr reið Dröslí,  
enn Dvalinn Móðni,  
Hjálmþer Háfeta,  
enn Haki Fáki :  
reið bani Belja  
Blóðughófa,  
enn Skævaði  
skati Haddingja.
10. Vesteinn Vali,  
enn Vífill Stúfi,  
Meinþjófr Mói  
enn Morginn Vakri,  
Áli Hrafni
15. til íss riðu,  
enn annar austr  
und Aðilsí  
grár hvarfaði  
geiri undaðr.
20. Björn reið Blakki,  
enn Bjarr Kerti,  
Atli Glaumi,  
enn Aðils Slungni,  
Högni Hólkvi,
25. enn Haraldr Fólkvi,  
Gunnarr Gota,  
enn Grana Sigurðr.

Árvakr ok Alsviðr draga sólina, sem fyrr er ritat. Hrímfaxi  
eða Fjörsvartnir draga nóttina. Skinfaxi eða Glaðr fylgja deg-  
30. inum.

Þessi oxna-heiti eru í Þorgríms-pulu :

Gamalla oxna nöfn  
hefi ek gerla fregit,

þeirra Rauðs ok Hæfis;  
 Rekinn og Kyrr  
 Himins-hrjótr ok Apli,  
 Arfr ok Arfuni.

Þessi eru orma-heiti: Dreki, Fáfmir, Jörmungandr, Naðr, 5.  
 Níðhöggr, Linnr, Naðra, Góinn, Móinn, Grafvitnir, Grábakr,  
 Ofnir, Svafnir, Grímr.

Naut: kýr, kálfr, yxni, kvíga, vetrungr, griðungr, boli.

Sauðr: hrútr, bekri, ær, lamb, veðr.

Svín: sýr, gylta, runi, göltr, gríss. 10.

67. Hver eru heiti lopts og veðranna? Lopt heitir ginn-  
 unga-gap ok meðalheimr, foglheimr, veðrheimr. Veðr heitir  
 hregg, byrr, glygg, hret, gjósta, vindr. Svá segir í Alsvinnsmálum:

Vindr heitir með mönnum, 15.  
 enn vöfuðr með goðum,  
 kalla gneggjuð ginnregin:  
 æpi kalla jötnar,  
 enn álfar gnýfara,  
 heitir í helju hlömmuðr. 20.

Veðr heitir ok gustr.

68. Tveir eru fuglar þeir, er eigi þarf at kenna annan veg,  
 enn kalla blóð eða hræ drykk þeirra eða verð, þat er hrafn ok  
 örn. Alla aðra fugla karlkenda má kenna við blóð eða hræ,  
 ok er þat þá örn eða hrafn, sem Þjóðólfr kvað: 25.

Blóðorra lætr barri  
 bragningr ara fagna;  
 Gauts berr sigð á sveita  
 svans örð konungr Hörða;  
 geirs oddum lætr græddir 30.  
 grunn hvert stika sunnar  
 hirð, þá er hann skal varða,  
 hrægammis ara sævar.

Þessi eru nöfn hrafns: krákr, Huginn, Muninn, borginmóði,  
árflognir, ártali, holdboði. Svá kvað Einarr skálaglamm:

5. Ejallvöndum gaf fylli,  
fullr varð, enn spjör gullu,  
herstefnandi hröfnum,  
hrafn á ylgjar tafni.

Svá kvað Einarr Skúlason:

10. Dólgskára kná dýrum  
dýr magnaðr stýra,  
Hugins fermu bregðr harmi  
harmr blik sólar garmi.

Ok enn, sem hann kvað:

15. Enn við hjaldr, þar er höldar,  
hugprútið sveillr, lúta,  
Muninn drekkur blóð or benjum  
blásvartr konungs hjarta.

Sem kvað Vigaglúmr:

20. Þá er dynfúsar dísir  
dreyra mens á eyri,  
bráð fékk borginmóði  
blóðskjaldaðir stóðum.

Sem Skúli kvað Þorsteinsson:

25. Mundí-t efst, þar er undir  
árflogni gaf ek sárar,  
Hlökk í hundraðs flokki  
hvítinga mik líta.

Örn heitir svá: ari, gemlir, hreggskornir, egðir, ginnarr,  
undskornir, gallofnir. Sem Einarr kvað:

30. Sámleitum rauð sveita,  
sleit örn gera beitu,  
fékst arnar matr járnum,  
Járnsöxu grön faxa.

Sem Óttarr kvað:



Örn drekkur undarn  
ylgr færri at hræm sylg,  
opt rýðr úlfr keypt,  
ari getr verð þar.

Sem Þjóðólfr kvað: 5.

Seggjundum fló sagna  
snótar ylgr at móti  
í gemlis ham gömlum  
glamma ó fyr skammu.

Ok sem hér er: 10.

Hreggskornis vil ek handa  
háleitun mjöð vanda.

Ok enn, sem Skúli kvað:

Vaki ek þar er vell-eiðs ekka,  
víðis, áðr ok síðan, 15.  
greppr hlýðir þá góðu  
gallofnis vel spjalli.

69. Hver'ro sævar heiti? Hann heitir: marr, ægir, gumir,  
hlær, haf, leið, ver, salt, lög, græðir, sem Arnórr kvað, ok  
fyrir var ritat: 20.

Nemi drótt, hve sæ sótti  
snarlyndr konungr, jarla;  
eigi þraut við ægi  
óvæginn gram bægja.

Hér er nefndir sær ok ægir. Marr, sem Hornklofi kvað: 25.

Þá er út á mar mætir  
mannskæðr lagar tanna  
ræsi-naðr ok rausnar  
rak vébrautar nökkva.

Lög er ok hér nefndr. Svá kvað Einarr: 30.

Lögr þvær flaust, enn fagrir  
flóðs vaskar brim glóðum,  
þar er sær á hlið hvára  
hlymr veðrvitar glymja.

Hér er flóð kallat. Svá kvað Refr, sem fyrir var ritat:

Fœrir björn, þar er bára  
brestr, undinna festa  
opt í ægis kjapta  
úrsvöl Gýmis vólva.

5.

Haf sem Hallvarðr kvað:

Vestr lézt þú í haf, hristir,  
harðviggs svikulgjarðar,  
umbands allra landa  
íss! framstafni vísat.

10.

Leið sem hér er:

Erum á leið frá láði  
liðnir Finnum-skríðnu,  
austr sé ek fjöll af flausta  
ferli geisla merluð,

15.

Ver, sem Egill kvað:

Vestr fór ek of ver,  
enn ek Viðris ber  
munstrandar mar;  
svá er mitt of far.

20.

Marr, sem Einarr kvað:

Kaldr þvær marr und mildum  
mart dægr viðú svarta,  
grefr elsnúin, jöfri,  
álmsorg manar þjálma.

25.

Salt, sem Arnórr kvað:

Salt skar húfi héltum  
hraustr þjóðkonungr austan,  
báru brimlogs rýri  
brún veðr at Sigtúnum.

30.

Græðir, sem Bölverkr kvað:

Leiðangr bjóttu af láði,  
lögr gekk of skip, fögru

gjálfr-stóðum reistu græði  
glæstum, ár it næsta.

Hér er ok gjálfr kallat særinn. Víðir, sem kvað Refr:

Barðristinn nemr brjósti  
borðheim drasill skorðu, 5.  
nauð þolir viðr, enn víði  
verpr inn of þröm stinnan.

Húmr, sem *Haraldr harðráði* kvað:

Senn jósu vær, svanni,  
sextán, enn brím vexti, 10.  
dreif á hafkkips húfa  
húm, í fjórum rúmum.

Þessi eru enn sævar-heiti, svá at rétt er at kenna til skips  
eða gulls. Rán er sagt at var kona Ægis, svá sem hér er:

Hrauð í himin upp glóðum 15.  
hafs, gekk sær af affi.  
Börð hygg ek at ský skorði;  
skaut Ránar vegr mána.

Doetr þeirra Ægis ok Ránar eru níu, ok eru nöfn þeirra fyrr  
ritut: Himinglæfa, Dúfa, Blóðughadda, Hefring, Uðr, Hrönn, 20.  
Bylgja, Dröfn, Kólga. Einarr Skúlason taldi í þessi vísu sex  
nöfn þeirra:

Æsir hvast at áraustum  
Himinglæfa þyt sævar,  
glymr Unnar vex, grenni 25.  
göndlar skúfs ok Dúfa.  
Brædd strýkr Blóðughadda;  
brimsólgin fellr Kólga;  
hlýr skilr Hefring stærir  
haflauðr of við rauðan. 30.

Hrönn, sem Valgarðr kvað:

Löðr var lagt í beði,  
lék sollit haf gollu,

enn herskipum hrannir  
höfuð ógurlig þógu.

Bylgja, sem Óttar svarti kvað:

5. Skárut sköfnu stýri,  
skaut, sylg-háar bylgjur,  
lék við hún á hreini  
hlunns, þat er drósir spunnu.

Dröfn, sem Ormr kvað:

10. Hrosta drýgir hvern kost  
hauk lúðrs gæi-þrúðr,  
enn drafnar loga Lofn  
löstu rækir vinföst.

Bára, sem Þorleikr fagri kvað:

15. Sjár þýtr, enn berr bára  
bjart lauðr of við rauðan,  
grans þær er gulli búnnum  
gínn hlunnvísundr munni.

Lá, sem Einarr kvað:

20. Né framlyndir fundu  
fyr, hykk-at lá kyrðu,  
þar er sjár á við vöru  
vini óra féll stórum.

Fyllr, sem Refr kvað:

25. Hrynja fjöll á fyllar,  
fram æsist nú Glamma  
skeið, Vetrliði, skíða  
skautbjörn Gúsís nauta.

Boði, sem hér er:

30. Boði féll á mik brálla;  
bauð heim með sér geimi;  
þá ek eigi löð lægis.

Breki, sem Óttarr kvað:

Braut, enn breki þaut,  
borð, óx viðar morð,

meðr fengu mikil veðr  
mjó for ofan sjó.

Vágr, sem Bragi kvað:

Vildi-t vröngum ofra,  
vágs hyrsendir, ægi, 5.  
hinn er mjótygil máva  
mærar skar fyrir Þóri.

Sund, sem Einarr kvað:

Skar ek súðum sund  
fyrir sunnan Hrund, 10.  
mín prýddist mund  
við mildings fund.

Fjörðr, sem Einarr kvað:

Næst sé ek orm á jastar  
ítrserki vel merkðan; 15.  
nemi bjóðr, hve ek fer flæðar,  
fjarðbáls, of hlyn máli.

Sægr, sem Markús kvað:

Sægs mun ek síðr enn eigi,  
sá er illr, er brag spillir, 20.  
sólar sverri málan,  
slíðr-áls reginn, níða.

70. Hver'ro elds-heiti? Svá sem hér er:

Eldr brenn-at sjá sjaldan,  
svíðr dyggr jöfurr bygðir, 25.  
blása rönn fyr ræsi  
reyk, er Magnús kveykvir.

Logi, sem Valgarðr kvað:

Snarla skaut or sóti  
sveyk of hús ok reykir 30.  
stóðu stopðir síðan,  
steinóðr logi glóðum.

Bál, sem hér er:



Haki var brendr á báli,  
þar er brimslóðir óðu.

Glæðr, sem Grani kvað:

5. Glæðr hygg ek Glamma slóðar,  
gramr eldi svá, feldu.

Eisa, sem Atli kvað:

Öx rýðsk, eisur vaxa,  
allmörg, loga hallir;  
hús brenna, gim geisar;  
10. góðmennit fellr, blóði.

Hér er ok gim kallat eldrinn. Eimr, sem hér er:

Brunnu allvalds inni,  
eldr hygg ek at sal feldi,  
eimr skaut á her hrími,  
15. hálfgjör við Nið sjálfa.

Hyr, sem Arnórr kvað:

Eymði-t ráð við Rauma  
reiðr Eydana meiðir;  
heit dvínuðu Heina,  
20. hyrr gerði þá kyrra.

Viti, funi, rem Einarr kvað:

Funi kyndist fljótt,  
enn flýði skjótt  
Hísingar herr,  
25. sá er hafði verr.

Brími, sem Valgarðr kvað:

Bjartr sveimaði brími;  
brutu víkingar fikjum  
vísa styrks af virki,  
30. varp sorg á menn borgar.

Leygr, sem Haldórr kvað:

Er knáttuð þar þeirra,  
þú vart aldriki, skjaldar

leygr þaut of sjöt, sigri  
sviptr, gersimum skipta.

71. Þessi eru nöfn stundanna: öld forðum, aldr, fyrir löngu, ár, missiri, vetr, sumar, vár, haust, mánuðr, vika, dagr, nótt, morgin, apran, kveld, árla, snemma, síðla, í sinn, fyrra dag, í næst, í gær, á morguu, stund, mál. Þessi eru enn heiti nóttar í Alsvinnsmálum:

Nótt heitir með mönnum,  
enn njóla í helju,  
kölluð er gríma með goðum; 10.  
ósorg kalla jötnar,  
álfar svefngaman,  
dvergar draumnjórun.

Frá jafndægri er haust, til þess er sól sezt í eykðar-stað; þá er vetr til jafndægris; þá er vár til fardaga; þá er sumar til jafndægris. Haustmánuðr heitir hinn næsti fyrir vetr; fyrstr í vetri heitir gormánuðr, þá er frermánuðr, þá er hrútmánuðr, þá er þorri, þá góí, þá einmánuðr, þá gaukmánuðr ok sáðtíð, þá egg tíð ok stekktíð, þá er sólmánuðr ok selmánuðr, þá eru heyannir, þá er kornskurðar-mánuðr. 20.

72. Hver eru manna nöfn ókend? Maðr er hverr fyrir sér, hit fyrsta ok hit ædsta heiti manns er kallað keisari, því næst konungr, þar næst jarl. Þessir III menn eigu saman þessi heiti öll. Allvaldr, svá sem hér er kveðit:

Allvalda kann ek alla 25.  
austr ok suðr of flausta,  
Sveins er sonr at reyna,  
setr, hverjum gram betri.

Hér er ok gramr kallaðr; því heitir hann allvaldr, at hann er einvaldi alls ríkis síns. Fylkir, sem Gissurr kvað: 30.

Fylkir gleðr í fólki  
flakk of svan Hlakkar;  
Ólafr of viðr elum  
Yggs gögl fegin Sköglar.

Fyrir því er fylkir kallaðr konungr, at hann skipar í fylkingar herliði sínu. Vísi, sem kvað Óttarr svartí:

- Vísi rekr vígfrey's  
 víst austr munlaust,  
 5. aldar hefir allvaldr,  
 ósk-víf, gott líf

Harri eða herra, sem kvað Arnórr:

- Harri fékk í hverri  
 Hjaltlands þrumu branda,  
 10. greppr vill grams dýrð yppa,  
 gagn, sá er næstr er bragna.

Hertogi heitir jarl, ok er konungr svá kallaðr ok, fyrir því er hann leiðir her til orostu. Svá kvað Þjóðólfr:

- Ok hertoga hneykir  
 15. herfingnum lét stinga,  
 leyfð ber ek hans, or höfði  
 haugs skyndaði augu.

Sinnjor eða senjor, sem Sighvatr kvað:

- Lát auman nú njóta,  
 20. Nóregs ok gef stórum,  
 mál halt, svá sem sælan,  
 sinnjor, laga þinna.

Mildingr, sem Markús kvað:

- Mildingr fór of óþjóð eldi,  
 25. auðit var þá flotnum dauða,  
 hæstan kyndut, hlenna þrýstir,  
 hyrjar ljóma suðr at Jómi.

Mæringr, sem Hallvarðr kvað:

- Es-at und jarðar höslu,  
 30. orðbrjótr Dönum forðar  
 moldreks, munka valdi  
 mæringr, enn þú, nærri.

Landreki, sem Þjóðólfr kvað:

- Eyss landreki ljósu  
 lastvarr Kraka barri.

sem fyrr var ritat: því heitir hann svá, at hann rekr her um land annarra konunga, eða rekr her or sínu landi.

73. Konungr er nefndr Hálfðan gamli, er allra konunga var ágætastr; hann gjörði blót mikit at miðjum vetri, ok blótaði til þess at hann skyldi lifa í konungdómi CCC vetra. Enn hann fékk þau andsvör, at hann mundi lifa ekki meirr enn einn mikinn mannsaldr, enn þeir mundi þó CCC vetra, er eigi mundi vera í ætt hans kona eða ótiginn maðr. Hann var hermaðr mikill, ok fór víða um austrvegu; þar drap hann í einvígi þann konung, er Sigtryggr hét. Þá fékk hann þeirrar konu, er kölluð er Alvig hin spaka, dóttir Eyvindar konungs or Hólmgarði, hins ríka; þau áttu sonu XVIII, ok váru IX senn bornir, þeir hétu svá: einn var Þengill, er kallaðr var manna-þengill, annar Ræsir, III. Gramr, IV. Gylfi, V. Hilmir, VI. Jöfurr, VII. Tigg, VIII. Skyli eða Skúli, IX. Harri eða Herra. Þessir IX bræðr urðu svá ágætir í hernaði, at í öllum fræðum síðan eru nöfn þeirra haldin fyrir tignarnöfn, svá sem konungs nafn eða nafn jarls. Þeir áttu engi börn, ok féllu allir í orostum. Svá sagði Óttarr svarti:

Þengill var þegar ungr  
þreks-gjörv víg-örv;  
haldast bið ek hans aldr,  
hann tel ek yfirmann

Svá kvað Markús:

Ræsir lét af roðnum hausi  
Rínar sól á marfjöll skína.

Svá kvað Egill:

Gramr hefir gerðihömr  
grundar upp of hrundit.

Svá kvað Eyvindr:

Lék við ljóðmögu,  
skyldi land verja,  
gylfi enn glaværi,  
stóð und gullhjálmi.

Svá kvað Glúmr:

Hilmir rauð und hjálmi  
heina laut á Gautum.

Svá kvað Óttar svarti:

5. Jöfur heyri upphaf,  
ofrast mun konungs lof,  
háttu nemi hann rétt  
hróðr míns, bragar síns.

Sem Stúfr kvað:

10. Tíreggjaðr hjó tiggí  
tveim höndum lið beima,  
reiðr gekk herr und hlífar,  
hissig suðr fyrir Nissi.

Svá kvað Hallfréðr:

15. Skiliðr em ek við Skylja,  
skálmöld hefir því valdit;  
vætti ek virða drottins;  
vil er mest ok dul flestum.

Svá hvað Markús:

20. Harra kveð ek at hróðgjörð dýrri  
hauklundaðan Dana grundar.

Enn áttu þau Hálfðan aðra níu sonu, er svá heita: Hildir, er Hildingar eru frá komnir; II. Nefir, er Niflungar eru frá komnir; III. Auði, er Öðlingar, eru frá komnir; IV. Yngvi, er Ynglingar eru frá komnir; V. Dagr, er Döglingar eru frá komnir; VI. Bragi er Bragningar eru frá komnir, þat er ætt Hálfðanar hins milda; VII. Buðli, af Buðlunga ætt kom Atli ok Brynhildir; VIII. er Lofði, hann var herhonungr mikill, honum fylgði þat lið, er Lofðar váru kallaðir, hans ættmenn váru kallaðir Lofðungar; þaðan er kominn Eylimi, móðurfaðir Sigurðar Fáfnisbana; IX. Sigarr, þaðan eru komnir Siklingar, þat er ætt Siggeirs, er var mágr Völsunga, ok ætt Sigars, er hengði Hagbarð. Af Hilinga ætt var kominn Haraldr inn granrauði, móðurfaðir Hálfðanar svarta. Af Niflunga ætt var Gjúki, af Öðlinga ætt var Kjarr, af Ynglinga ætt var Eiríkr hinn málsþaki.



74. Þessar eru ok konunga ættir ágætar: frá Yngva, er Ynglingar eru frá komnir; frá Skildi í Danmark, er Skjöldungar eru frá komnir; frá Völsungi á Frakklandi, þeir heita Völsungar. Skelfir hét einn herkonungur, ok er hans ætt kölluð Skilvinga ætt; sú kynslóð er í austrvegum. Þessar ættir, er nú eru nefndar, hafa menn sett svá í skáldskap, at halda öll þessi fyrir tignarnöfn. Svá sem Einarr kvað:

Frá ek við hólm at heyja  
hildingar fram gingu,  
lind varð græn, inn grána,  
geirþing, í tvau springa.

Sem Grani kvað:

Döglingr fékk at drekka  
dantskt blóð ara jóði.

Sem Gamli kvað Gnævaðar-skáld:

Öðlingr drap sér ungunum  
ungr naglfara á tungu,  
innan borðs ok orða  
afgóðr meðalkaffa.

Sem Jórunn kvað:

Bragningr réð í blóði,  
beið herr konungs reiði,  
hús lutu opt fyrir eisum,  
óþjóðar slög rjóða.

Svá kvað Einarr:

Beit buðlungs hjörr,  
blóð féll á dörr,  
rausk Hildar ský  
við Hvítabý.

Svá kvað Arnórr:

Siklinga venr snekkjur  
sjálútar konr úti;  
hann litar herskip innan,  
hrafns góð er þat, blóði.

Sem Þjóðólfr kvað:

Svá lauk siklings æfi  
 snjalls, at vær'rom allir,  
 lofðungr beið enn leyfði  
 lífs grand, í stað vandum.

5.

Lofða konungi fylgði þat lið, er Lofðar heita. Sem Arnórr kvað:

Skjöldungr mun þér annar aldri  
 æðri, gramr, und sólu feðast.

10. Völsungr, sem kvað Þorkell hamarskáld:

Mér réð senda  
 of svalan ægi  
 Völsunga niðr  
 vápn gullbúin.

15. Ynglingr, sem kvað Óttarr svarti:

Engi varð á jörðu  
 ógnbráðr, áðr þér náði,  
 austr, sá er eyjum vestan  
 Ynglingr und sik þryngvi.

20. Yngvi, þat er ok konungs-heiti, sem Markús kvað:

Eiríks lof verðr öld at heyra:  
 engi maðr veit fremra þengil;  
 Yngvi hélt við orðstír langan  
 jöfra sess í veröld þessi.

25. Skilfingr, sem Valgarðr kvað:

Skilfingr, hélztu, þar er skulfu  
 skeiðr, fyrir lönd hin breiðu,  
 auð varð, suðr, um síðir  
 Sikiley, liði miklu.

30. Sinnjor, sem Sighvatr kvað:

Lát auman nú njóta,  
 Nóregs, ok gef stórum,  
 mál halt, svá sem sælan,  
 sinnjor, laga þinna.

75. Skáld heita greppar, ok rétt er í skáldskap, at kenna svá hvern mann, ef vill. Rekkar váru kallaðir þeir menn, er fylgðu Hálfí konungi, ok af þeirra nafni eru rekkar kallaðir hermenn, ok er rétt at kenna svá alla menn. Lofðar heita ok menn í skáldskap, sem fyrir er ritat. Skatnar váru þeir 5. menn kallaðir, er fylgðu þeim konungi, er Skati hinn mildi var kallaðr; af hans nafni er skati kallaðr hvern, er mildr er. Bragnar hétu þeir, er fylgðu Braga konungi hinum gamla. Vírðar heita þeir menn, er meta mál manna. Fyrðar ok fírar ok verar heita landvarnarmenn. Vikingar ok flotnar, þat er 10. skipa-herr. Beimar, svá hétu þeir, er fylgðu Beima konungi. Gummar eða gumar heita flokkstjórar, svá sem gumi er kallaðr í brúðför. Gotnar eru kallaðir af heiti konungs þess, er Goti er nefndr, er Gotland er við kent; hann var kallaðr af nafni Óðins, ok dregit af Gauts nafni; því at Gaut- 15. land eða Gotland var kallað af nafni Óðins, enn Svíþjóð af nafni Svíðurs, þat er ok heiti Óðins. Í þann tíma var kallað allt meginland, þat er hann átti, Reiðgotaland, enn eyjar allar Eygotaland; þat er nú kallað Danaveldi ok Svíaveldi. Drengir heita ungir menn búlausir, meðan þeir afla sér fjár eða orðs- 20. tír; þeir fardrengir, er milli landa fara; þeir konungs-drengir, er höfðingjum þjóna; þeir ok drengir, er þjóna ríkum mönnum eða bændum; drengir heita vaskir menn ok batnandi. Seggir eru kallaðir ok kníar ok liðar, þat eru fylgðarmenn; þegnar ok höldar, svá eru búendr kallaðir; ljónar heita þeir 25. menn, er ganga um sættir manna. Þeir menn eru, er svá eru kallaðir: kappar, kempur, garpar, snillingar, hreystimenn, harðmenni, avarmenni, hetjur. Þessi heiti standa hér í mót, at kalla mann blauðan, veykan, þjarfan, þirfing, blotamann, skauð, skreiu, skjaðr, vák, vóm; leyra, sleyma, teyða, dugga, dasi, 30. dirokr, dusilmenni, ölmusa, auvirð, vílmögr. Örr maðr heitir mildingr, meringr, skati, þjóðskati, gullskati, mannbaldr, sælingr, sælkeri, auðkýfingr, ríkmenni, höfðingi; hér í mót er svá kallað: hnöggvingr, glöggvingr, mælingr, vesalingr, féníð-

- ingr, gjöflati. Heitir spekingr ráðvaldr. Heitir ok óvitr maðr fífl, afglapi, gassi, ginningr, gaurr, glópr, snápr, fóli; ærr, óðr, galinn. Snyrtimaðr: ofláti, drengr, glæsimaðr, stertimaðr, þrýðimaðr. Heitir hraumi, skrapr, skrokkr, skeiðklofi, flangi.
5. slinni, fjösni, slápr, drötr. Lýðr heitir landfólk eða ljóðr. Heitir ok þræll: kepsir, þjónn, önnungr, þirr.

76. Maðr heitir einhverr; tá, ef II 'ru; þorp, ef III 'ru; IV'ro föruneysi; flokkur eru V menn; sveit ef VI eru; sjau fylla sögn; átta bera ámælis-skör; nautar eru IX; dúnn, ef X eru; æri'ro
Þrennar aðalhendingar eru hér í öðru ok hinu fjórða vísuorði, ok lúkast allar einn veg, ok fylgir samstöfun fyrir hverja.

38. Nú er hinn dýri háttr:

15. Vann, kann virðum banna  
vald, gjald, höfuð aldar,  
ferð verð fólka herði  
fest mest, sá er bil lestir;  
hátt, þrátt, hölða áttar,  
20. hrauð auð jöfurr rauðum,  
þat, gat þengill skatna  
þjóð, stóð af gram, bjóða.

Hér eru í fyrsta ok þriðja vísuorði tvær aðalhendingar samt í upphafi, enn hin þriðja at hætti við enda.

25. 39. Farar snarar fylkir byrjar,  
freka breka lemr á snekkjum;  
vaka taka vísa rekkar,  
viðar skriðar at þat biðja;  
svipa skipa sýjur hepnar  
30. sömum þrömum í byr römum,  
Haka skaka hrannir blökkum  
hliðar miðar, und kjöl niðri.

40. Þessi háttr er kallað tiltekitt:

Ok hjald-reifan hófu  
 hoddstiklanda miklir,  
 morðflýtir kná mæta  
 málmskúrar dyn, hjálmarr; 5.  
 hjaldrs þá hilmir foldar  
 hugdýrum gaf stýri,  
 ógnsvellir fær allan.  
 jarldóm göfugr, sóma.

Hér skiptir háttum hit fimta vísuorð, ok leiðir í því orði mál- 10.  
 tak af fyrri víshelmingi, ok dregst þat vísuorð með hljóðfylling  
 mjök eptir skjálfhendu hinnu nýju.

41. Þessi háttr er kallað greppa-minni:

Hverr fremr hjaldr barra?  
 hverr er mælingum ferri? 15.  
 hverr gerir höpp at stærri?  
 hverr kann auð at þverra?  
 Veldr hertogi hjaldri,  
 hann er first bliknar-manni.  
 hann á höpp at sýnni, 20.  
 hann vélir blik spannar.

Í þessum hætti er breytt til dróttkvæðs háttar með orðum.

42. Nú er sá háttr, er vær köllum liðhendur:

Velr ítrhugaðr ýtum  
 otrgjöld jöfurr snotrum; 25.  
 opt hefir þings fyrir þröngvi  
 þungfarmr Grana sprungit;  
 hjörs vill rjóðr, at ríði  
 reiðmálmr Gnitahéiðar;  
 vígs er hreytt at hætti 30.  
 hvatt Niflunga skatti.

Þat eru liðhendur, er hinn sami stafr stendr fyrir hendingar,  
 ok þá er rétt ort liðhendr háttr, at í öðru ok í hinu fjórða  
 vísuorði sé oddhending ok skothending við þær hendingar, er

í fyrra vísuorði eru, ok verðr þá einn upphafsstafr allra þeirra þriggja hendinganna.

43. Nú er sá háttir, er vér köllum réttthent:

5. Alrauðum drífr auði,  
ógnrakkr firum hlakkar  
veit ek hvar vals á reitu  
verpr hringdropa snerpir.  
Snjallr lætr á fit falla  
fagrregn jöfurr þegnum,  
10. ógnflýtir verr ýtum  
arm, Mardallar hvarma.

Hér eru aðalhendingar í fyrsta ok þriðja vísuorði, enn gætt at taka or skothendur.

44. Enn er sá háttir, er vær köllum hina minni alhendu,  
15. þat eru skothendur í hinu fyrsta vísuorði í báðum helmingum,  
svá sem hér segir:

- Samþykkjar fremr sökku  
snar baldr hjarar aldir;  
gunnhættir kann Grotta  
20. glaðdript hraða skipta;  
féstríðir kná Fróða  
friðbygg liði tryggva;  
fjölvinjaðr hylr Fenju  
falr meldr alin-veldi.

25. Hin minni alhenda er þá rétt ort, at haldit sé vísulengð saman; enn ef henni er skotit í fulla alhendu, svá at skothendur sé þar sumar eða allar í vísuorði, þá er þat eigi rétt.

45. Nú er alhent:

30. Frama skotnar gram, gotnum,  
gjöf sannast, röf spannar,  
menstiklir, venst, mikla,  
manndýrðir vann skýrðar.  
Herfjölð bera hölðar,  
hagbál lagar stála



friðast sjaldan við valdi,  
vallands svala branda.

Hér eru tvennar aðalhendingar í hverju vísuorði. Þessi þykk-  
ir vera fegrstr ok vandastr, ef vel er ortr, þeirra háttá, er  
kvæði eru ort eptir, ok er þá full alhending, ef eigi finnst í 5.  
at, ek, enn, eða þau smá orð, er þeim fylgja nema þau standi  
í hendingum; enn eigi hafa allir menn þat varast, ok er þat  
fyrir því eigi rangt, sem kvað Klæingr biskup:

Bað ek sveit á glað Geitis,  
gjör er íð at för, tíðum; 10.  
drögum hest á lög lesta,  
lið flýtr, enn skrið nýtum.

46. Þetta er stamhendr háttr:

Lætr undin brot brotna  
bragningr fyrir sér hringa; 15.  
sá tekr fyrir men menja  
mætt orð of sik fættir;  
armr kná við blik blikna  
brimlands viðum randa;  
þar er hönd at lið liðnar 20.  
lýslóðar berr glóðir.

Hér er í fyrsta ok þriðja vísuorði tvíkveðit at einni samstöfu,  
ok haft þat til hendinga, ok fyrir því köllum vær þetta stam-  
hent, at tvíklypt er til hendingarinnar; ok standa svá hend-  
ingar í orðinu, sem riðhendur. 25.

47. Nú er sá háttr, er samhent er kallat:

Virðandi gefr virðum  
verbál liðar skerja;  
gleðr vellbroti vellum  
verðung afar-þungum; 30.  
ýtandi fremr ýta  
auð sæ-funa rauðum;  
þar er mætum gram mæti  
marblakks skipendr þakka.

Hér eru þær hendingar, er vær köllum samhendingur, því at þessar eru allar með einum stöfum, ok eru í fyrsta ok III. vísuorði svá settar, sem skothendingur í dróttkvæðum hætti.

48. Nú er iðurmælt :

5. Seimþverrir gefr seima  
seim-örr liði beima;  
hringmildan spyr ek hringum  
hringskemmi brott stinga;  
10. baugstökkvir fremr baugum  
bauggrimmr hjarar drauga;  
viðr gullbroti gulli  
gullhætrr skaða fullan.

Hér er þrim sinum haft samhendingar, tysvar í fyrsta ok III. vísuorði, enn í öðru ok hinu fjórða er haldit afhending, sem í

15. dunhendum hætti.

49. Þessi háttr heitir klifat:

- Auðkendar verr auði  
auðtýr boganauðir;  
þar er auðviðum auðit  
20. auðs í gulli rauðu;  
heiðmönnum býr heiðis  
heiðmildr jöfurr reiðir:  
verr heiðfrömuðr heiðar  
heiðgjöf vala leiðar.

25. Hér halda samhendingar of allan vísuhelming, ok taka með aðalhending hina síðarri í öðru ok hinu fjórða vísuorði.

50. Nú eru þeir hættir, er stúfar heita:

- Hjald-remmir tekr Hildi,  
hringr brestr at gjöf, festa;  
30. hnígr und Högna meyjjar  
hers valdandi tjald;  
Héðins mála býr hvílu  
hjálmlestandanda flestum;

morðaukinn þiggr mæki  
mund Hjaðninga sprund.

Hér er hit fjórða vísuorð stýft, ok tekin af samstafa, er í drótt-  
kvæðum hætti skal setja með hending.

51. Þessi er meiri stúfr: 5.

Yggs drósar rýfr eisa  
öld móðseva tjöld;  
glóð stökkr í haf Hlakkar  
hugtúns firum brún;  
geðveggjar svífr glugga 10.  
glæss dynbrími hræss,  
hvattr er hyrr at slétta  
hjaldrs gnapturna aldrs.

Hér er stýft annat ok hit fjórða vísuorð.

52. Nú er hinn mesti stúfr. Hér eru öll vísuorð stýfð. 15.

Herstefnir lætr hrafn  
hungrs fullseðjast ungr;  
ilspornat getr örn  
aldrlausastan haus;  
vilja borg enn vargr 20.  
vígsára klífr grár;  
opt sólgit fær ylgr,  
jöfurr góðr vill svá, blóð.

Þessir hættir, er nú eru ritaðir, eru greindir í þrjá staði; því  
at menn hafa ort fyrr svá, at í einni vísu var annar helmingr 25.  
stýfðr, enn annarr helmingr tvístýfðr, ok eru þat háttaföll;  
sá er hinn þriði, er alstýfðr er, því at hér eru öll vísuorð  
stýfð.

53. Nú skal rita þann hátt, er skothendr heitir:

Sær Skjöldungs niðr skúrum, 30.  
sköpt, Darraðar, lyptast,  
hrindr gunnfána grundar  
glygg of fræknum tiggja;

geysa ve fyrir vísa;  
 veðr stöng at hlym Gungnis;  
 styrk eru mót und merkjum  
 málms of ítran hilmí.

5. Hér eru skothendur í öllum vísuorðum, enn annat sem dróttkvæðr háttr.

54. Nú er sá háttr, er vær köllum liðhendur:

Stjóri venst at stæra  
 stór verk dunu geira;  
 10. halda kann með hildi  
 hjaldrtýr und sik foldu;  
 harri slítr í hverri  
 Hjarranda föt snerru;  
 falla þar til fyllar  
 15. fjallvargs jöru þollar.

Í þessum hætti eru liðhendur með tvennu móti, enn aðrar á þá lund, at við hina fyrri hending í fyrsta ok þriðja vísuorði er oddhending ok aðalhending í öðru ok fjórða.

55. Nú skal rita þá háttu, er fornskáld hafa kveðit, ok  
 20. eru nú settir saman, þótt þeir hafi ort sumt með háttaföllum;  
 ok eru þessir hættir dróttkvæðir kallaðir í fornum kvæðum, enn sumir finnast í lausum vísum. Svá sem orti Ragnarr konungr Loðbrók með þessum hætti:

Skýtr at Sköglar veðri,  
 25. enn skjaldagi haldast,  
 Hildar hlemmidrífu  
 of hvítum þröm rítar;  
 enn í söfis sveita  
 at sverðtogi ferðar  
 30. rýðr alda vin odda,  
 þat er jarls megin, snarla.

Hér er í fyrsta ok þriðja vísuorði háttlausu, enn í öðru ok fjórða aðalhendingar; enn höfuðstafrinn stendr svá, sá er kveðandi

ræðr, í öðru ok hinu fjórða vísuorði, at þar er fyrir sett samstafa ein eða tvær, enn at öðru sem dróttkvætt.

56. Nú skal rita Torf-Einars-hátt:

Hverr sæi jöfra ægi	
jarl fjölvitrum betra,	5.
eða gjarnara at gæða	
glym hraðfeldan skjalda?	
Stendr of stála skúrar	
stýrr ólítill Gauti,	
þá er fólks jaðarr foldir	10.
ferr signjörðum varða.	

Hér er í fyrsta ok þriðja vísuorði háttlausu, enn í öðru ok fjórða skothent ok riðhent.

57. Nú er Egils-háttr:

Hverr ali blóði byrsta	15.
bens rauðsýlgjum ylgi,	
nema svá at gramr of gildi	
gráð dag margan vargi?	
Gefr oddviti undir	
egg nýbitnar vitni;	20.
herr sér fennis fitjar	
framkló loðnar roðna.	

Hér er í fyrsta ok þriðja vísuorði háttlausu, enn í öðru ok hinu fjórða aðalhendingar ok riðhent.

58. Nú er Fleins-háttr: 25.

Hilmir hjálma skúrir	
herðir sverði roðnu;	
hrjóta hvítir askar,	
hrynja brynjuspangir;	
hnykkja Hlakkar eldar	30.
harða svarðar landi;	
remma rimmu glóðir	
randa grand of jarli.	



Hér er svá farit hendingum, sem í dróttkvæðum hætti, enn hendingar eru settar saman í öndurðu vísuorði.

59. Nú er Braga-hátr:

- Er til hjálma hyrjar  
 5. herjum styrjar væni,  
 þar svá at jarl til ógnar  
 egnir tognu sverði;  
 sjá kná garð fyrir grundu  
 grindar þundar jaðra,  
 10. er skatna vinr skjaldar  
 skyldist galdr at fremja.

- Hér er í fyrsta ok þriðja vísuorði hit síðarsta málsorð haft til hendingar, enn missir þess orðs hins fyrra, er gera skyldi skothending; enn við þetta hendingarorð eru í öðru ok hinu fjórða  
 15. vísuorði hendingar, ok er þar önnur hending skothenda ok liðhenda, enn önnur aðalhending við hina fyrstu; enn þessar hendingar, er standa í öðru ok fjórða vísuorði, eru sem í Fleins-hætti. Víða er þat í fornskálda verka, er í einni vísu eru ýmsir hættir eða háttaföll, ok má eigi yrkja eptir því, þó at  
 20. þat þykki eigi spilla í fornkvæðum.

60. Nú eru þeir hættir greindir í þrjá staði, er Kimla-bönd heita. Þessi er einn:

- Hjálmllestir skerr Hristar  
 hreggöld Sigars veggi;  
 25. gramr lætr í byr brjóta  
 brands hnigpili randa stranda;  
 stálhrafna lætr stefnir  
 styrvind of sik þyrja;  
 þiggr at Göndlar glyggvi  
 30. gagn oddviti bragna sagna.

Hér er í fjórða vísuorði í hvorum helmingi aukit aðalhending með tveim samstöfum eptir vísuorð, enn at öðru sem dróttkvætt.

61. Nú er hit meira kimblaband:

Álmdrosar skylr ísa  
 ár flest meginbára sára;  
 könn lætr hræs á hrönnum  
 hjálmsvell jöfurr gella fella; 5.  
 styrjökla kná stiklir,  
 stinn, mens legi venja benja;  
 lætr stillir frör fylla  
 fólk sund hjarar-lunda unda.

Hér eru tvenn kimlabönd í hvárum helmingi. 10.

62. Þessi eru hin mestu kimlabönd:

Hræljóma fellr hrími, tími  
 hár vex of gram sára ára,  
 frost nemr, of hlyn Hristar, Mistar  
 herkaldan þröm skjaldar aldar; 15.  
 gullsendir brýtr grundar Hrundar  
 gunnveggis stöfum leggi hreggi;  
 sóknvallar, spyr ek, svelli, elli,  
 svá skotnar þat, gotna þrotna.

Hér fylgir hverju vísuorði kimblaband. 20.

63. Nú skal rita hrynjandi háttu. Þessi er hinn fyrsti:

Tiggi snýr á ógnar áru,  
 undgagl veit þat, sóknar hagli,  
 yngvi, drífr at hreggi hlífa,  
 hjör velir fjör, brynju eli, 25.  
 Vísi, heldr of fjörnir foldir,  
 fólk-, skiptir svá boga driptum,  
 -skúrum lýstr of hilmi hraustan,  
 hans fregnum styr, Mistar regni.

Hér er hit fyrsta ok III. vísuorð aukit framan tveim samstöfum 30.  
 til háttar-setningar; enn ef þær eru af teknar, þá er eptir sem  
 dróttkvætt. Enn or öðru ok IV. vísuorði má taka málsorð, þat  
 er tvær samstöfur fylgja, hin V. ok hin VI. í vísuorði; þá er  
 þat orð ok dróttkvætt. Í hrynhendum háttum er optast

VIII samstöfur í vísuorði, enn hendingar ok stafaskipti fara sem í dróttkvæðum hætti. Þetta köllum vær dróttkvæða hrynjandi.

64. Nú skal sýna fleiri skipun háttanna; er þessi hrynj-  
5. andi köllut trölls-háttr:

Stála kendi steykkvilundum  
styrjar valdi rauðu falda,  
rekkar stýrðu rétt til jarðar  
roðnu barði, austan fjarðar;  
10. oddum rendi eljunstrandir  
ýta-ferðar hringa-skerðir;  
hilmir stærði hvössu sverði  
heila grundar megin-undir.

Hér eru átta samstöfur í hverju vísuorði; hér eru hluthendur,  
15. í öllum orðum, ok fylgja III samstöfur hverri hendingu, ok svá  
fara skothendur ok aðalhendingar ok stafaskipti, sem í hryn-  
hendu.

56. Þessi er einn hrynhendr háttr:

Vafði lítt, er virðum mætti,  
20. vígrækjandi fram at sækja;  
skerðir gekk í skúrum Hlakkar  
Sköglar serks fyrir roðnum merkjum;  
ruddist land, enn ræsir þrænda  
Ribbungum skóp bana þungan;  
25. Gunnar skaut und gera fótar  
grimmsetta il hjarna kletti.

Þetta er hrynhenda óbreytt.

66. Þetta er draghent:

Vápna hríð velta náði  
30. vægðarlaus feigum hausí;  
hilmir lét höggum mæta  
herða klett bana verðan;  
fleina lands fylkir rendi  
fjörnís hlíð meginskíði,

öflugt sverð eyddi fyrðum,  
jöfri kent, holdi fenta.

Í þessum hætti eru tíðast VII samstöfur í hverju vísuorði, enn hendingar ok stafaskipti sem í dróttkvæðum, ok ef hér er er tekin ein samstöfun fyrsta eða þriðja vísuorði, sú er stendr 5.  
næst hinni fyrstu, þá falla hljóðin öll, sem í dróttkvæðum hætti. Svá má ok af taka í öðru ok hinu IV. vísuorði hina sömu samstöfun, ok er þá þat dróttkvætt, ok verðr sumt eigi mjúkt.

67. Þenna hátt köllum vér munnvörp: 10.

Eyddi úthlaupsmönnum  
ítr hertogi spjótum:  
sungu stál of stillis,  
stóð ylgr í val, dólgu:  
hal margan lét höfði 15.  
hoddgrimmr jöfurr skemra;  
svá kann rán at refsa  
reiðr oddviti þjóðum.

Hér er háttalaus í hinu fyrsta ok III. vísuorði, enn í öðru ok hinu fjórða skothendur. 20.

68. Nú er sá hátt, er kallar er háttlaus:

Ortak öld at minnum,  
þá er alframast vissak,  
of siklinga snjalla  
með sex togum hátta; 25.  
sízt hafa veg né vellum,  
er virðan mik létu,  
á aldinn mar orpit,  
oss er þat frami, jöfrar.

Í þessum hætti eru öngvar hendingar, enn stafaskipti sem í 30.  
dróttkvæðum hætti. Nú eru samansettir í tveim kvæðum sex tigur hátta, ok um fram þær VIII greinir, er fyrst er skipat dróttkvæðum hætti með málsgreinum, þeim er fylgja hættin-

um, ok eru þessir hættir allir vel fallnir til at yrkja kvæði eptir ef vill.

69. Nú skal upp hefja hit III. kvæði, þat er ort er eptir hinum smærum háttum, ok eru þeir hættir þó margir áðr í 5. lofkvæðum. Hér hefr upp togdrápu-lag:

Fremstr varð Skúli,  
skal-a lof dvala,  
sem ek mildum gram  
mærd fjölsnærða;  
10. meirr skal ek stæri \*  
stýrs hróðr fyrir,  
kærr var ek harra,  
hers gnótt bera.

Hér er í öðru ok í fjórða vísuorði fjórar samstöfur ok tvær 15. aðalhendingar, ok svá settr höfuðstafr sem í dróttkvæðu; enn í fyrsta ok þriðja vísuorði eru ok fjórar réttar samstöfur ok hin fimta afkleyfis-samstafa, þat er: ek eða af, eðr, enn eða er eða þvílíkt. Þar eru ok skothendingar, ok ein hljóðfylling við höfuðstafinn.

20. 70. Þetta er annat toglag:

Kunn bjó ek kvæði  
konungs bróður þjóð,  
þann veit ek þengil,  
þrenn, fjölmennan;  
25. fram skal hin fjórða  
fólkglaðs vaða  
ljós-elds lagar  
lofun friðrofa.

Svá ferr hér annat ok fjórða vísuorð, sem í fyrra hætti, enn hit 30. fyrsta ok þriðja vísuorð er hér hendingalaust, enn II hljóðfyllendr við höfuðstaf, sem í dróttkvæðu.



71. Þessi er hinn þriði hátttr, er vér köllum hagamælt:

Mitt er of mæti  
 mart lag bragar  
 áðr ókveðit  
 oddbraks spakan; 5.  
 hlýtr grams geta  
 greppr óhneppra  
 skýrr skrautfara  
 skjöldunga ungra.

Í þessum hætti eru skothendingar í fyrsta ok III. vísuorði, ok 10. stafaskipti sem í dróttkvæðum hætti, enn at öðru sem togmælt. Í öllu toglagi er eigi rangt, þótt v samstöfur sé í vísuorði, er skammar eru sumar ok skjótar. Þat er togdrápu hátttr, at stef skal vera til fyrsta vísuorðs, ok lúka því máli í hinu síðarsta vísuorði kvæðisins, ok er rétt at setja kvæðit með svá mörgum 15. stefjamálum, sem hann vill, ok er þat tíðast, at hafa öll jafnlöng, enn hvers stefjamáls skal stef upphaf ok niðrlag.

72. Nú er grænlenzki hátttr:

Slóð kann snæðir  
 seima geima 20.  
 hnigfák Haka  
 hleyppa greypa:  
 hinn er af hlunni  
 hesta festa  
 lætr, leyfðr skati, 25.  
 langa ganga.

Hér er hit fyrsta ok III. vísuorð svá sem hagamælt, enn annat ok IV. með aðalhendingum, ok eru tvær samstöfur aðalhendar, ok enda báðar í einn staf.

73. Nú er hinn skammi hátttr: 30.

Gull kná greppar  
 glóa róa,  
 váss eru seggir  
 samir framir: .

eik má und jöfri  
 una bruna;  
 þá nýtr vísi  
 viðar skriðar.

5. Hér er hit fyrsta ok III. vísuorð hendingalaust, enn annat ok hit IV. sem grænlenzki hátttr, ok skemri orðtökin.

74. Nú er nýi hátttr:

- Ræsir glæsir  
 Rökkva stökkva  
 10. hvítum rítum  
 hreina reina:  
 skreytir hreytir  
 skafna stafna  
 hringa stringa  
 15. hjörtum svörtum.

Í þessum hætti eru í hverju vísuorði fjórar samstöfur, enn tvær aðalhendingar, ok lúkast í einn staf báðar, ok engi afkleyfisorð.

75. Þetta er náhent:

- Hafröst hristir  
 20. hlunnvigg tiggja;  
 borðgrund bendir  
 brimdýrs stýri;  
 blá veit brjóta  
 byrskíð víði  
 25. böðharðr börðum  
 buðlungr þungan.

Í þessum hætti eru fjórar samstöfur í vísuorði, enn hendingar ok stafaskipti, sem í dróttkvæðum hætti, nema þat, at allar hendingar eru náhendar.

30. 76. Þetta er stúfhent:

Hrinda lætr hniggrund  
 hafbekks snekkjur  
 þá er falla fleinpollr  
 frör mál stálum;

hlumi lítr herr fram  
 hirðmenn spenna,  
 enn ræði raungóð  
 rógálfrs skjálfa.

Í þessum hætti eru IV samstöfur í vísuorði ok er eigi rangt í 5.  
 hinu fyrsta ok þriðja, þótt V sé; þat eru skothendur, í öðru ok  
 hinu fjórða eru aðalhendingar, ok báðar saman, ok hin fyrri  
 stýfð, enn stafaskipti sem í dróttkvæðu.

77. Þetta er hnugghent:

Hrannir strykkva hlaðinn bekk, 10.  
 haflöðr skeflir,  
 kasta náir kjalarstíg  
 kalt hlýr söltum;  
 svörtum hleypir svana fjöll  
 snjallmæltr stillir 15.  
 hlunna fram of Haka veg  
 hríðfeld skíðum.

Hér er í fyrsta ok III. vísuorði VII samstöfur ok hendingalaust,  
 enn rétt at stöfum; enn annat ok hit fjórða hefir fjórar sam-  
 stöfur, enn rétt at stöfum ok skothendingum, ok oddhent, ok 20.  
 stýfð hinu fyrri hending.

78. Nú er hálfhnept:

Snyðja lætr í sólroð  
 snekkjur á Manar hlekk  
 árla, sér ungr jarl, 25.  
 allvaldr breka-fall;  
 lypta kná lýðr opt  
 lauki of kjalar raukn;  
 greiða náir glygg váð;  
 greipum mæta dragreip. 30.

Í þessum hætti eru sex samstöfur í vísuorði, enn eigi er rangt,  
 þótt verði V eða VII; í fyrsta ok III. vísuorði eru skothendur,  
 enn aðalhendingar í öðru ok hinu IV. í hvoruntveggja stað. hin

fyrri hending sem í dróttkvæðu, enn hin síðarri stýfð eða hnept, þat er allt eitt.

79. Sjá háttr er alhneptr:

5. Hrönn skerr, hvatt ferr  
húfr kaldr, allvaldr,  
lá brýtr lög, skýtr  
limgarmr, rangbarmr;  
brátt skekr, byrr rekr,  
blávegg, ráskegg:  
10. jarl lætr almætr  
ósvipt húnskrípt.

Í þessum hætti eru fjórar samstöfur í vísuorði, ok tvær aðal-  
hendingar, ok lúkast báðar í einn staf, ok allar hendingar  
hneptar.

15. 80. Þetta er Haðar-lag:

- Læsir leyfðr vísi  
landa útstrandir  
blíðr um bláskíðu  
barða ranngarði;  
20. ern kná jarl þyrna  
oddum valbrodda  
jörð með jelsnörðum  
jaðri hrænaðra.

Í þessum hætti eru fimm samstöfur í vísuorði, enn hendingar  
25. ok stafaskipti sem í dróttkvæðum hætti.

81. Nú eru þeir hættir, er runhendur eru kallaðar; þeir  
eru með einu móti: hvern háttr runhendr skal vera með aðal-  
hendingum tveim, ok í sínu vísuorði hvor hending. Þessi er  
rétt runhenda:

30. Lof er flutt fjörum  
fyrir gunn-nörum

né spurð spörum  
 spjöll grams snörum;  
 hefi ek hans förum  
 til hróðrs örum  
 ypt óvörum 5.  
 fyrir auðs börum.

Þessi háttr er haldinn með einni hending í hverju vísuorði, ok svá er sú runhending, er skilr hendingar ok skiptir orðum; því er þetta runhent kallat.

82. Þetta er hin minni runhenda: 10.

Fluttak fræði  
 of frama græði  
 tunga tæði,  
 með tölu ræði;  
 stef skal stæra 15.  
 stilli Mæra  
 hróðr dugir hræra,  
 ok honum færa.

Hér gengr hending of hálfu vísu, enn önnur í síðarri helmingi.

83. Þessi háttr er stýfðr eða hneptr af hinum fyrra; þessi er hin minsta runhenda: 20.

Slíkt er svá  
 siklingr á  
 öld þess ann  
 orðróm þann; 25.  
 jarla er  
 austan ver  
 skatna skýrstr  
 Skúli dýrstr.

I þessum hætti eru þjár samstöfur í vísuorði, enn tvau vísuorð sér um hending; stafaskipti sem í dróttkvæðu. Enn finnst þat svá, at eigi er rangt, ef stendr einu sinni fyrir málsorð hljóðstafr, sá er kveðandi ræðr.



84. Þessi eru enn runhendir:

- Naðrs gnapa ógn alla,  
 eyðir baugvalla,  
 hlunns of hástalla  
 5. hestar svanfjalla;  
 orms er glatt galla  
 með gumna spjalla;  
 jarl fremr sveit snjalla;  
 slíkt má skörung kalla

10. Þessi háttr er ort með fullri runhending, ok eru þar tíðast v samstöfur í vísuorði, eða sex, ef skjótar eru.

85. Þessi er annarr:

- Orð fékk gott gramr,  
 hann er gunntamr;  
 15. mjök er fullframr  
 fylkir rausnsamr.  
 hinn er mál metr  
 milding sízt getr  
 þann er svá setr  
 20. seggi hvern vetr.

Þessi er hneptr af hinum fyrra.

- Mærð vilk auka  
 Mistar lauka  
 góma sverði  
 25. grundar skerði;  
 dýrð skal segja,  
 drótt má þegja,  
 styrjar glóða  
 stökkvimóða.

30. Í þeima hætti eru IV samstöfur í hverju vísuorði, enn höfuðstafr sem í dróttkvæðum hætti, ok fylgir þeim einn hljóðfyllandi.

86. Þessi er hinn þriði háttr runhendr:

Veit ek hrings hraða  
 í höll laða,

gott er hús Hlaða,  
 hirð ölsaða;  
 drekkur gramr glaða  
 enn at gjöf vaða,  
 vitar valstaða, 5.  
 vannbaugsskaða.

Þetta er rétt runhending, ok er þessi háttr tekinn af toglagi;  
 hér eru IV samstöfur í vísuorði, eða V, ef skjótar eru.

87. Þessi er hin minni hrnhenda:  
 Drífr handa hlekkur, 10.  
 þar er hilmir drekkur;  
 mjök er brögnum bekkur  
 blíðskálar þekkur.  
 Leikr hilmis her  
 hrein, gullin ker, 15.  
 segi ek allt, sem er,  
 við orða sker.

Þessi er hneptr af hinum fyrra.

88. Þessi er hin minnsta:  
 Enn þá er hirð til hallar 20.  
 her-oddviti kallar,  
 optr tekur jarl at fagna  
 vit ótali bragna;  
 búin er gjöf til greizlu  
 at gullbrota veizlu; 25.  
 þröngt sitr þjóðar sinni,  
 þar er mestr frami inni.

Þessi hrnhenda er tekin af dróttkvæðum hætti, ok eru hér  
 jafnmargar samstöfur, ok svá stafaskipti, sem í dróttkvæðu.

89. Nú hefr upp hinn fjórða bálk runhendinga: 30  
 Hirð gerir hilmis kátt,  
 höll skipast þröngt at gátt,  
 auð gefur þengill þrátt,  
 þat spyrr fram í átt.

Slíkt tel ek hilmis hátt;  
 hans er rausn of mátt;  
 jarl brýtr sundr í smátt  
 slungit gull við pátt.

5. Þessi hátt er hneptr af hinum fyrra, ok rétt runhendr.

90. Nú er minni runhenda:

Mörg þjóð ferr til siklings sala,  
 sœmd er þar til allra dvala;  
 tiggja veitir seima svala,  
 10. satt er bezt of hann at tala.  
 Bresta spyrjum bauga flata,  
 bragna vinr kann gulli hata;  
 æðri veit ek at gjöflund gat-a  
 grundar vörðr, fyrir hringa skata.

15. Þessi runhenda er tekin af hrynhendum hætti.

Þiggja kná með gulli glöð  
 gotna ferð at ræsi mjöð;  
 drekka lætr hann sveit at sín  
 silfri skenkt it fagra vín;  
 20. greipum mœtir gullin skál;  
 gumnum sendir Rínar bál,  
 eigi hittir æðra mann,  
 jarla beztr, enn skjöldung þann.

Þessi er hneptr af hinni fyrri runhendu.

25. 91. Hér hefr upp hinn fimta runhendan bálk:

Getit ver grams fara;  
 gert hefi ek mærd snara,  
 þengil mun þess vara,  
 þat nam ek lítt spara.  
 30. Finn-r-at fræknara  
 fœði gunnstara  
 mann né mildara  
 merkir blóðsvara.

Þessi er ok full runhenda, ok tekin af hálfhneptum hætti eða náhendum.

92. Þessi er hin minni runhenda :

Þengill lætr höpp hrest,  
honum fylgir dáð mest, 5.  
vísi gefr vel flest  
verbál ólest.

Húfar brutu haf ljótt,  
heim lét ek jöfur sótt  
Ýngva lofar öll drótt, 10.  
jarls sá ek frama gnótt.

Þessi er stýfðr eða hneptr af fyrra hætti.

*Fæðu veitti gyldi* Gramr:  
gulli söri Kraki framr;  
eða frágum Haka hjaldr; 15.  
*Héðinn mildi lofaðr* aldr;  
Ormi veitti Sigurðr sár  
slíkt var allt fyr liðit ár:  
Ragnarr þótti skatna skýrstr.  
Skúli jarl er myklu dýrstr. 20.

93. Málaháttur:

Munda ek mildingi,  
þá er Mæra hilmi  
fluttak fjögur kvæði,  
fimtán stórgjafar. 25.  
Hvar viti áðr orta  
með æðri hætti  
mærð of menglötudu  
maðr und himins skautum?

94. Fornyrðalag:

Ort er of ræsi,  
þann er rýðr granar  
vargs ok ylgjar,  
ok vápn litar. 30.

þat mun æ lifa,  
nema öld farist,  
bragninga lof,  
eða bili heimar.

## 5. 95. Bálkarlag:

Lypta ek ljósu  
lofi þjóðkonungs;  
upp er fyrir ýta  
jarls mæð borin.

10.

Hver muni heyra  
hróðr gjöfláta  
seggr svá kveðinn  
seims ok hnossa?

Sú er grein milli þessa háttá, at í fornyrðislagi er í fyrsta ok  
15. III. vísuorði einn stuðill; enn í öðru ok IV. vísuorði, þá stendr  
höfuðstafr í miðju orði. Enn í stikkalagi eru II stuðlar, enn  
höfuðstafr í miðju orði. Enn í bálkarlagi standast stuðlar ok  
höfuðstafr sem í dróttkvæðu.

## 96. Starkaðar-lag:

20.

Veit ek verðari  
þá er vell gefa,  
bröndum beita  
ok búa snekkjur,  
hæra hróðrar

25.

enn heimdraga,  
unga jöfra  
enn auðspörut.

30.

Þeir'ro jöfrar  
alvitrastir,  
hringum hæstir,  
hugrakkastir,  
vellum verstir,  
vígðjarfastir,



hirð hollastir,  
happi næstir.

## 97. Ljóðaháttir:

Glöggva grein  
hefi ek gert til bragar; 5.  
svá er tírætt hundrat talit.  
Hróðrs örverðr  
skal-a maðr heitinn vera,  
ef svá fær alla háttu ort.

## 98. Galdra-lag: 10.

Sóttak fremd,  
sótta ek fund konungs,  
sóttak ítran jarl:  
há er ek reist,  
þá er ek renna gat 15.  
kaldan straum kili,  
kaldan sjá kili.

---

**Njóti aldrs  
ok auðsala  
konungr ok jarl! 20.  
Þat er kvæðis lok.  
Falli fyrr  
fold í ægi  
steini studd,  
enn stillis lof! 25.**

ENDI.

## SKÝRINGAR

yfir visurnar í Snorra-*edda*.

12<sub>20-27</sub>:<sup>1</sup> Glöð Gefjun dró [djúpröðul öðla<sup>1</sup>, [Danmarkar-  
auka,<sup>2</sup> frá Gylfa, svá at rauk af rennirauknum.<sup>3</sup> Öxn báru  
fjögur höfuð ok átta ennitungl,<sup>4</sup> þar er (þau) gengu fyrir víðri  
vallrauf<sup>5</sup> vineyjar.<sup>6</sup>

1. *öðli* (hvk.) = óðal; *djúpröðull*, sævarsól, gull; *djúpröðull öðla*,  
hið ágæta land. — 2. *Danmarkar-auki*, Sjaland. — 3. *raukn* (hvk.) eyki,  
áburðardýr; *renniraukn*, hlaupeyki, hinir hlaupandi uxar. — 4. *enni-  
tungl*, auga. — 5. *vallrauf*, (tg. K. G.) landið sem upp gekk fyrir  
plóginum. Í hdr. Sne. og Hkr. stendr: *vallrauf* er og má lesa *valröf*  
eða *valrof*, (d. *valrov*) og þá verðr þýðingin: rán, hið rænta land. — 6.  
*viney*, hin grasmikla ey (*vin-* kemr ekki annarstaðar fyrir, enn er talið  
hafa líka þýðing og g. *vinja*, engi.

13<sub>13-16</sub>:<sup>2</sup> Hyggjandi<sup>1</sup> seggir<sup>2</sup> létu [Svafnis salnæfrar<sup>3</sup>  
blikja á baki;<sup>4</sup> (þeir) váru barðir grjóti.

1. hyggjandi, vitrir. — 2. menn. — 3. *Svafnir*, Óðinn; *Svafnis salr*,  
Valhöll; *næfr* (kvk.) trjábörkr; *Svafnis salnæfr*, skjöldr. — 4. létu  
*Svafnis salnæfr blikja á baki*, köstuðu skjöldunum á bak sér til að  
hlífa sér fyrir þeim, er ráku flóttann.

13<sub>28-33</sub>:<sup>3</sup> í 6. vo: *flæt*, bæli, hús.

14<sub>33-34</sub>—15<sub>1-6</sub>:<sup>4</sup> 1. vo: ár, (ato.) snemma; *ár alda*, snemma á  
öldum, í fornöld. — 3. vo: *var-a*, var eigi.

---

<sup>1</sup>) Hkr. Ynglingasaga, 5. k. — <sup>2</sup>) Hkr, Har. hárf. s. k. 19. 5. — <sup>3</sup>)  
Hávamál 1. — <sup>4</sup>) Völuspá 6.

15<sub>18-26</sub>:<sup>1</sup> 2. vo: *læfi* (f = v) af *læ* (hvk.) tjón; *svigi*, viðr, tré; *sviga-læ*, eldr. — 3.—4. vo: *sól skinn af sverði valtiva*; *vallivi*, goð víga, hér: Surtr; svo var sem sól lýsti af sverði Surts. — 5. vo: *grjót-björg gnata*, klettar skellast á. — 6. vo: *gífr* (hvk. ft.) galdrakonur; *rata* eiginl. finna veginn, hér: æða áfram.

16<sub>12-19</sub>:<sup>2</sup> 1. vo: *völva*, (ef. et: *völvu* og *völu*; ft: *völvur* og *völvur*;) seiðkona. — 3. vo: *vítki*, seiðmaðr.

16<sub>21-23</sub>:<sup>3</sup>

16<sub>25-30</sub>:<sup>4</sup> 4. vo: *orar* = *vorar*. — 6. vo: *atall* (= *ötull*), *ötul*, *atalt* (lo.), ljótr, leiðr, afskræmislegr. Nýja merkingin er: röskr, duglegr, (enn hvk. eigi haft).

17<sub>27-32</sub>:<sup>5</sup> 1. vo: *oróf* = *orhóf* (sbr. *óhóf*) fjarski; (þf. et:) *orófi vetra*, afarmörgum vेत्रum. — 8. vo: *lúðr* (kk.), kvarnarstokkr (er mélið fellr í). — *lagiðr* = *lagðr*.

18<sub>19-24</sub>:<sup>6</sup> 4. vo: *megin* = megn, krafltr; *megin landsins*, mestr hluti landsins, land, þar af hér: bústaðr.

19<sub>1-8</sub>:<sup>7</sup> 5. vo: *baðmr* (g: *bágm*s; es: *beam*; þ: *baum*), tré.

19<sub>9-16</sub>:<sup>8</sup> 5. vo: *harðmóðigr*, harðgeðja, hér: harðúðigr.

21<sub>16-23</sub>:<sup>9</sup> *Fenrir*, jötunn; *kind*, (es: *cind*, *gecynd*; sbr. l: *gens* ɔ: *gents*), kyn, ætt; *Fenris kindir*, jötnar. — 6. vo: *einna* (ef. ft. af *einn*); *einna nokkorr*, einhver. — 7. vo: *tjúgari*, (eiginl. heynál) teygjari, togari; *tungls tjúgari*, Mánagarmr, er gleypir tunglið.

21<sub>24-31</sub>:<sup>10</sup> 3. vo: *sjöt* (og *ritað: sjót*), sveit; heimili; *ragna-sjöt*, heimili goðanna, himinn. — 7. vo: *válundr* (*vá*, tjón; *lund*), vályndr, illa lyndr; hér (um veðrið): illviðrasamr. — 8. vo: *vituð ér*, vitið þér.

23<sub>1-8</sub>:<sup>11</sup> 2. vo: *rökstólar* (*rök*, hvk. ft. (fhþ: *raħħa*), ástæður; dómar), dómstólar, dómsæti. — 3. vo: *ginnheilagr*; (*ginn* — sbr. es: *gin* eða *ginn*, víðr, mikill), er áherðingarorð), mjög heilagr; *ginnheilög* goð, hin helgustu goð, mótsett: Ásum og Vönum. — 4. vo: *of þat gættust*, gættu að því sín á milli, ráðgudust um.

23<sub>9-12</sub>:<sup>12</sup> 1 vo: *mannlíkan* (hvk.), mannsmynd.

23<sub>14-31</sub> og 24<sub>1-7</sub> og 10-15.<sup>13</sup>

1) Völuspá, 56. — 2) Hyndluljóð, 34. — 3) Vafþr. mál, 30. — 4) Vafþr. mál, 31. — 5) Vafþr. mál, 35. — 6) Völuspá, 8. — 7) Grímnismál, 40., sbr. Vafþr. mál, 21. — 8) Grímnismál, 41. — 9) Völuspá, 43. — 10) Völuspá, 44. — 11) Völuspá, 12. — 12) Völuspá, 13. — 13) Völuspá, 14—16 og 18—19.

24<sub>32</sub>—25<sub>5</sub>:<sup>1</sup> 7. vo: *veð Valföðrs*, veð Óðins, auga Óðins, er hann seldi at veði fyrir skáldamjöldinn.

25<sub>15-23</sub>:<sup>2</sup> 9. vo: *hlóa*, -ð (es: *hlowan*; e: *low*), gella; þjóta fram með háum niði.

26<sub>1-6</sub>:<sup>3</sup> 1. vo: *sundrborinn*, af ýmsu kyni. — 4. og 5. vo: *kunnr* (í *áskunnr* og *álfkunnr*), kynjaðr.

26<sub>21-26</sub>:<sup>4</sup> 2. vo: *dryggir erfði*, þolir.

26<sub>29</sub>—27<sub>2</sub>:<sup>5</sup> 4. vo: *api* (es: *apa*; fhþ: *op*; p. *affe*; skr. *kapi*), api, enn er og í fornkvæðum haft um einfeldninga. t. d. jötnana. — 6. vo: *þeir'ro*, þeir eru. — 10. vo: *meiðr*, kk. (n: *meið* eða *mei*. s: *mede*), tré.

27<sub>10-17</sub>:<sup>6</sup>

28<sub>8-15</sub>:<sup>7</sup> 6. vo; *dróttir*, menn.

28<sub>29-34</sub>:<sup>8</sup>

29<sub>21-26</sub>:<sup>9</sup> 3. vo: *legsk-a-þú*, leggst eigi þú, lætr þú eigi undan. — 8. vo: *sjálfgi eigi*, eigi sjálf.

29<sub>33</sub>—30<sub>22</sub>:<sup>10</sup>

31<sub>8-13</sub>:<sup>11</sup> 4. vo: *rann* (hvk.), hús.

32<sub>3-8</sub>:<sup>12</sup> 6. vo: *feiknstafir* (es: *fácen-stafas*), töfrastafir.

32<sub>23-28</sub>: 2. vo: *vark-a*, var eg eigi.

32<sub>30</sub>—33<sub>2</sub>: 5. vo: *víðir* (kk.) sjór.

33<sub>6-11</sub>:<sup>13</sup> 3. vo: *ámáttigr* (sbr. fhþ: *amahtig*), með greininum: *hinn amáttki*, = *ámáttlegr*, ljótr, leiðr, afskræmislegr.

33<sub>19-25</sub>:<sup>14</sup> 35<sub>1-6</sub>:<sup>15</sup>.

35<sub>27-32</sub>:<sup>16</sup> 6. vo: *svæfir*, sefar, sker úr.

40<sub>10-15</sub>.—40<sub>21-29</sub>:<sup>17</sup>

41<sub>29</sub>—42<sub>2</sub>:<sup>18</sup> 6. vo: *hýnótt* (*hý* = *hjú*, sbr. hjúskapr), nóttin eða nætrnar fyrir eða eftir brullaupið.

42<sub>25-30</sub>:<sup>19</sup>.

43<sub>3-8</sub>:<sup>20</sup> 2. vo: *gunntamiðr* (*gunnr*, *temja*), orustugjarn, hergjarn. — 3. vo: *hróðigr*, ágætr.

1) Völuspá, 24. — 2) Grímnismál, 29. — 3) Fáfnismál, 13. — 4) Grímnismál 35. — 5) Grímnismál, 34. — 6) Völuspá, 22. — 7) Völuspá, 70. — 8) Vafpr. mál, 37. — 9) Lokasenna, 47 og 29. — 10) Grímnismál, 46—50. — 11) Grímnismál, 24. — 12) Grímnismál 12. — 13) Grímnismál 11. — 14) Grímnismál, 14. — 15) Grímnismál, 13. — 16) Grímnismál, 15. 17) Grímnismál 36. — 18) Skírnisfór, 42. — 19) Grímnismál, 18. 20) Grímnismál, 19.

43<sub>14-19</sub>:<sup>1</sup> 3. vo: *jörmungrund* (*jörmun* og ritað *jörmun*, sbr. es: *eormen-* í *orman-cyn* og hel: *irmin-* í *irmin-got*, hinn mikli guð, o. s. frv., táknað stærð mikilleik og þk.), hið mikla land, jörðin.

44<sub>16-21</sub>:<sup>2</sup> 6. vo: *vitnir*, úlfr; hér: Fenrisúlfr.

44<sub>30-45</sub><sup>3</sup>. — 45<sub>6-14</sub><sup>4</sup>.

47<sub>1-8</sub><sup>5</sup> 2. vo: *rökstólar*, sjá bls. 237<sub>26</sub>. — 3. vo: *ginnheilug*, sjá bls. 237<sub>27</sub>. — 6. vo: *lævi* sjá bls. 237<sub>1</sub>. — 8. vo: *Óðr*, maðr Freyju.

47<sub>9-16</sub>:<sup>6</sup> 1. vo: *gangast á*, rófna. — 2. vo: *særi* (hvk. ft.), eiðar. — 8. vo: *fregn*, fregnar, fréttir.

61<sub>22-27</sub>: 4. vo: *kykr* = kvikr, lifandi. — 5. vo: *nautk-a*, eg naut eigi. —

63<sub>20-29</sub>:<sup>7</sup> 4. vo: *sifjar*, tengðir, mægðir.

65<sub>17-24</sub>:<sup>8</sup> 6. vo: *askr*, (eski-)tré. — 7. vo: *ymr*, glymr, kveðr undir í.

65<sub>25-32</sub>:<sup>9</sup> 7. vo: *veggberg*, standbjarg; *visir* (sá er vísar veg), foringi; *veggbergs-visir*, jötnar.

65<sub>33-66</sub>:<sup>10</sup> 2. vo: *lind*, tré þaraf: skjöldr; *hefsk lind fyrir*, hefir skjöldinn fyrir sér.

66<sub>7-14</sub>:<sup>11</sup> 5. vo: *fiðl*, jötunn; *fiðl-megir*, jötnar. — 6. vo: *freki*, úlfr, ɔ: Fenrisúlfr. — 7.—8. vo: *bróðir Býleists*, Loki.

66<sub>15-22</sub>:<sup>12</sup>

66<sub>23-30</sub>:<sup>13</sup> 1. vo: *Hlín*, Ásynja; *harmr Hlínar*, dauði Óðins. — 7.—8. *angan* (kvk.), unaðr; *angan Friggjar*, Óðinn.

66<sub>31-67</sub>:<sup>14</sup> 4. vo: *valdýr*, úlfr ɔ: Fenrisúlfr. 5.—8. vo: *hveðrungr*, jötum; *hann lætr hjör* (með) *mund of standa til hjarta hveðrungs megi*, hann stefnir sverðinu með hendinni til hjarta jötunsins.

67<sub>5-12</sub>:<sup>15</sup> 3 vo: *nepr* = hneppr, knappr. — 6. vo: *heimstöð*, heimr. — 8. vo: *veur Miðgarðs*, þórr.

67<sub>13-20</sub>:<sup>16</sup> 3. vo: *eimi* (kk.), eldr. — 6. vo: *aldrnari* (kk.), sá er nærir aldr ɔ: lífið, hiti.

67<sub>22-27</sub>:<sup>17</sup> 6. vo: *vitaðr*, ákveðinn.

68<sub>8-15</sub>, 16-19 og 21-22.<sup>18</sup>

<sup>1</sup>) Grímnismál, 20. — <sup>2</sup>) Grímnismál, 23. — <sup>3</sup>) Vafpr. mál, 41. — <sup>4</sup>) Grímnismál, 44. — <sup>5</sup>) Völuspá, 29. — <sup>6</sup>) Völuspá, 30. — <sup>7</sup>) Völuspá, 48—49. — <sup>8</sup>) Völuspá, 50—51. — <sup>9</sup>) Völuspá, 52. — <sup>10</sup>) Völuspá, 54. — <sup>11</sup>) Völuspá, 55. — <sup>12</sup>) Völuspá, 56. — <sup>13</sup>) Völuspá, 57. — <sup>14</sup>) Völuspá, 59. — <sup>15</sup>) Völuspá 60 og 62. — <sup>16</sup>) Völuspá, 63. — <sup>17</sup>) Vafpr. mál, 18. <sup>18</sup>) Völuspá, 40—41.



69<sub>1-6</sub>:<sup>1</sup> 2. vo: *ve goða*, hústaðir goða. — 6. vo: *vígprot*, orustu-  
endir.

69<sub>11-16</sub>:<sup>2</sup>

69<sub>19-24</sub>:<sup>3</sup> 2. vo: *Álförðul* (kvk.) sólin. — 3. vo: *fari*, taki. gripi.

78<sub>5-8</sub>: Nú hykk<sup>1</sup> segja ítum kostu slíðrhugaðs<sup>2</sup> jarls;  
[hrostabrim Allföður<sup>3</sup> þýtr<sup>4</sup>; mér léttir síð<sup>5</sup> stríða<sup>6</sup>.

1. hygg eg. — 2. *slíðrhugaðr* (*slíðr* lo. ákafr; *hugr*), ákaflýndr,  
harðhugaðr, hraustr. — 3. *hrosti*, kk. (d. og n: *roste*), ölhituketill; *hrosta-  
brim Allföður*, öl Óðins, skáldskapr. — 4. *þýtr*, gengr í bylgyum, kemr  
hvað af öðru, rennr upp úr mér. — 5. síðla. seint. — 6. hugarstríð,  
sorg. —

78<sub>11-14</sub>: Nú er [ægis jódraugum<sup>1</sup> arnar flaug<sup>2</sup> of vangi<sup>3</sup>,  
ek hygg at (þeir) þiggi heimboð og bauga Hangagoðs.<sup>4</sup>

1. *ægir*, sjór; *ægis jör*, sjávar hestr, skip; *draugr*, drumbr, tré-  
stofn, tré; *ægis jódraugr*, m. — 2. flug. — 3. *of vangi*, yfir landið. —  
4. *Hangagoð*, Óðinn.

78<sub>16-19</sub>:<sup>4</sup> Herr lattist at ganga með [höttu Hangatýs,<sup>1</sup>  
þeim þótti-t<sup>2</sup> þekkilegt at hætta fyrir brekku.

1. *hatta Hangatýs*, hatta Óðins, hjálma. — 2. þótti eigi.

88<sub>21-24</sub>: [Stafnajarðar leiptra Baldr<sup>1</sup>, hollr skaldi, er hníg-  
inn,<sup>2</sup> hann kom mér opt at helgu fullir Hrafnásar.<sup>3</sup>

1. *stafn*, skip, *stafnajarð*, sjór; *leiptr* sjóar, gull; *Baldr* gulls, m.  
— 2. er dáinn. — 3. kom mér opt að skáldskapnum, kom mér opt til  
að kveða.

78<sub>26-31</sub> og 79<sub>1-3</sub>:<sup>5</sup> Ok jarðráðendr<sup>1</sup> á Óglói [næmdu fjörvi<sup>2</sup>  
Sigurð hinn er veitti svönum Farmatýs<sup>3</sup> [þjór Haddingjavals  
hróka<sup>4</sup>.

1. konungar. — 2. *nema fjörvi*, drepa. — 3. *Farmatýr*, byrðagoð,  
Óðinn; *svanir hans*, hrafnar. — 4. *hrókr* (kk.) fugl; *Haddingi*, vikingr;  
*val* hans, hermenn; *fuglar* þeirra, hrafnar; *þjór* hrafna, blóð.

<sup>1</sup>) Vafpr. mál, 51. — <sup>2</sup>) Vafpr. mál, 45. — <sup>3</sup>) Vafpr. mál, 47. —

<sup>4</sup>) Vígaglúms s. k. 29.3 — <sup>5</sup>) Hkr. Har. gráf. s. k. 6.1.

79<sub>4-7</sub>: Sjálfr Sigtýr<sup>1</sup> var þar í [sækiálfi Atals dýra<sup>2</sup>; goð stýrðu þeim [þrafna byrjar<sup>3</sup> beima.<sup>4</sup>

1. Óðinn. — 2. *Atall*, herkonungr; *Atals dýr*, skip; *sæki-álfr*, sá er sækir; *sækiálfr skipa*, hermaðr. — 3. *þrafni* (kk.) tré; *þrafni byrjar*, skip. — 4. *beimr*, maðr.

79<sub>9-14</sub>:<sup>1</sup> Gautatýr<sup>1</sup> sendi Göndul ok Skögul at kjósa of konunga, Yngva ættar, hverr (þeirra) skyldi [fara með Óðni<sup>2</sup> ok vera í Valhöllu.

1. *Gautatýr*, Óðinn. — 2. *fara með Óðni*, deyja.

79<sub>16-19</sub>: Víðfrægr Hroptatýr ríðr at vilgi<sup>1</sup> víðu báli sonar, enn hróðrmál<sup>2</sup> liða of hvápta<sup>3</sup> mér.

1. mjög. — 2. skáldskapr. — 3. af munn.

79<sub>21-24</sub>: 2. vo: *vitinn*, ákveðinn. — 3. vo: Óðni.

79<sub>26-29</sub>. Snarr [byrjar viggjar þiggjandi<sup>1</sup> spenr<sup>2</sup> barrhaddaða<sup>3</sup> [biðkván Þriðja<sup>4</sup> und sik (með) sannyrðum<sup>5</sup> sverða.

1. *byrjarvigg*, hestr vinds, skip; *þiggjandi byrjarviggjar*, eigandi skips, maðr. — 2. *leggr*. — 3. *barhaddaðr*, (*barr*, hvk., trjáhnapp; *haddr*, kk. kounhár, há) sá, er hefir blómgud tré. — 4. *Þriði*, Óðinn; *biðkván*, kvk. (*biðja*; *kván*) vinkona þriðja, jörðin. — 5. *sannyrði*, senna; *sannyrði sverða*, vopnagnýr.

79<sub>32-803</sub>:<sup>2</sup> *hinnig*, hingað.

80<sub>5-8</sub>. Jarðhlutr<sup>1</sup> sá er bindr beinan hún<sup>2</sup> eykr<sup>3</sup> [breyti Día fjarðar<sup>4</sup> með ennidúki<sup>5</sup>. [Yggr seið til Rindar<sup>6</sup>.

1. *Jarðhlutr*, sá er hlutar út löndum, konungr, höfðingi. — 2. *hún* (kk.), ungr björn; *at binda beinan* (o: uppréttan) *hún* þótti frægðarmerki. — 3. *eykr*, gefr. — 4. *Diar*, kk. ft. (sbr. l. *divus*) goð; *Día fjörðr*, goðaveigar, skáldskapr; *breytir DÍA fjarðar*, sá er hefir tilbreytingar í skáldskap, skáld. — 5. *ennidúkr*, ennisgjörð. — 6. *Yggr*, Óðinn; *seið*, seiddi fékk ást hennar með seiði; *Rindr*, ein af Ásynjum, móðir Vala.

80<sub>10-13</sub>. Ek á at hrósa firnum<sup>1</sup> forngervum<sup>2</sup> ok þó lítlum [horna foss hlítstyggis<sup>3</sup> [farms Gunnlaðar arma.<sup>4</sup>

1. *firnum*, firna, afar. — 2. *fornum*, gömlum. — 3. *hlítstygg*, sá er eigi vill hlíta öðrum, trúir bezt sjálfum sér. — 4. *Gunnlöð*, dóttir

1. Hkr. Há. s. góða, kap. 32<sub>1</sub>, í Hákonarmálum. — 2. Hákonarmál, 14.

Suttungs jötuns; *farmr arma Gunnlaðar*, Óðinn; *hornafoss*, vín, mjöðr; *hornafoss Óðins*, skáldamjödurrinn, skáldskapr.

80<sub>15-18</sub>: Þar hykk<sup>1</sup> Valkyrjur ok hrafna fylgja svinnum [sigrunni sylgs heilags tafns<sup>2</sup>. [Hlaut innan svá minnum.<sup>3</sup>

1. hygg eg. — 2. *sylgr*, drykk; *tafn*, agn; herfang; *sylgr heilags tafns*, hinn heilagi hertekni drykk; skáldamjödurrinn; *sigrunnr* (o: sigrviðr) *skáldamjaðarins*, Óðinn. — 3. Þessi lína er úr stefinu, og verðr því eigi skýrð.

80<sub>20-27</sub>:<sup>1</sup> 2. vo: *bróðir Vilis*, Óðinn. — 4. vo: *sjá*, sé. — 5. vo: *Mins-vinr*, Óðinn. — 8. vo: *telk*, tel ek.

80<sub>28-31</sub>:<sup>2</sup> Úlfs bagi<sup>1</sup>, vanr vígi, of gafumk<sup>2</sup> vammí firða<sup>3</sup> íþrótt.<sup>4</sup>

1. *Úlfs bagi*, sá er stendr á móti, berst við Fenrisúlfr, Óðinn. — 2. *gafumk*, gaf mér. — 3. *vammí firða*, lýtalausa. — 4. o: skáldskaparlistina.

81<sub>1-4</sub>: Framr Valgautr<sup>1</sup>, tamr<sup>2</sup> [valdi hrannvala fannar brauta salar<sup>3</sup>, vér eigu gjalda þér [Fals veigar<sup>4</sup>.

1. Óðinn. — 2. vanr, vanr við. — 3. *hrannvalr*, bylgjufálki, skip; *hrannvala fönn*, bylgja; *braut* bylgju, sjór; *salr* sjóar, himinn; *vald* himins, stjórn á himninum. — 4. *Falr*, dvergr; *Falsveigar*, skáldskapr.

81<sub>6-9</sub>: Ek mun hljóta at [ausa austr víngnoðar Hertýs<sup>1</sup> fyrir [flausta örþeysi<sup>2</sup>, [né hlítik frýju of þat.<sup>3</sup>

1. *Hertýr*, Óðinn; *víngnoð Hertýs*, vínker Óðins, Óðrærir; *austr Óðræris*, skáldskapr; *ausa austr víngnoðar Hertýs*, yrkja. — 2. *flaustur* og *flaust* (hvk.), skip; *flausta örþeysir*, m. — 3. *né hlítik frýju of þat*, og eigi læt ek frýja mér hugar til þess (o: að yrkja).

81<sub>11-14</sub>. Kostigr<sup>1</sup> Heimdallr ríðr hesti at kesti þeim, er goð hlóðu of<sup>2</sup> fallinn mög<sup>3</sup> kynfróðs<sup>4</sup> Hrafnfreistaðar.<sup>5</sup>

1. kostamikill, hraustr. — 2. yfir. — 3. o: Baldr. — 4. *kynfróðr*, kynjafróðr, margvitr. — 5. *Hrafnfreistaðr*, Óðinn.

81<sub>16-25</sub>:<sup>3</sup> 7. vo: *strá* (es: *streoujan*; e. *strew*) *bekki*, leggja strá á bekkina. — 8. vo: *leyðra*, þvo. — 10. *sem vísi komi*, sem konungr kæmi.

81<sub>27-30</sub>. Ek bið ungr algildan [allvald Yngva aldar<sup>1</sup> halda of mér [ýs bifvangi<sup>2</sup>. Hroptr<sup>3</sup> fór með<sup>4</sup> Gungni<sup>5</sup>.

1. *Yngva öld*, þjóð Yngva, Noregsmenn eða Svíar; *allvaldr*, kon-

ungr; *allvaldr Yngva aldar* er líkl. Haraldr Gráfeldr Noregskonungr. — 2. *Ýr* (kk.), bogi; *ýs bifvangr*, hreifjörð boga, hönd. — 3. Óðinn. — 4. *fór með*, hafði, bar. — 5. *Gungnir*, geir Óðins.

81<sub>33</sub>—82<sub>2</sub>: Þar er Háreks liðar<sup>1</sup> váru höggðir sagði hlífarstygg<sup>2</sup> Hliðskjálfar gramr<sup>3</sup> hitt er hugði sjálfum (o: þeim)<sup>4</sup>.

1. *liðar*, þeir er veita e-m lið, menn e-s. — 2. *hlífarstygg*, sá er reiðr er við hlífar, orrustugjarn. — 3. *Hliðskjálfar gramr*, Óðinn. — 4. það, er hann hafði ákveðið þeim.

82<sub>4-7</sub>: Hinn<sup>1</sup>, er Farmagnuðr<sup>2</sup> bar fljúgandi or sökkdöllum<sup>3</sup> Surts<sup>4</sup>.

1. skáldamjödurrinn. — 2. Óðinn. — 3. *sökkdalir*, djúpir dalir, Hnitbjörg, þar sem Gunnlöð gætti mjadarins. — 4. *Surtr*, jötunsheiti; hér: Suttungr.

82<sub>9-12</sub>: Þat erum<sup>1</sup> sent<sup>2</sup> at [sonr aldaföðrs<sup>3</sup> vildi snemma of freista afls við [úri þafðan<sup>4</sup> jarðar reist<sup>5</sup>.

1. *erumk*, er mér. — 2. *sent*, (3. et. núleg. t. frsh.) af *senna*; hér: segja; *þat erumk sent*, það er mér sagt. — 3. *aldaföðr* og *aldafaðir* er samsett af *öld*, tími, tíð, og *faðir*; *aldaföðr*, Óðinn; *sonr aldaföðrs* Þórr. — 4. *úr*, (hvk.) væta, suddi; *þafðan* = þæfðan; *úri þafðan*, votan. — 5. *reistr*, kk. (upphaf. *vreistr*), ef: *reistar*, (sbr. e: *wrist*) hringr; *jarðar reistr*, jarðar-hringr, Miðgarðsormr.

82<sub>14-17</sub>: Því at flestr fjölkostigr<sup>1</sup> [morðs mæringr<sup>2</sup> ræðr færa<sup>3</sup> við son Bestlu enn þú; ek væri<sup>4</sup> flestu til mærdar<sup>5</sup>.

1. margkosta, hraustr. — 2. *mæringr* (af *mærr*, ágætr), göfugmenni, höfðingi; *morðs mæringr*, höfðingi víga, hm. — 3. færra, færri hlutum. — 4. *væri*, ver, nota, neyti. — 5. til lofs.

82<sub>30-33</sub>: Ek bið hugstóran foldarvörð<sup>1</sup> heyra á [fjarðleggjar fyrða dreggjjar brim;<sup>2</sup> heyr, jarl, [Kvásis dreyra<sup>3</sup>.

1. konung eða jarl. — 2. *fjarðleggr*, bein sævar, steinn, klettr; *fyrðar* (menn) steins, dvergar; *dverga dreggjjar brim*, skáldskapr. — 3. *Kvásis dreyni*, skáldskapr.

<sup>1</sup>) Fagrskinna, bls. 16.



83<sub>1-4</sub>: [Dverga grana-bergslá<sup>1</sup> gengr of<sup>2</sup> alla [Ullar ask-sögn<sup>3</sup> þess, er [magnar hvöt<sup>4</sup> [böðvar byrgis sorgar<sup>5</sup>.

1. *granaberg*, varir; *granabergs lá*, vara lá, vara vökví; *grana-bergslá dverga*, skáldskapr. — 2. fer meðal. — 3. *Ullar askr*, skip Óðins, skjöldr; *sögn* (flokk) skjaldar, m. — 4. eykr. — 5. *böð* (kvk.), orrusta; *böðvar byrgi*, skjöldr; *böðvar byrgis sorg*, tjón skjaldar, orrusta.

83<sub>6-9</sub>: At borit væri lík bjórs bríkar<sup>1</sup> ok mitt dauðs í einn sal; rekkar<sup>2</sup> nemi [drykk Dvalins<sup>3</sup>.

1. *bjórsbrík*, kona. — 2. menn. — 3. *dvergs drykkja*, skáldskapr.

83<sub>11-14</sub>: [Gildi grjóttaldar<sup>1</sup> rær<sup>2</sup> geðreinar<sup>3</sup> Þorsteini, [bára bergmæra<sup>4</sup> glymr; ek bið [lýða kyn<sup>5</sup> hlýða.

1. *grjótöld*, steinmenn, dvergar; *gildi dverga*, skáldskapr. — 2. *rær* = hrærir, fær á. — 3. *geðrein*, geðland, hugr. — 4. Mærir, íbúar á Mæri (í Noregi), þjóð; *bergmæra bára*, bergbúa (?: dverga) alda, skáldskapr. — 5. menn.

83<sub>16-19</sub>:<sup>1</sup> Hilmir<sup>1</sup> buðumk<sup>2</sup> löð<sup>3</sup>; nú á ek hróðrs of kvöð; ek bar [Óðins mjöð<sup>4</sup> á Engla bjöð<sup>5</sup>.

1. konungr. — 2. bauð mér. — 3. *löð* (sbr. *löðun*, *laða* (gesti)), kvk. heimboð. — 4. skáldskapr. — 5. *bjöð*(r) (Ulf: *biuds*; es: *beod*; Hel: *biod*; fhþ: *biud*), eigínl. borð; hér: land; *Engla bjöð*, England.

83<sub>21-24</sub>: Hlýði (þér)! hefk<sup>1</sup> [gildi mildinga Hapta beiðis<sup>2</sup>; vér bjóðum því þagnar, at fregnum<sup>3</sup> tjón þegna.

1. *ek hef*, eg byrja. — 2. *Höpt* (ft), goð; *Hapta beiðir*, Óðinn; *mildingar Óðins*, Æsir; *gildi Ása*, skáldskapr. — 3. heyrum, fáum að vita. —

83<sub>26-33</sub>:<sup>2</sup> 1. vo: *vilja ek*, eg vili, (óh). — 3.—4. vo: *Gillingr*, faðir Suttungs; *gjöld Gíllings*, skáldskapr. — *yppik*, ek yppi, kem fram með. — 6.—7. vo: *Gálgafarmr*, Óðinn; *hverlögr Óðins*, skáldskapr.

84<sub>1-4</sub>: [Hafs vargr<sup>1</sup> eisar<sup>2</sup> fyrir vísa<sup>3</sup>; [rögnis verk<sup>4</sup> högna<sup>5</sup> mér; [alda Óðræris<sup>6</sup> þýtr aldr<sup>7</sup> við [galdra flés<sup>8</sup>.

1. skip. — 2. *eisa* (-aða, -at), þjóta á fram. — 3. konungi. — 4. *Rögnir*, Óðinn; *verk Óðins*, skáldskapr. — 5. o: hugna. — 6. *skáldskapr*. — 7. *aldr*, ávalt. — 8. *galdrflés* = gómasker, tennr, munnr.

<sup>1</sup>) Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar, 2. — <sup>2</sup>) Líkl. úr Háleygjatali



84<sub>6-9</sub>: Nú er þats<sup>1</sup> [Boðnar bára<sup>2</sup> [tér vaxa<sup>3</sup>; jöfurs þjóðir görvi<sup>4</sup> hljóð í höll ok heyrri [bergsaxa fley<sup>5</sup>.

1. þat es, það er. — 2. skáldskapr. — 3. vex. — 4. gjöri. — 5. Saxar, íbúar Saxlands, þjóð; bergsaxar, dvergar; bergsaxa fley, skip dverga, skáldskapr.

84<sub>11-14</sub>: Þér verði<sup>1</sup> ráða vingjöfum, als<sup>2</sup> oss grær [orða sád<sup>3</sup> á [Sónar sefreinu<sup>4</sup> of mæran kon<sup>5</sup>.

1. Þér verðið að. — 2. af því að. — 3. skáldskapr. — 4. sef-rein, land, er sef vex á, vatn; Sónur sefrein, skáldskapr. — 5. konr, m.

84<sub>16-19</sub>: Heyr, Egill! [Míms vinar glaumbergs strauma<sup>1</sup> mína glymja við gómasker<sup>2</sup>; [Þundar fundr<sup>3</sup> er gefinn mér.

108<sub>26-29</sub>: Þá er harðar [falls rokur<sup>1</sup> fjallgarðs of alnar við frost, ófu og teygðu elreyfar Ægis dætr.

1. fellibylir.

108<sub>31-34</sub>: Úrsvöl [Gýmis vólva<sup>1</sup> ferir opt undinna [festa björn<sup>2</sup> [í kjapta Ægis,<sup>3</sup> þar er bára brestr.

1. Rán. — 2. skip. — 3. út á rúmsjó.

109<sub>3-6</sub>: Enn úrdrifinn [sjágnípu Sleipnir<sup>1</sup> slítr brjóst [runnit rauðum steini<sup>2</sup> or munnvi hvítrar Ránar.

1. *sjágnípa*, fellisjór; *sjágnípu Sleipnir*, skip. — 2. *runnit rauðum steini*, steint rautt, málað rautt.

<sup>1</sup>) Fagrskinna 109; Fms. 6, 1401.



109<sub>8-11</sub>: Harðr elvindr hefir hrundið ört skipi frá jörðu. Snægrund<sup>1</sup> lætr [svana strindar blakk<sup>2</sup> sökkva í sog<sup>3</sup>

1. Snæland, Ísland. — 2. *svana jarðar hestr*, skip. — 3. í sæ.

109<sub>13-16</sub>: Margr stírdr keipr ríss;<sup>1</sup> enn [dorgar dynströnd<sup>2</sup> drífr í svig löndum; stög verða stundum spend fíra greipum.

1. skipið hallast á hliðina, er því er siglt. — 2. ólgusjór, brim.

109<sub>19-22</sub>: Snekkju stafnar bera goldna<sup>1</sup> grans<sup>2</sup> spönu; sú ferð er jöfri göfug; hólmfjötr<sup>3</sup> skýtr [Heita hrafn<sup>4</sup>.

1. gylta. — 2. úr greinitré. — 3. sjór. — 4. *Heiti*, sækonungr; *Heita hrafn*, skip.

109<sub>23-24</sub>: Haustköld hólmrönd hefir skotat héldum<sup>1</sup> [varar öndri<sup>2</sup>.

1. héluðum. — 2. skip.

109<sub>25-27</sub>: [Sverrigjörð svalra landa<sup>1</sup> springr sundr fyrir börðum<sup>2</sup>.

1. *þrengiggjörð svalra landa*, sjór. — 2. skipsbörðum.

109<sub>29</sub>—110<sub>2</sub>: Níu brúðir eylúðrs<sup>1</sup> [kveða hræra<sup>2</sup> hvatt hergrimmastan<sup>3</sup> [skerja grotta<sup>4</sup> út fyrir jarðarskauti, þær er fyrir löngu mólu [Amlóða lið-meld,<sup>5</sup> baugskerðir<sup>6</sup> rístr [skipa hliðar ból<sup>5</sup> [lungu barði.<sup>8</sup>

1. *eystokkr*, sjór; *níu brúðir sjóar*, Ránardætr, bylgjur. — 2. = hræra. — 3. mannskæðastan. — 4. *grotti*, kvörn; *skerja grotti*, sjór. — 5. *lið*, hvk., (g: *leiþus*), drykk; *Amlóða lið-meldr*, hið fljótandi mál *Amlóða*, sjór. — 6. m. — 7. sjór. — 8. skipi.

110<sub>5-8</sub>: Ramr reksaumr viknar í flugastraumi [Rakna bifgrundar;<sup>1</sup> [dúks böl<sup>2</sup> hrindr<sup>3</sup> rifjum,<sup>4</sup> þar stag bleikir.<sup>5</sup>

1. *Rakni*, sækonungr; *Rakna bifgrund*, sækonungs hreifjörð, sær. — 2. *dúkr*, segl; *dúks böl*, vindr. — 3. slítr. — 4. *rif*, snæri til að rífa með (o: í skautsegjum). — 5. stagrinn bliknar af sjóganginum.

110<sub>12-15</sub>: [Glens beðja<sup>1</sup> guðblíð með geislum, veðr í [gyðju ve;<sup>2</sup> síðan kemr ofan gott ljós gránserks<sup>3</sup> mána.

1. sól. — 2. *gyðju ve*, bústaðr sólar, (er hún fer til á kvöldum). — 3. gráleits.



110<sub>17-20</sub>: Hvargi er hár [vafrlogi heimskála<sup>1</sup> sveimar of vorum [beita borgar bálgrimmastum<sup>2</sup> hnossvin.

1. *heimskáli*, himinn; *vafrlogi himins*, sól. — 2. *beit*, skip; *beita borg*, sjór; *sjávar bál*, gull; *gull-grimmastr*, örlátr m.

110<sub>25-26</sub>: Ljótir Fornjóts synir tóku fyrst til fjúka.

110<sub>33-34</sub>: Ek ræð blindum manni unað þenna Vindsvals mög.

111<sub>2-5</sub>: Seimörr<sup>1</sup> sigrgæðir<sup>2</sup> var síðan í Þrándheimi þann [orms trega;<sup>3</sup> þjóð veit þínar sannar iðir.

1. örlátr. — 2. m. — 3. vetr.

111<sub>9-12</sub>:<sup>1</sup> [Úlfs tannlituðr<sup>1</sup>! (við) skulum glitra<sup>2</sup> orum sverðum upp; eigum drýgja dáð í [ðalfiska miskun.<sup>3</sup>

1. m. — 2. bregða á loft. — 3. *dalfiskr*, ormr; *dalfiska miskun*, orms líkn, sumar.

113<sub>6-9</sub>: Of þák af jöfri [bekks eld;<sup>1</sup> stillir gaf mér þat, með<sup>2</sup> [fjörnir fylli<sup>3</sup> við [fjalla ölna drykkju.<sup>4</sup>

1. *lækjar eldr*, gull. — 2. ásamt með. — 3. *fjörnir*, hjálur; *fjörnir fylli*, höfuð. — 4. *Ölnir*, son Óðins; *fjalla ölni* (= *Ötnir*), jötunn; *fjalla ölna drykkja*, skáldskapr.

115<sub>16-19</sub>:<sup>2</sup> [Brávallar fallsól Fullu<sup>1</sup> skein skaldum of allan aldr Hákonar á [fjöllum Ullar kjóls.<sup>2</sup>

1. *brávöllr*, höfuð, *fallsól höfuðs*, hnegisól höfuðs, höfuðdúkr, blæja; *höfuðdúkr Fullu*, gull. — 2. *Ullar kjólr*, skjöldr; *fjöll skjaldar*, hendr.

115<sub>22-25</sub>: Margr [morðelds fárþjóðr<sup>1</sup> of hlaut at fleiri [Freyjutár<sup>2</sup> of morgin, þar er feldum val; (vér) várurum at þar.

1. *morðeldr*, sverð; *sverða fár*, orrusta; *orrustu þjóðr*, sá er býðr til bardaga, m. — 2. gull.

115<sub>27-30</sub>: (Vér) berum [galla meginhurðar Gauts,<sup>1</sup> [þrúttinn<sup>2</sup> [dalreyðar látri,<sup>3</sup> þar er [Mardallar grátr<sup>4</sup> liggir fyrir milli skurða.

1. *meginhurð Gauts* (= *Óðins*), skjöldr; *galli* (= *tjón*) *skjaldar*, öxi. — 2. alsettan. — 3. *dalreyðr*, ormr; *orms látr*, gull. — 4. *Mardöll* = Freyja; *Freyju grátr*, gull.

<sup>1</sup>) Eigla, 47. k. — <sup>2</sup>) Hkr. Har. gráf. k. 15

115<sub>33</sub>—116<sub>2</sub>: [Róða ræfs ramsvell<sup>1</sup> [þverr eigi fyrir<sup>2</sup> [augna regni Óðs beðvinu.<sup>3</sup> Konungr eignist svá elli.

1. Róði, sækonungr; Róða ræfr, skjöldr; ramsvell Róða ræfs, sterkr is skjaldar, öxi. — 2. = er alsett. — 3. Óðs beðvina, kona Óðs, Freyja; augna regn Freyju, Freyju grátr, gull.

116<sub>4-11</sub>: Ek kná stýra<sup>1</sup> [hróðrbarni Hörnar,<sup>2</sup> hlutum dýran grip; [gjálfrs brandr<sup>3</sup> þrymr<sup>4</sup> á gullvífiðu<sup>5</sup> hlífargrandi.<sup>6</sup> Freys nipt<sup>7</sup> berr [bráa driptir móður sinnar<sup>8</sup> Gunnar svans fóstrgæðandi<sup>9</sup> unni mér [Fróða sáðs.<sup>10</sup>

1. = á, hefi til eignar. — 2. Hörn, Freyja; hróðrbarn Freyju, Hnoss, hér: öxi. — 3. sjóar eldr, gull. — 4. sitr alstaðar. — 5. gull-vöfðu, gullofnu. — 6. öxi. — 7. ɔ: Hnoss, öxi. — 8. = gull. — 9. gunnar svanr, hræfugl; hræfugls fóstrgæðandi, m. — 10. gulls.

116<sub>14-17</sub>: Buðumk<sup>1</sup> nýt varn,<sup>2</sup> þat var nálægt sjávar skála; ek of hrósa vel því [Njarðar dóttur ölbarni<sup>3</sup> vísa.<sup>4</sup>

1. ɔ: bauðst mér. — 2. = vörn, verja. — 3. Njarðar dóttir, Freyja; ölbarnd = albarn (ala; barn), eftirlætisbarn; ölbarnd Freyju, Hnoss, ɔ: öxi. — 4. konungs.

116<sub>19-26</sub>: Ógnprúðr<sup>1</sup> [Vafaðar þing þröngvir,<sup>2</sup> sá er ofrar erring,<sup>3</sup> gaf mér þróttöflga<sup>4</sup> [dóttur Vanabrúðar.<sup>5</sup> Ríkr [mækis mótvaldr<sup>6</sup> leiddi [Gefnar mey<sup>7</sup> drifna<sup>8</sup> [glóðum Gautreks svana brautar,<sup>9</sup> á beð<sup>10</sup> skaldi.

1. orrustuprúðr, hraustr. — 2. Vafaðr, Ódinn; þing Óðins, orrusta; orrustu þröngvir, m. — 3. ofra erring, eiga orrustu. — 4. sterka. — 5. Vanabrúðr, Freyja; dóttir Freyju, Hnoss, ɔ: öxi. — 6. mækis mót, sverða fundr, orrusta; mækis mótvaldr, m. — 7. Gefn = Freyja; Gefnar mey, Hnoss, ɔ: öxi. — 8. alsetta. — 9. Gautrekr, sækonungr; Gautreks svanr, skip; skipa braut, sjór; glóð sævar, gull. — 10. leiddi á beð, leiddi í eina sæng = gaf.

117<sub>1-4</sub>: Ek átti þann þriðja óniðraðan vin verstan [vazt-undirkúlu Ála rödd,<sup>1</sup> enn baztan<sup>2</sup> mér.

1. vözt, kvk. (af vað,) fiskimið; vazt-undirkúla, steinn; Áli steins, jötunn; rödd jötuns, gull. — 2. = bestan.

119<sub>25-32</sub>:<sup>1</sup> 2. vo: sveiti, blóð. — 7. vo: fjörsegi (fjör; segi, biti), hjarta.

<sup>1</sup>) Fáfnismál 32.

119<sub>33</sub>—120<sub>6</sub>:<sup>1</sup> 3. vo. *mögr*, maðr.

124<sub>6-9</sub>: Þá er [hrökkvi-áll Völsunga drekku<sup>1</sup> of hékk hrokkinn á öngli [forns Litar flotna fangboða.<sup>2</sup>

1. *Völsunga drekka*, Völsunga drykkur, eitr; *hrökkvi-áll eitra*, Miðgarðsormr. — 2. *Litr*, dvergr; *flotnar* (þeir er samflota eru e-m) *forns Litar*, jötnar; *fangboði jötna*, þórr.

124<sub>13-20</sub>: Eðr Jörmunrekr knátti at vakna við illan draum í sverða flaumi<sup>1</sup> með dreyrfáar<sup>2</sup> dróttir. Rósta varð í ranni [höfuðniðja Randves,<sup>3</sup> þá er hrafnbláir barmar Erps of hefndu harma.

1. *flaumr*, kk. (es: *fleam*; n: *flom*; holl: *fleem*), hávaði; *sverða flaumr*, orrusta. — 2. *dreyrfágaðar*, blóðugar. — 3. Jörmunreks.

124<sub>21-28</sub>: Hrævadögg<sup>1</sup> flaut of sett<sup>2</sup> á gólfi; hendr ok fœtr sóknarálfs<sup>3</sup> of kendust<sup>4</sup> höggna[r] [við sveita;<sup>5</sup> Brunn-öl-skakki<sup>6</sup> féll at höfði [blandinn<sup>7</sup> í blóði; þat er fátt<sup>8</sup> á [Leifa landa runna laufi.<sup>9</sup>

1. blóð. — 2. = *set*, rekkjur. — 3. m. — 4. menn sáu. — 5. með blóði, blóðug. — 6. *brunnölskakki* = *ölbrunn-skakki*; *ölbrunnr*, ölker; *skaki* (sbr. n: *skaka*, ausa upp nýbruggað öl) *ölkers*, sá er eys öl upp úr ölkeri, m. — 7. löðrandi. — 8. = *fátt*, málað (sjá: 261<sub>6</sub> 7. skgr). — 9. *Leifi*, sækonungr; *Leifa land*, sjór; *Leifa landa runnar*, sjóar tré, skipafloti; *lauf skipa*, skjöldr.

124<sub>29</sub>—125<sub>2</sub>: Fylkir sá [saums andvanar<sup>1</sup> [naglfarasegls siglur<sup>2</sup> standa svá, at þar gerðu gólfhökvi<sup>3</sup> gyrðan.<sup>4</sup> Þeir Sörli ok Hamðir urðu samráða<sup>5</sup> snemst barðir hálum [herðimýlum Hergauts-vínu.<sup>6</sup>

1. *saumr*, saumaskapr; *saums andvanr*, lauss við saumaskap = án bleyðis, hugrakkur. Þetta hefir að líkindum tillit til upphvatningar móður þeirra bræðra, Guðrúnar; hefir hún líklega sagt við þá, að þeim sæmdi betr að sitja að klæða-saumum, eða að vera kvenmenn, þarsem þeim dytti eigi í hug að hefna Svanhildar systur sinnar. — 2. *naglfari*, sverð; *segl sverðs*, skjöldr; *sigla*, viðr; *naglfara segls siglur*, menn. — 3. *hölkvir*, hestr; *gólfhökvir*, gólfhestr, hús. — 4. *gerðu*

<sup>1</sup>) Fáfnismál 33.

*gyrðan*, slógu hring um. — 5. samráða með sameiginlegu ráði Jörmunreksmanna. — 6. *Hergautr*, Óðinn; *vina Óðins*, jörð; *herðimýll*, harðr knöttur; *herðimýll Hergauts vinu*, harðr knöttur jarðar, steinn, grjót.

125<sub>3-10</sub>: [Stála flaums stökkvir<sup>1</sup> lét mjök styðja<sup>2</sup> Gjúka niðja þá er (þeir<sup>3</sup>) vildu nema bláserkjan<sup>4</sup> [foglhildar mun<sup>5</sup> fjörvi, ok allir<sup>6</sup> (o: vildu) launa Jónakrs sonum böllfögr<sup>7</sup> ennihögg ok [eggjar birkis götu.<sup>8</sup>

1. *stála flaumr*, orrusta; *stála flaums stökkvir*, m. (o: Jörmunrekr). — 2. *styðja* (af *stóð*), stanga, hér: = berja grjóti. — 3. o: Jónakrs-synir. — 4. brynjaðan. — 5. *foghlidr* = Svanhildar; *munr*, yudi; *munr Svanhildar*, maðr Svanhildar; Jörmunrekr. — 6. o: menn Jörmunreks. — 7. hörð. (?) — 8. *eggjar birki*, sverð; *eggjar birkis gata*, sár.

125<sub>11-14</sub>: Þat fall flotna<sup>1</sup> ok fjöld sagna<sup>2</sup> sék<sup>3</sup> á fögrum [randar botni.<sup>4</sup> Ragnarr gafumk<sup>5</sup> [Ræs reiðar mána.<sup>6</sup>

1. manna. — 2. frásagna. — 3. sé eg. — 4. *rönd*, skjaldarrönd; *randar botn*, skjöldr. — 5. gaf mér. — 6. *Rær* (eða: *Rer*), sækonungr; *Ræs reið*, skip; *máni skips*, skjöldr.

126<sub>13-20</sub>: 8. vo: *man* (hvk.) ambátt.

126<sub>21-28</sub>: 1. vo: *lúðr* (kk.) kvarnarstokkr. — 3.—4. vo: *grjá* (kvk.) = *grá*; *grjóts grjá*, kvörn; *ok of beiddu grjóts grjá gangs*, fóru að mala. — 8. vo: *hljómr* = kvæði.

126<sub>29-127 2</sub>: 1.—2. vo: *þær þulu þyt þögnhorfinnar* (o: *grjóts-grjáar* = kvarnar): *þulu* (forn þáleg tíð af *þylja*) = *þuldu*, — 3.—4. vo: eftir SG.

127<sub>3-10</sub>: 2. vo: *snúðigr*, fljótr, hraðfara. — 6. *meldr*, kk., ef. et: *meldrs* og *meldrar* (s: *müld*; n: *mælder*; sk: *melder*), mál eða korn sem mala á. — 7.—8. vo: eftir SG.

127<sub>11-18</sub> og 127<sub>19-26</sub>. (ljósar.)

127<sub>27-34</sub>: 1.—2. vo: eftir SG. — 3. vo: *kvæð ekki*, kvæð ónýtt = ónýtti, braut. — 5.—6. vo: sofit þit eigi (o: lengr), enn gaukar (o: hanar yfir húsinu).

128<sub>1-8</sub> og 128<sub>9-16</sub>. (ljósar.)

128<sub>17-24</sub>: 4. vo: *fólk* = fylking. — 5. vo: *beiddum* = veiddum.

129<sub>15-22</sub>: 7.—8. vo: eftir SG.

129<sub>23-30</sub>: 5. vo: *skorðu vit* = skorudum við, (*skora*, gjöra rauf í e-ð).

129<sub>31-130 4</sub>: 7. vo: *dólg* (kvk.), misklið, ósamlyndi; *sjötul* (af



*setja*) súa er setr; *dólgs sjötul*, kvörninn, er malar gull. svo að mein manna batna.

130<sub>5-12</sub>: 4. vo: svo mér hefir fallið létt

130<sub>13-20</sub>: 1. vo: *hendr hölda skulu* (o: vera).

130<sub>21-28</sub>: *vigspjöll*, víga-fyrirburðir.

130<sub>20</sub>—131<sub>2</sub>: 4. vo: *regingrjót*, hið helga grjót, *hörgr*. — 7. vo: *valmar* líkl. = *varmar*.

131<sub>3-10</sub>: 6. vo: *steðr* = stoðir o: súlurnar undir kvörminni. — 7. vo: járnþúnar.

131<sub>11-18</sub>: 2. vo: *Yrsu sonr* o. s. frv.: Hrólfr kraki.

131<sub>19-26</sub>: 5. vo: *skaptré*, líkl. súlurnar undir kvörminni.

131<sub>27-34</sub>: 1.—2. vo: eftir SG.

132<sub>2-9</sub>: Ek frá at fróða meyar mólu fullgóliga<sup>1</sup> grafvitnis;<sup>2</sup> [stillir lætr gulli slitna grið.<sup>3</sup> Fögr hlýr minnar öksar, felddrar við hlyn,<sup>4</sup> bera þann [Fenju meldr<sup>5</sup>; fé mjúks konungs [dýrkar bragar stýri.<sup>6</sup>

1. nógu mikið. — 2. *vitnir*, úlfr; *grafvitnir*, ormr; *orms beðr*, gull. — 3. o: konungur er örlátr. — 4. tré. — 5. gull. — 6. *bragar stýrir*, skáld; *dýrkar skáldið*, gjörðir skáldið (o: mig) dýrðlegan.

132<sub>11-12</sub>:<sup>1</sup> [Flotna fjöld<sup>1</sup> glaðar<sup>2</sup> við [Fróða mjöld.<sup>3</sup>

1. menn. — 2. glaðnar; gleðjast. — 3. gull.

134<sub>19-22</sub>:<sup>1</sup> Ullr ímunlauks!<sup>1</sup> (vér) bárum [Fýrisvalla fræ<sup>3</sup> á [hauka fjöllum<sup>3</sup> of alla Hákonar æfi. —

1. *ímun* (kvk.), orrusta; *ímunlaukr*, sverð; *sverðs Ullr*, m. — 2. gull. — 3. höndum.

134<sub>24-31</sub>: Jöfurr sær<sup>1</sup> inndrótt<sup>2</sup> sinni bjartplógaðan<sup>3</sup> [brattakr völuþakra bauga<sup>4</sup> [Yrsu burðar örð.<sup>5</sup> Lastvar landreki<sup>6</sup> eyss ljósu [Kraka barri<sup>7</sup> á hauks kálfur<sup>8</sup> sjálfum mér, [hlémildar holdi.<sup>9</sup>

1. sáir. — 2. hirð. — 3. bjartr af gullinu. — 4. *völuþakr* (*vala*, bein; *þakr*), handþakr, stöðugr á hendinni; *brattakr bauga*, hönd. — 5. *Yrsu burðar*, Hrólfr kraki; *örð*, ef: *arðar*, kvk. (sbr. *erja*, *arðr*), afrakstr; *Yrsu burðar örð*, gull. — 6. konungur. — 7. *Kraka lauf*, gulli. — 8. *hlémildar holdi*, vel alnar, feitar.

<sup>1</sup>) Höfuðlausn (í Eighu), 17. — <sup>2</sup>) Hkr. Har. gráf. s. k. 14.



135<sub>3-6</sub>: Þá er ek rauð [Ræfnis ræfr-vita<sup>1</sup> fyrir Svold til auðar, bað ek sama<sup>2</sup> baugum haugþök herfylgins Hölgga.

1. *Ræfnir*, sækonungr; *Ræfnis ræfr*, skjöldr; *viti* (o: eldr) *skjaldar*, sverð. — 2. = söma.

135<sub>9-16</sub>: 17—24 og 25—32. (ljósar)

136<sub>9-16</sub>: Gegn gramr kastar dígulfarmi<sup>1</sup> á glæstar valstöðvar<sup>2</sup> þegnum; ungr vísir gefr [armleggs eisu.<sup>3</sup>

1. gulli. — 2. hendr. — 3. gull. —

136<sub>11-14</sub>: Landfrækn [jöfurr Lundar<sup>1</sup> kná granda liðbröndum;<sup>2</sup> ek hykk-a<sup>3</sup> ræsis rekka of þrjóta [Rínar grjót.<sup>4</sup>

1. o: Danakonungr. — 2. *beineldr*, gull. — 3. hygg eigi. — 4. gull.

136<sub>16-19</sub>: Bæði [snær ok eldr sjóðs<sup>1</sup> liggir tveim megin [geima bjargblóðeisu;<sup>2</sup> ek á at mæra<sup>3</sup> [sökva stríði.<sup>4</sup>

1. o: gull og silfr. — 2. *bjarga blóð*, fjót; *bjarga blóðs eisa*, fjóts eldr, gull; *geimi* (kk.) eða *geimr*, svæði, jörð; *gulls jörð*, hönd. — 3. ágæta, víðfrægja. — 4. — *sökkvir* = *sökvir*, sökunautr; *stríðir sökva*, m.

136<sub>21-28</sub>: Hafleygr<sup>1</sup> þrymr hvert dægr of hvítum dígulskaffi,<sup>2</sup> enn [Heita blakks hlýrskildir<sup>3</sup> ræðr mildu hjarta. Áldri má bræða [skála snæ<sup>4</sup> fyrir [eldi áls hrynbrautar<sup>5</sup> [Fólka fellir<sup>6</sup> viðr<sup>7</sup> öll framræði.<sup>8</sup>

1. *sjóeldr*, gull. — 2. silfr. — 3. *Heiti*, sækonungr; *Heita blakkr*, skip; *hlýr*, hlið (á skipi); *Heita blakks hlýrskildir*, sá er skarar skip skjöldum, m. — 4. silfr. — 5. *áls hrynbraut*, hrynjandi vegr áls (o: fiskjar), sjór; *sævar eldr*, gull. Skilningin er: Konungr hefir svo mikið gull, að silfrið, sem er ódýrra, er aldrei notað. — 6. *manna fellir*, m. — 7. vinnr. — 8. ágætisverk.

136<sub>31-34</sub>: [Handa hrauns glaðsendir<sup>1</sup>! (þat) sér<sup>2</sup> á [seima rýri,<sup>3</sup> at [Hermóðr sigðis láttis<sup>4</sup> átti góðan föður.

1. *handa hraun*, gull; *handa hrauns glaðsendir*, hinn glaði gullgjafi, m. — 2. sést, er auðséð. — 3. m. — 4. *sigð*, kvk. og *sigðr* kk. (es: *sicol*; e: *sickle*; fhþ: *sihila*; h: *zikkel*; þ: *sichel*; d: *segl*), ljár; sverð; *sigði* (hvk.), sama; *sigðis látr* (= *látr*), skjöldr; *Hermóðr* (Áss) *skjaldar*, m.

137<sub>3-6</sub>: Ek þarf at njóta góðmennis<sup>1</sup> [gulls brjótanda;<sup>2</sup> hér er alnennin<sup>3</sup> inndrött<sup>4</sup> inni með [gunnar svinnum<sup>5</sup> gram.

1. = góðmenna, gæðinga. — 2. m. — 3. mjög dugleg, hraust. — 4. hirð. — 5. orrustu svinnum, hraustum.

137<sub>8-11</sub>: Gullsendir<sup>1</sup> lætr [grundar hljót<sup>2</sup> njóta [Yggs mjaðar,<sup>3</sup> þengill glaðar<sup>4</sup> herdrengi;<sup>5</sup> ek [kná hljóta<sup>6</sup> hans mæti.<sup>7</sup>

1. m. — 2. *grundar hljótr*, sá er hlýtr, fær land, konungr. — 3. skáldskapar. — 4. gleðr. — 5. hernenn. — 6. = hlýt. — 7. ɔ: hinar ágætu gjafir hans.

137<sub>13-14</sub>: Gullvörpuðr<sup>1</sup> viðr<sup>2</sup> hirð grams holla sér með gerðum.<sup>3</sup>

1. m. — 2. = vinnr, gerir. — 3. ɔ: framaverkum, ágætisverkum.

137<sub>16-19</sub>: Gullstríðir<sup>1</sup> verpr [armleggs glóðum<sup>2</sup>; konungr gefr rauðan auð; [eyðir óþjóðar<sup>3</sup> bregðr [Grana farmi.<sup>4</sup>

1. m. — 2. gull. — 3. m. — 4. gull.

137<sub>21-24</sub>: Ek gat<sup>1</sup> gullskata<sup>2</sup> tögdrápu; (hon) er gör of [bör leggs götu ginnvita gráps.<sup>3</sup>

1. orti. — 2. m. — 3. *leygr*, eldr; hér: sverð; *gata sverðs*, skjöldr; *ginnviti* (= bál) *skjaldar*. sverð; *sverðs gráp*, orrusta; *Börr orrustu*. m.

137<sub>27-30</sub>: [Kastandi reyrvengs rastar<sup>1</sup> mun lengi muna salts [Viðblinda galtar svalteigar raf-selju.<sup>2</sup>

1. *reyrvhengr*, ormr; *reyrvhengs röst*, gull; *kastandi gulls*, m. — 2. *Viðblindi*, jötunn; *Viðblinda göltr*, hvalr; *Viðblinda galtar svalteigr*, sjór; *rafr sævar*, gull; *selja* (ɔ: tré) *gulls*, k.

138<sub>4-7</sub>:<sup>1</sup> Rýgr<sup>1</sup> var alin<sup>2</sup> [fíra börnum<sup>3</sup> [at rógi;<sup>4</sup> [runnr gunnar<sup>5</sup> olli því; ek var óðgjarn<sup>6</sup> at eiga [auðs lág.<sup>7</sup>

1. *rýgr*, höfðingskona (179<sub>9</sub>) ɔ: Helga hin fagra. — 2. fædd. — 3. m. — 4. til ósamlyndis. — 5. m. — 6. óðr og uppvægr. — 7. *auðs lág*, gulls laut, k.

138<sub>9-12</sub>: Ölskála mörk<sup>1</sup>! ek [vandr verki,<sup>2</sup> hefi (með) [Óðar lokri<sup>3</sup> skafna<sup>4</sup> þér stafna vetz<sup>5</sup> staf-branda-knarrar.<sup>6</sup>

1. *ölskál*, ölker; *ölskála mörk*, k. — 2. vandr í verki, vandvirkr. —

<sup>1</sup>) Íslendinga s. (1817) II, 260.

3. *skáldskaps hefill*, tungan. — 4. heflað, fjallað um. — 5. = viðs. — 6. *branda knörr*, stoða skip; *stafn*, húsendi; *stafna branda knörr*, hús; *stef hús*, hús með stefjum í, kvæði.

138<sub>14-17</sub>: Þú, grönn [hirdísif Hjaðninga grjóts<sup>1</sup>! munt brjótast við<sup>2</sup> gæfu þinni, sem fleiri [flóðs fúrs tróður.<sup>3</sup>

1. *Hjaðninga grjót*, vopn; *Hjaðninga grjóts hirdísif*, hirdandi gyðja vopna, k. — 2. brjótast mót, standa í vegi fyrir. — 3. *fúrr*, kk. (es: *fjyre*; e: *fire*; fh: *fiúr*; þ: *feuer*; gr: *πῦρ* (pýr)) eldr; *flóðs fúrr*, sævar eldr, gull; *tróða gulls*, k.

138<sub>19-22</sub>: [Skorða fjarðbeins<sup>1</sup> var færð í föt; naddfreyr<sup>2</sup> slöng<sup>3</sup> nýrri nisting<sup>4</sup> of [mjaðar Hrist.<sup>5</sup>

1. *fjarðbein*, sjóarbein, steinn; *skorða steins* (SKM. 33. k., 111—12), k. — 2. *naddr* (kk.), skjaldarnagli; *naddfreyr*, m. — 3. o: verpr. kastar. — 4. *nisting* (kvk.), = nisti. — 5. k.

138<sub>24-27</sub>: Allir draumar mildrar [Synjar mens mjúkstalls<sup>1</sup> hafa logit at mér; sjá<sup>2</sup> [veltistoð strauntungls<sup>3</sup> [höfumk<sup>4</sup> stíltan.

1. *mens mjúkstallar*, hönd; *Syn* (o: *Ásynja*) *mens mjúkstalla*, k. — 2. sú. — o: *stoð veltistraums-tungls veltistraumr*, straunhart vatn; *tungl vatns*, gull; *stoð gulls*, k. — 4. hefir mig.

138<sub>28-31</sub>: Því at ek hefi lagit<sup>1</sup> mark [bjarkar hols hramma hrynbáls<sup>2</sup> á [full billings burar,<sup>3</sup> þaz<sup>4</sup> ek berk fram.

1. lagt, sett. — 2. *hramma hrynbál*, hrynjandi eldr handa, gull; *björk gulls*, k. — 3. *billings burr*, dvergr; *full dvergs*, skáldskapr.

139<sub>1-2</sub>: Fagrbúin [aura eik<sup>1</sup> stendr fyrir orum leiki.

1. kona.

139<sub>4-7</sub>: Ógnrakkr [álmr málma dynskúrar<sup>1</sup>! Okkra hugrekki skal-at<sup>2</sup> dvína. [Lind líns<sup>3</sup> í landi bauð svá.

1. *málma dynskúr*, orrusta; *álmr málma dynskúrar*, orrustu viðr, m. — 2. skal eigi. — 3. k.

139<sub>11-14</sub>: Enn frángleitr [stirðpinull stordar<sup>1</sup> starði fyrir borði á [reyni fólka fróns leggs<sup>2</sup> ok blés eitri.

1. *pinull*, netteinn, strengr; *stordar stirðpinull*, hinn stirði jarðar strengr, Miðgarðsormr. — 2. *fróns leggr*, jarðar bein, steinn, klettr; *fólk kletta*, tröll; *reynir trölla*, þórr.

139<sub>16-19</sub>: [Meiðr morðteins<sup>1</sup> er mörgum eyðri<sup>2</sup> í [fleina dyn.<sup>3</sup> Hjörð færð hildibörnum<sup>4</sup> Sigurði jarli hjarl.<sup>5</sup>

1. morðteinn, sverð; meiðr sverðs, m. — 2. = æðri, ágætari. — 3. orrustu. — 4. hildibarr (lo.), orrustubúinn. — 5. land.

139<sub>21-24</sub>: Hinn ríki [reykilundr randfárs<sup>1</sup>, [brumaðr hári<sup>2</sup>, stendr at miklu trausti [Ullar askpollum<sup>3</sup> austr.

1. randfár, skjaldatjón, orrusta; orrustu reyki- (= ræki-) lundr, m. — 2. hárfagr — 3. Ullar askr, skjöldr; skjaldar þoltr, m.

139<sub>26-29</sub>:<sup>1</sup> Reggbúss<sup>1</sup> bað Rýgja leggja saman randir<sup>2</sup> öndurt<sup>3</sup> rökk; [rógskýja regni<sup>4</sup> hélt haustnótt gegnum.

1. regg (hvk.), skip; reggbúss, m. — 2. leggja saman randir, hefja bardaga. — 3. öndvert. — 4. orrustu.

139<sub>31-34</sub>: [Gjöfífr<sup>1</sup> esfreyr<sup>2</sup> gekk í gulli stokkna<sup>3</sup> sæing meyar; [Hárs drífu askr<sup>4</sup> við ærin þroska.

1. örlátr. — 2. ess, hestr; esfreyr, m. — 3. búna. — 4. Hárs drífa, orrusta; orrustu askr, m.

140<sub>2-3</sub>: Brynja kvaddi svá: heill kom þú, [handar svella hlynr<sup>1</sup>!

1. handar svell, gull; hlynr gulls, m.

140<sub>5-8</sub>: Ek hefi einráðit, (at) bjóða Þorsteini ógn<sup>1</sup>, alls [ægi-börr hjörva stöðvar<sup>2</sup> ræðr böðgæði<sup>3</sup> til þess.

1. bardaga. — 2. hjörva stöð, skjöldr; ægibörr hjörva stöðvar, hinn ógrlegi skjaldaviðr, m. — 3. m.

140<sub>10-13</sub>:<sup>2</sup> Ýgr<sup>1</sup> ógnarstafr<sup>2</sup>! héltu láði [við kyn beima<sup>3</sup>, þar er hrafn né svalt-a<sup>4</sup>; hvatráðr ertu.

1. ægilegr, ógrlegr. — 2. orrustuviðr, m. — 3. með fulltingi manna. — 4. svalt eigi.

140<sub>15-18</sub>:<sup>3</sup> Ungr [auðar þorn<sup>1</sup> hlóð þunga valköstu fyrir örn, enn hirðmenn téðu<sup>2</sup> hála<sup>3</sup> arngrenni.<sup>4</sup>

1. m. — 2. téðu (þáleg t. af tjá), hjálpuðu. — 3. hála (ato.) = hálega, fjarskalega. — 4. arngrenni = arngreddir (örn; greddir, sbr. gráðugr, græðgi), sá er gjörir örn gráðuga, m.

1) Hkr., Magn. s. góða 34<sub>1</sub>. — 2) Hkr. Ól. s. helga, 160<sub>1</sub>. — 3) Hkr. Magn. s. góða, 35<sub>1</sub>.



140<sub>22-25</sub>:<sup>1</sup> Gramr háði [geira hregg<sup>1</sup> við seggi, þar er bengögl<sup>2</sup> gnúðu at [dyn Sköglar<sup>3</sup>; rauð ben fnýstu<sup>4</sup> blóði.

1. orrusta. — 2. *gagl*, hvk. (n: *gagl*), villigæs; *bengögl*, vopn. — 3. *Skögl*, Valkyrja; *Sköglar dynr*, orrusta. — 4. *fnýstu* (af *fnýsa* = *fnasa*), spýttu.

140<sub>27-30</sub>:<sup>2</sup> Ok sá halr bar hösvan<sup>1</sup> [serk hrísgrisnis<sup>2</sup> at [Hárs veðri.<sup>3</sup>

1. *höss*, þolf. et: *hösvan* (es: *hasu*; e: *hazy*; l: *caesius*), grár. — 2. *serkr hrísgrisnis*, úlfshamr. — 3. orrustu.

140<sub>32</sub>—141<sub>2</sub>:<sup>3</sup> Þá er várum ori<sup>1</sup>, þótti ek [Gunnar hyrrunnum<sup>2</sup> vel hæfr at [Hlakkar drífu<sup>3</sup>; þat er ársagt.<sup>4</sup>

1. = *æri* (fornt miðstig til *ungr*), yngri. — 2. *gunnar hyrr*, orrustueldr, sverð; *sverðs runnr*, m. — 3. orrustu. — 4. Það er (= hefir verið) sagt snemma.

141<sub>4-7</sub>: Hraustr þengill lætr [Hildar segl<sup>1</sup> taka mestum [glymvindi Göndla<sup>2</sup>; hjörr gnestr<sup>3</sup>, þar er [hagli strengjar<sup>4</sup> drífr.

1. skjöldr. — 2. *glymjandi vindr Göndlar*, orrusta. — 3. kveðr við. — 4. *strengjar hagl*, örvadrifa.

141<sub>9-12</sub>: Né fast of seðir<sup>1</sup> [serkir Hárs rómu<sup>2</sup> hleðut<sup>3</sup> [sómmeðjungum sigbjarka<sup>4</sup> við [Högna skúrir.<sup>5</sup>

1. *seðr* (og *söðr*), hluttaksorð lið. t. af úreltri sögn: *sýja* (es: *siwjan*; e: *sew*; g: *sjujan*; d: *sye*; l: *suere*), sauma; þáleg tíð (ft.): *seðu* og *söðu*. — 2. *orrustu fót*, brynjur. — 3. hlífðu eigi. — 4. *sigbjörk*, sverð; *sómmeðjungur sverðs*, m. — 5. orrustu.

141<sub>14-15</sub>: Setja [oddnets þinul<sup>1</sup> við [æsi odda-gnýs.<sup>2</sup>

1. *oddnét*, skjöldr; *oddnets þinull*, spjót. — 2. m.

141<sub>17-18</sub>: Fjandr grams hnigu und arnar hramma [at Göndlar glym<sup>1</sup>.

1. í orrustu.

142<sub>1-4</sub>: sjá 78<sub>16-19</sub>.

142<sub>6-9</sub>: Hjálmfaldinn<sup>1</sup>, gunndjarfr<sup>2</sup> Búi, hinn er fór sunnan í [gný Gunnar,<sup>3</sup> ok hjaldrörr<sup>4</sup> Sigvaldi bauð hildi.<sup>5</sup>

1. hjálmbúinn. — 2. orrustudjarfr, framgjarn. — 3. orrustu. — 4. orrustuörr, bardagasamr, bardagagjarn. — 5. orrustu.

<sup>1</sup>) Hkr: Har. s. hárf. 11. k. — <sup>2</sup>) líkl. úr Háleygjatali. — <sup>3</sup>) Korm. s. 12<sup>s</sup>.



142<sub>11-14</sub>:<sup>1</sup> Þá er [Viðurr brynju<sup>1</sup> varð at kasta hringfám<sup>2</sup> [hanga-hrynserk Róða;<sup>3</sup> [riðmarar rastar<sup>4</sup> hruðust.

1. m. — 2. bringlausum o: slitnum. — 2. *hanga-hrynserkr*, hinn hangandi gjallandi serkr; *hanga hrynserkr Róða* (o: sækonungs), brynja. — 4. *reiðhestar sjóar*, skip.

142<sub>16-19</sub>: Ólítit [hryngráp Egils vápna<sup>1</sup> brestr hart á [Hamðis skyrtum<sup>2</sup> sumum [unndýra runnum<sup>3</sup> úti.

1. *Egill*, bróðir Völundar; *vápn Egils*, bogi; *hryngráp boga*, örvadrífa. — 2. brynjum. — 3. *skipa viðum*, m.

142<sub>21-24</sub>: Þaðan verða björt Sörlaföt<sup>1</sup> fyrða rjóðast í blóði fur<sup>2</sup> [ben-meilskúrum<sup>3</sup>; ek fregn þat gjörla.

1. herhlæði. — 2. fyrir. — 3. *ben*, sár; *meilskúr* (*meil* = *mel*, málmr; *skúr*) = *málmskúr*; *ben-meilskúr*, sverða-óveðr, orrusta.

142<sub>26-29</sub>:<sup>2</sup> [Hefjendr Hlakkar tjalda<sup>1</sup> héldu saman nefjum, ok [Hildar veggs hreggnirðir<sup>2</sup> hjuggust til skeggjum.<sup>3</sup>

1. *Hlakkar tjald*, skjöldr; *hefjandi Hlakkar tjalds*, m. — 2. *Hildar veggr*, skjöldr; *Hildar veggs hregg*, skjaldar óveðr, orrusta; *Njörðr orrostu*, m. — 3. *héldu saman nefjum og hjuggust til* (með) *skeggjum*, rifust og skömmuðu hvor annan.

142<sub>31-34</sub>. Sjá 115<sub>33</sub>—116<sub>2</sub>.

143<sub>3-4</sub>: Ætt Ólafs ins helga rýðr<sup>1</sup> [skipa sólar leyg<sup>2</sup> á cegi; hrægjörn ylgr<sup>3</sup> brunar hvatt í spor örnun.

1. *rýðr af rjóða*. — 2. *skipa sól*, skjöldr; *leygr skjaldar*, sverð. — 3. úlfynja.

143<sub>6-9</sub>: Sá dagr var fríðr, er [fleygjendr alin-leygjar<sup>1</sup> þrungu<sup>2</sup> mér fögru hlýrtungli<sup>3</sup> í [hringa hangferil.<sup>4</sup>

1. *alin* = öln, handleggr; *alinleygr* handar-eldr, gull; *fleygjandi gulls*, m. — 2. þröngdu mér í hendr, gáfu mér. — 3. skildi. — 4. *hringa hangferill*, hangandi gata hringa, hönd.

143<sub>11-14</sub>: Gegn [geira gnýstærir<sup>1</sup> skaut svá í gögnum steinfarinn<sup>2</sup> [barða garð<sup>3</sup> sem næfrar; sá var Gunnar æfr.<sup>4</sup>

1. *geira gnýr*, orrusta; *geira gnýrstærir* m. — 2. o: steindan, mál-aðan. — 3. *barði*, skip; *barða garðr*, skjöldr. — 4. *Gunnr*, Valkyrja, orrusta; *gunnaræfr*, framgjara í orrustu.

<sup>1</sup>) Hkr: Ól. Tr. s. k. 43s. — <sup>2</sup>) Grettla k. 77z.

143<sub>16-19</sub>: [El Ullar skips<sup>1</sup> ganga með fullu of unga,<sup>2</sup> þar er slíðrdúkaðar<sup>3</sup> [samnagla siglur<sup>4</sup> ríða.

1. *el skjaldar*, orrusta. — 2. = Yngva ɔ: konung Yngva ættar. — 3. *slíðrdúkaðr*, harðdúkaðr, ɔ: brynjaðr, herklæddr, hervæddr. — 4. *samnagli*, sverðnagli, sverð; *samnagla sigla*, m.

143<sub>21-24</sub>: Hrafnketill! Vilit heyra hve ek skal leyfa<sup>1</sup> [ilja blað þjófs Þrúðar,<sup>2</sup> [hreingróit steini,<sup>3</sup> ok þengil.

1. = lofa. — 2. *þjófr Þrúðar*, Hrungnir; *ilja blað Hrungnis*, skjöldr. — 3. *hreingróit steini*, ɔ: steint, málað.

143<sub>26-29</sub>: Nema svá at hinn mæri mögr Sigurðar<sup>1</sup> vildi góð gjöld<sup>2</sup> ins gjalla baugnafaðs<sup>3</sup> [högna meyjjar hjóls.<sup>4</sup>

1. ɔ: Ragnar loðbrók. — 2. endrgjald, ɔ: kvæði að launum. — 3. *baugnafaðr* (*baugr*, hringr; *nöf*, gróp), kringlótt. — 4. *Högna mey*, Hildir; *Hildar hjól*, skjöldr.

143<sub>32</sub>—144<sub>2</sub>: [Ræsir brodda ferðar<sup>1</sup> sér rauðljósa baugjörð<sup>2</sup> fjúga í tvau; þjúgrend rít<sup>3</sup> hin hvíta brestr sundr.

1. *brodda ferð*, orrusta; *ræsir orrustu*, m. — 2. skjöldr. — 3. skjöldr.

144<sub>4-5</sub>: Á beru<sup>1</sup> er baugr sæmstr<sup>2</sup>, enn á boga örvar.

1. *bera*, skjöldr. — 2. á best við.

144<sub>7-10</sub>: Gunnr<sup>1</sup> svall, þá er [Gríðar glaðfæðandi,<sup>2</sup> hinn er [beldi styr,<sup>3</sup> gekk með gjallan [Gauts eld.<sup>4</sup> Uðr komst or brunni.

1. orrusta. — 2. *Gríðar glaðr*, tröllkonu hestr, úlfr; *úlf-fæðandi*, m. — 3. átti orrustu. — 4. sverð.

144<sub>12-15</sub>: Fullöflug [fjalla Hildir<sup>1</sup> lét hafsleipni<sup>2</sup> þramma<sup>3</sup> fram, enn [hjálmeida gildar<sup>4</sup> Hropts<sup>5</sup> of feldu mar.

1. tröllkona, Hyrrokkin. — 2. *hafsleipnir*, skip. — 3. ganga. — 4. *hjálmeidr*, sverð; *gildar hjálmeids*, m. — 5. *Hroptr*, Óðinn.

144<sub>17-20</sub>:<sup>1</sup> [Fyldar vörðr<sup>1</sup>, sá er varði sik fyrðum, lét at þat heinþyntan, fjornharðan<sup>2</sup> [brynju hrynelð<sup>3</sup> hvína.

1. = *foldar vörðr*, konungr. — 2. firna-harðan. — 3. sverð.

144<sub>22-25</sub>: Ek þá at ráðvöndum vísa [ís rauðra randa<sup>1</sup>, [drifinn hvarmþey Freyju<sup>2</sup>; (vér) berum hjálmsgrand<sup>3</sup> í hendi.

<sup>1</sup>) Fagsk. bls. 352.

1 sverð. — 2. *hvarmþeyr Freyju*, grátr Freyju, gull; *drifinn gulli*, greyptr (settr) gulli. — 3. sverð.

144<sub>27-30</sub>: [Ríðendr Refils foldviggs<sup>1</sup> megu rétt sjá hve drekar<sup>2</sup> liggja fagrt of skornir við [brá fjörnir gríðar<sup>3</sup>.

1. *Refils fold-vigs ríðandi*, sækunungs jarðar hests ríðandi, m. — 2. skip. — 2. *fjörnir gríðr*, hjálms tröllkona, öxi; *brá öxar*, axar-egginn.

144<sub>32</sub>—145<sub>2</sub>: Minn æfr eikinn<sup>1</sup> [marka myrkdreki<sup>2</sup> kná best at leika [á aldar lófum<sup>3</sup>, þar er ítar finnast.

1. hættulegr. — 2. *myrkdreki marka*, ormr, hér: spjót; spjót er ormr kallat. — 3. í höndum manna.

145<sub>5-8</sub>:<sup>1</sup> [Hjörs brakrögnir<sup>1</sup> skók [bogna hagi<sup>2</sup> or [Hlakkar seglum<sup>3</sup>; [óþyrmir varga<sup>4</sup> barg rakkliga fjörvi.

1. *hjörs-brak*, orrusta; *hjörs brakrögnir*, m. — 2. *bogna hagi*, örva-drífa. — 3. *Hlakkar-segl*, skjöldr. — 4. *óþyrmir varga*, sá er hegningr glöpmönnum; höfðingi.

145<sub>10-13</sub>: Ok [geirrótu götvar<sup>1</sup>, sæðar<sup>2</sup> járn, hlæðu-t<sup>3</sup> [hanga gagls hungreyðundum<sup>4</sup> við [strengjar hagi.<sup>5</sup>

1. *geirróta*, óveðr spjóta; *geirróta götvar*, vegr spjóta-drífu, brynja. — 2. *sæðr* (af *sæja* = *sýja* d. *sye*), saumaðr, dreginn. — 3. *hlæðu-t*, hlífðu eigi (sbr. skgr. 2. og 3. við 141<sub>9-12</sub>). — 4. m. — 5. örvadrífu, skotum.

145<sub>15-18</sub>:<sup>2</sup> [Hörða landvörðr<sup>1</sup>! (menn) kváðu þik láta lítt geð fálma<sup>2</sup>, er brynjuhagl<sup>3</sup> brast í benjum; álmur<sup>4</sup> bugust.

1. o: Haraldr gráfeldr. — 2. bugast. — 3. o: skotvopn. — 4. bogar.

146<sub>20-27</sub>: Ok [ósk-Rán þerris æða<sup>1</sup> um hugði, at þat [boða veðr<sup>2</sup> færi til fárhuga<sup>3</sup> feðr sínum; þá er in [böls of fylða<sup>4</sup> [hristisif hringa<sup>5</sup> bar [örlýgis draugi<sup>6</sup> hálsbaug<sup>7</sup> til [byrjar drösla<sup>8</sup>.

1. *æða þerrir*, þornun æða; *æða þerris ósk-Rán*, gyðja er óskar, (vill) að blóðið í sárunum stöðvist, lækni-gyðja, hér: Hildir Högnadóttir. — 2. orrusta. — 3. tjóns. — 4. sorgbitni. — 5. k. — 6. *örlýgi*, orrusta; *orrustu draugr*, m. — 7. hálsmen. — 8. *drasill*, hestr; *byrjar drasill*, skip.

<sup>1</sup>) Hkr. Har. gráf. k. 64. — <sup>2</sup>) Sst. k. 13.

146<sub>28</sub>—147<sub>2</sub>: Sú [bætiþrúðr dreyrugra benja<sup>1</sup> bauð-a<sup>2</sup> mætum hilmí men til bleyði at [málma móti;<sup>3</sup> svá lét æ sem letti orrustu með jöfrum, þótt (hún) etti<sup>4</sup> at sinna úlfs algífris lifru<sup>5</sup>.

1. *bætiþrúðja blóðugra sára*, = Hildr Högnadóttir. — 2. bauð eigi. — 3. orrustu. — 4. etti þeim saman. — 5. *algífri*, altröll; *algífris úlfr*, Fenrisúlfr; *lifra Fenrisúlfs*, Hel; *sinna Hel* (*sinna e-m*, láta sér annat um e-n) = berjast.

147<sub>3-10</sub>: [Landa vanr<sup>1</sup> lýða stillir letr-at<sup>2</sup> höð<sup>3</sup> (at) stöðva [glamma mun<sup>3</sup> á sandi; þá svall heipt í Högna, er þróttig [þremja regin<sup>4</sup> sóttu heldr [Héðins þrym<sup>5</sup>, enn þeir of finga svika hringa Hildar.

1. án landa, 2: Héðinn. — 2. letr eigi. — 3. orrustu. — 4. *glammí*, úlfr; *úlfs munr*, úlfs eftirlangan, bráð. — 4. m. — 5. orrustu.

147<sub>11-18</sub>: Ok fengeyðandi fljóða fordæða<sup>1</sup> nam ráða á hólmi fyrir hönd [brynju hveðru Viðris.<sup>2</sup> Allr herr raðálfs<sup>3</sup> gekk fram reiðr at skeiði und kyrrar [hurðir Hjarranda<sup>4</sup> af bráðum [Reifnis mar.<sup>5</sup>

1. vond kona. — 2. *Hveðra*, tröllkona; *brynju hveðra*, öxi; *Viðris* (2: *Óðinn*) *öxar*, m. — 3. m. — 4. *hurð Hjarranda*, skjöldr. — 5. *Reifnis marr*, sækunungs hestr, skip.

147<sub>19-22</sub>: Þá sókn má kenna á [Svölnis salpenningi<sup>1</sup> [ok fjöld sagna; Ragnarr gafumk Ræs reiðar mána.<sup>2</sup>

1. *Svölnis salr*, Óðins salr, Valhöll; *penningr Valhallar*, skjöldr. — 2. sjá skgr. til 125<sub>11-14</sub>.

147<sub>25-28</sub>: Fordum rudda ek (2: jörð) mér til handa, sem jarlar, orð lék á því með [Viðris vandar veðr stöfum.<sup>1</sup>

1. *Viðris vöndr*, sverð; *Viðris vandar veðr*, orrusta; *orrustustufr* m.

148<sub>3-6</sub>: Harðráðr [hrjóðr ins bleika báru fáks<sup>1</sup> lét barnungr [hæstrar tíðar<sup>2</sup> þrungit<sup>3</sup> [skipa börðum<sup>4</sup> á lög.<sup>5</sup>

1. *bleikr báru fákr*, skip; *hrjóðr skips*, m. — 2. með mestu heppni. — 3. hrundið. — 4. = skipum. — 5. sjó.

148<sub>8-11</sub>: Enn þótt öll þjóð segi skaldi ófrið (at) sunnan, nennum<sup>1</sup> vær glaðir, (og) hlöðum þenna [Geitis mar<sup>1</sup> grjóti.

1. 2: erum. — 2. *Geitis marr*, sækunungs hestr, skip.

148<sub>13-16</sub>: Sigrakkr Sveins mögr! (þú) komt súðlögum



[Sveiða hreinum<sup>1</sup>, á [tröð Sölsa bekkjar<sup>2</sup>; [sunds dýr<sup>3</sup> liðu frá grundu.

1. *Sveiða hreinn*, sækonungs hreindýr, skip, — 2. sjór. — 3. skip.

148<sub>19-26</sub>: [Sólborðs goti<sup>1</sup> lét sveggja<sup>2</sup> fyrir norðan Siggju; gustr skaut [glaumi Gylfa rastar<sup>3</sup> suðr fyrir Aumar. Enn síðan lagði [sæðings slóðgoti<sup>4</sup> bæði Körmt og Agðir fyrir skut; [hestur lauks<sup>5</sup> óð fyrir Lista.

1. skip. — 2. = *sveggja*, ɔ: beygði. — 3. skip. — 4. skip. — 5. skip.

148<sub>30-149</sub><sub>4</sub>: [Rastar vetrliði<sup>1</sup> óð fast [fannir fjarðlinna<sup>2</sup>; [rann-íugtanni<sup>3</sup> hljóp of [hvíta-gnípur hvals.<sup>4</sup> [Björn flóðs<sup>5</sup> gekk fram á fornar [slóðir hafskíða<sup>6</sup>; skúrörðigr [skorðu bersi<sup>7</sup> braut [glymfjötur skers.<sup>8</sup>

1. skip. — 2. sæ. — 3. = *hrannabjörn*, skip. — 4. sæ. — 5. skip. — 6. sæ. — 7. skip. — 8. sæ.

149<sub>9-12</sub>:<sup>1</sup> Súð<sup>1</sup> sneið fyrir víða Sikiley; þá várum príúðir. [Vengis hjörtr<sup>2</sup> skreið vel brýnt til vánar und drengjum.

1. skip. — 2. skip.

149<sub>14-17</sub>: [Baugi friðstökkvir<sup>1</sup>! þýðr drengr getr þeygi vera lengi með þér, nema nökkut fylgi því. Búum [elg flóðs<sup>2</sup>.

1. *hrings frið-eyðir*, m. — 2. skip.

149<sub>19-22</sub>: Hengiligr kinngrár karl! hvat mantu mega vinna með drengjum á [hafs otri<sup>1</sup>? því at kraptr þinn förlast.

1. skipi.

149<sub>24-27</sub>: Enn hoddvönuðr<sup>1</sup> hlýddi Þorsteini; ek em hollr [runni hlunnvitnis<sup>2</sup> til heinvandils hernaðar spjalla<sup>3</sup>.

1. m. — 2. *hlunnvitnir*, skip; *runnr skips*, m. — 3. *heinvandill*, sverð; *hermðar spjöll*, þræta, senna; *sverða senna*, orrusta.

148<sub>30-33</sub>:<sup>2</sup> Ungr<sup>1</sup> fór [Meita skíði<sup>2</sup> mjök síð um dag með jöfnu gengi at móti frörnum útvers hersi<sup>3</sup>.

1. m. ɔ: Eiríkr jarl Hákonarson. — 2. skipi. — 3. ɔ: Skopta hersi.

150<sub>1-4</sub>: Ok Högna lið ók [hlunns vögnum<sup>1</sup> á [Heita fannir<sup>2</sup> at móði ept<sup>3</sup> ítrum [stökkvi hyrjar flóðs.<sup>4</sup>

<sup>1</sup>) Hkr, Har. harðr. s. 15. k. — <sup>2</sup>) 1. Hkr, Ol. Trygg. s. 201.



1. skipum. — 2. sæ. — 3. = eftir. — 4. m.

150<sub>6-9</sub>: Hoddsviptir<sup>1</sup>! [hlæðir hlunns hafreiðar<sup>2</sup>, sá er fékk hæsta giptu Hvíta-Krists, [var í skírnar brunni.<sup>3</sup>

1. m. — 2. *hlunns hafreið*, skip; *hlæðir* (sá er hleðr) *skips*, m. — 3. var skírðr.

150<sub>16-19</sub>: Kveða (Krist) sitja suðr at Urðarbrunni. [Ramr setbergs banda<sup>1</sup> [Róms konungr<sup>2</sup> hefir svá remdan sik böndum.<sup>3</sup>

1. *setbergs bönd*, forynjur; *ramr setbergs banda*, sá sem er máttugr ámóti forynjnm (o: heiðingdómi og hjátrú) = Kristr. — 2. o: Kristr. — 3. hefir þannig tryggt veldi sitt, það stendr öruggt.

150<sub>21-24</sub>: Mátttr [munka dróttins<sup>1</sup> er mestr; Guð aflar flestu; ríkr Kristr skóp alla veröld ok reisti Róms höll.

1. *munka dróttinn*, Kristr.

150<sub>26-29</sub>: [Gramr glyggranns<sup>1</sup> skóp grund ok himna, sem dyggvan her; Kristr, stillir aldar, má einn of valda öllu.

1. *glyggrann*, vindahús, himinn; *gramr himins*, Kristr.

150<sub>31-34</sub>: [Ferð hróz (= hróts) heims<sup>1</sup> ok lið beima lýtr helgum krúzi<sup>2</sup>, enn öll önnur sönn dýrð er ein Maríu sveini.<sup>3</sup>

1. *hrót*, hvk. (Ulf: *hrót*), þak; *heims hrót*, himinn; *ferð heims hróts*, himinbúar, o: englar og sælir menn. — 2. = krossi Krists. — 3. *Maríu sveinn*, Kristr.

151<sub>2-5</sub>: Hrein hirð himna lýtr dýrðar-sveini Maríu; [mild-ingr dróttar<sup>1</sup> viðr sannan mátt; hann er maðr ok guð.

1. = *stillir aldar*, konungr manna, o: Kristr.

151<sub>7-10</sub>: Mætr mátttr Guðs vinar<sup>1</sup> er betri enn menn of hyggi; þó er örr [engla gramr<sup>2</sup> öllu helgari og dýrri.

1. o: þess manns sem elskar Guð, guðsmanns. — 2. o: Kristr.

151<sub>12-15</sub>: [Jórdanar gramr<sup>1</sup> réð endr<sup>2</sup> senda fjóra engla or lopti; hann<sup>3</sup> þó<sup>4</sup> fors<sup>5</sup> heilagtr skopt<sup>6</sup> á hersi<sup>7</sup>.

1. Kristr eða heldr: Guð. — 2. forðum. — 3. o: Jóhannes skírari. — 4. *þó* (forn þáleg tíð af *þvo*), þvoði, o: þá er hann skírði Krist. — 5. *fors*, vatn. — 6. *skopt*, hvk. (Ulf: *skuftr*; fhþ: *skuft*; þ: *schopf*) hátr. — 7. o: himna eða þk. = Kristi.

151<sub>17-20</sub>: Ek hefi bænir fyrir [beini bragna falls<sup>1</sup> við snjallan [vörð Grikkja og Garða<sup>2</sup>; svá launak<sup>3</sup> jöfri gjöf.

1. *bragna fall*, orrusta; *beinir orrustu*, m. — 2. *vörðr Grikkja ok Garða*, Kristr. — 3. *launa eg*.

151<sup>22-23</sup>: Himins dýrð lofar [hölda stillir<sup>1</sup>; hann er konungr alls.

1. = *aldar stillir*, o: Kristr.

151<sup>26-29</sup>:<sup>1</sup> Líkbjartr [umgeypnandi alls heims<sup>1</sup>, sá er gætir landfólks, lét opna himinríki fyrir snjöllum gram.

1. *umgeypnandi (um; gaupn) alls heims*, sá er hefir allan heiminn meðal handa sér, o: ræðr öllum heimi, Kristr.

152<sup>6-9</sup>: sjá 78<sup>31-79</sup> 2.

152<sup>11-14</sup>: Hilmir und hjálmi rauð [heina laut<sup>1</sup> á Gautum; [grundar vörðr<sup>2</sup> var þar of fundinn í [geira gný.<sup>3</sup>

1. sverð. — 2. konungr. — 3. orrustu.

152<sup>16-19</sup>: Hárr, hugreifr hirðarstjóri<sup>1</sup> skyli<sup>2</sup> leyfa sonum arf ok óðaltorfu sína; þat er mín ósk.

1. konungr. — 2. *skyli*, óh.

152<sup>21-24</sup>: Geðsnjallr foldvörðr<sup>1</sup> berr [snáka fald<sup>2</sup> of [skarar fjalli<sup>3</sup>. Greppr<sup>4</sup> telr frama Hörða konungs fyrir fræknum gumnum.

1. konungr. — 2. = *ægishjalm*. — 3. *skararfjall*, höfuð. — 4. skáld.

152<sup>33-153</sup><sup>32</sup>: Nemi drótt jarla, hve snarlyndr konungr sótti sjá; ofvægjan<sup>1</sup> gram þraut eigi (at) [bægja við ægi.<sup>2</sup>

1. *ofvægr* = *óvægin*. — 2. vera í sjóferðum.

153<sup>29-32</sup>: Heill, sóknörr konungr! ok svá þínir snjallir húskarlar. Menn hafa minn óð í munn, [gjörvan við lof<sup>1</sup>

1. gerðan til lofs.

154<sup>1-4</sup>:<sup>2</sup> Fullafi<sup>1</sup> [beið fyllar hilmis stóls;<sup>2</sup> ek finn, at minna húskarla lið drífr opttr á hæla jarli.

1. m, o: Einar þambarskelfir. — 2. o: hann vænti eftir, að verða konungr.

154<sup>7-10</sup>: Ek frá [verðung jöfurs<sup>1</sup> gjörðu þat víg nýla<sup>2</sup> á vatni, at ek tel næst engin smæstu nadda-el.<sup>3</sup>

<sup>1</sup>) Geisli Einars pr. Skúl. 16. — <sup>2</sup>) Hkr, Har. harðr. s., k. 44 1.

1. hirðmenn. — 2. ɔ: nýlega. — 3. orrusta.

154<sub>12-15</sub>:<sup>1</sup> Þági<sup>1</sup> var á þessum [strengjar jó<sup>2</sup> [fyrir málma kveðju<sup>3</sup>, sem mær bæri mjöð [heiðþegnum<sup>4</sup> þengils.

1. = þá eigi. — 2. skipi. — 3. sökum vopnagnýs. — 4. hirðmönnum.

154<sub>18-21</sub>: sjá 137<sub>3-6</sub>.

154<sub>24-27</sub>: Gunnríkr<sup>1</sup>, heiptbráðr [grams rúni<sup>2</sup>, hinn er líkar hvöt, lætr hamri slegnar [Högna váðir<sup>3</sup> glymja of sik.

1. hraustr. — 2. vinr konungs. — 3. *Högna váðir*, herklæði.

154<sub>29-32</sub>: [Buðlungs máli<sup>1</sup> lætr húflangan [viðjar stjó<sup>2</sup> styðja sér [hlemmisverð stáls<sup>3</sup> við harðri [dúfu.<sup>4</sup>

1. vinr konungs. — 2. skip. — 3. bugspjót. — 4. *dúfa*, alda.

155<sub>1-4</sub>: Þung mein taka mik, enn mínir ungir synir bera sín, [of enda<sup>1</sup> þess morðkends [þengils sessa.<sup>2</sup>

1. sökum dauða. — 2. ɔ: jarls.

155<sub>6-9</sub>: sjá 107<sub>16-21</sub>.

155<sub>11-14</sub>: Örr sonr [sannreynis Haralds<sup>1</sup> heyri á! Læt uppi mína [fentanna Sýrar greppa jastrín.<sup>2</sup>

1. *sannreynir Haralds* (ɔ: hárfagra), = Sigurðr jarl Hákonarson. — 2. *fentönn*, bein sævar, steinn, klettr; *Sýr* (ɔ: Freyja) *kletta*, tröllkona; *greppar* (ɔ: *menn*) *tröllkvenna*, jötnar; *jastrín*, (*jastr* eða *jast* (hvk.), gerð; *Rin*), öl; *jastrín greppa Sýrar fentanna*, skáldskapr.

155<sub>17-20</sub>: [Járnsaxa veðr<sup>1</sup> vex Ólafs feðr, hvert harðræðit, svá at hróðrs er vert.

1. orrusta.

155<sub>22-25</sub>: Jarisleifr of sá, hvert jöfri brá; hlýri hins helga grams hófsk.

155<sub>27-30</sub>: [Haukstalla konr<sup>1</sup>, bróðursonr Haralds, sá er [brá of alla,<sup>2</sup> er andaðr.

1. *haukstallar* (es: *heage-steald*), höfðingi. *konr höfðingja* = ættmaðr höfðingja. — 2. tók öllum fram.

155<sub>32-156</sub>: Herþarfr [heita konr<sup>1</sup> [réð gjörva<sup>2</sup> hljóti<sup>3</sup> við mik; styrk jarls mægð lét oss of orkat frægðar af því.

<sup>1</sup>) Hkr, Ól. helga s.. k. 481.

1. *Heiti*, herkonungr; *kour Heita* == hraustmenn. — 2. == gerði.  
— 3. *hljóti* (hvk.) == *hleyti*. mægd.

156<sub>4-7</sub>:<sup>1</sup> Þunngjör sverð bitu [ramlig fólk<sup>1</sup> fyrir sunnan Mön, enn þú kind<sup>2</sup> ins gamla Rögnvalds, þurðir<sup>3</sup> þar und randir.

1. brausta menn. — 2. afkvæmi. — 3. *þurðir*, af *þyrja* == þeysa.

156<sub>9-12</sub>: Guð firr meinum ítran ættböcti allríks Torf-Einars! Ek bið dýrum tiggja trúra líkna.

156<sub>14-17</sub>: Né mun hinn mildri ógnherðir<sup>1</sup> verða Hilditanns ættstuðill; ek em skyldr at halda hróðri<sup>2</sup> ættar.

1. m. — 2. == heiðri.

157<sub>10-13</sub>: Ek geri hróðr of mæran mög Sigröðar; ek galt hánum meirr fleira [haptscænis heið<sup>1</sup>. Þórr sitr í reiðu.

1. *haptscæni*, (*hapt*; *són*), fríðun goðanna, skáldskapr; *heiðr skáldskapr*, lofkvæði.

157<sub>15-18</sub>:<sup>2</sup> Skjöldhlynr<sup>1</sup> lét mjök margar snekkjur, sem knörru og skeiðar, dynja á brim; [mærdar örr óðr<sup>2</sup> skálds vex.

1. m. — 2. == lofkvæði.

157<sub>20-23</sub>: Þar kemr á til sævar; enn öri<sup>1</sup> bar ek endr mærd af hendi; ek ofra svá lofi sverðregns<sup>2</sup> þegna.

1. yngri, o: er eg var á yngri árum. — *sverðregn*, orrusta.

157<sub>25-28</sub>: Ek hefi miklu minni orðgnótt, enn ek mundi kjósa; þat finnum opt; Ek tel fram leyfð<sup>1</sup> lofða fyrir ljósri.<sup>2</sup>

1. == lof. — 2. o: mey.

157<sub>31-33</sub>:<sup>3</sup> [Geira veðrmildr<sup>1</sup> Eiríkr dregr land und sik at [mun banda<sup>2</sup>, ok semr hildi.

1. orrustugjarn. — 2. vilja goðanna.

158<sub>1-4</sub>: sjá 102<sub>31-34</sub>.

158<sub>6-7</sub>:<sup>4</sup> Ek kveð rammaukin<sup>1</sup> rögn<sup>2</sup> magna<sup>3</sup> ríki Hákonar.

1. máttug. — 2. goð. — 3. auka.

158<sub>9-12</sub>: [Jólna sumbl;<sup>1</sup> enn vér gátum stillis lof sem steinabru.

1. skáldskapr.

<sup>1</sup>) Orkn. s. k. 131. — <sup>2</sup>) Hkr, Ól. Trygg. s. k. 402. — <sup>3</sup>) Hkr, Ól. Trygg. s. k. 963 og k. 972. — <sup>4</sup>) Hkr, Ól. Trygg. s. k. 283.



158<sup>14-17</sup>: sjá 80<sup>5-8</sup>.

